TINNA ÞORVALDSDÓTTIR

*Hefur gaman af að para saman ólík föt*

• Tíska • Heilsa • Heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS DS






UNNUR BIRNA

*Leikur í sinni fyrstu bíómynd*

Fetar í fótspor móður sinnar

FÓLK 54










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

11. janúar 2007 — 10. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000


# Ríkisstjórn ósamstíga í þjóðlendumálinu

**Utanríkisráðherra og landbúnaðarráðherra fella sig ekki við þjóðlendukröfur ríkisins á Norðausturlandi. Jón Sigurðsson segist skilja gagnrýni á þær. Ekki er hægt að breyta kröfunum á þessu stigi málsins segir fjármálaráðherra.**

**ÞJÓÐLENDUMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra segist ekki „fella sig við“ þjóðlendukröfur ríkisins á Norðausturlandi. Hún segir að þær samræmist ekki megintilgangi þjóðlendulaganna um að kröfurnar eigi einungis að ná til svæða á hálendi Íslands. Árni Mathiesen fjármálaráðherra afhenti óbyggðanefnd kröfurnar fyrir hönd íslenska ríkisins í nóvember.

Kröfurnar eru byggðar á þjóðlendulögunum sem sett voru árið 1998. Tilgangur laganna var að skera úr um eignaréttinn á öllu landi á Íslandi. Áður voru til eigendalaus landsvæði á Íslandi, fyrst og fremst svokallaðir almenningar, til dæmis svæði á miðhálendinu. Með þjóðlendukröfunum vill ríkið kasta eign sinni á það land sem þær ná til.

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra segist frá upphafi hafa gagnrýnt kröfugerðina því hún gangi of langt. Guðni telur brýnt að fara yfir þessi mál og vissulega komi það til greina að breyta þjóðlendulögunum.

Jón Kristjánsson, þingmaður Framsóknarflokksins og fjórði þingmaður Norðausturlands, er einnig á móti þjóðlendukröfunum. Jón segir mikla óánægju með kröfurnar meðal umbjóðenda sinna á Norðausturlandi. Honum finnst óútskýranlegt að ríkisstjórnin geti gert kröfu í þinglýstar jarðir fólks, jafnvel jarðir sem fólk er nýbúið að kaupa.

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins og iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segist vera „sammála gagnrýni nafna síns að flestu leyti“. Formaðurinn segist hafa heyrt mikla gagnrýni á þjóðlendukröfurnar frá almenningi og að ríkisstjórnin vilji taka gagnrýnina til sérstakrar skoðunar. Jón vill ekki segja hvort hann sé mótfallinn þjóðlendukröfunum því hann sé bundinn trúnaði sem ráðherra og að málið sé á viðkvæmu stigi í ríkisstjórninni.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að hann sé meðvitaður um óánægjuna með þjóðlendukröfurnar en að ekki sé hægt að breyta þeim á þessu stigi málsins. Hann segir að kröfurnar sem lagðar hafa verið fram séu ekki endanlegar því fara muni fram rannsókn á þeim kröfum sem gerðar hafa verið. „Ef efnisatriði í rannsókninni leiða það í ljós að gagnrýnendur krafnanna hafi eitthvað til síns máls um að breyta þurfi kröfunum þá verði það gert á síðari stigum málsins,“ segir Árni. **- ifv**



**ÖRFIRISEY** Séð yfir Örfirisey. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fasteignir í Örfirisey:

## Milljarðakaup Lindbergs hf.

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingafélagið Lindberg hf. hefur keypt upp eignir fyrir á þriðja milljarð króna í Örfirisey að undanförnu.

„Við teljum það nauðsynlegt, til þess að koma hreyfingu á málið, að koma eignum á þessu svæði á færri hendur,“ segir Ólafur Garðarsson, einn eigenda Lindbergs, en félagið hefur frá því á sumarmánuðum síðasta árs keypt á þriðja tug fasteigna í Örfirisey, flestar við Fiskislóð.

Eigendur Lindbergs hf. eru, auk Ólafs, Gísli Steinar Gíslason, Magnús Jónatansson og Icebank hf.

Meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks í Reykjavík hefur það á málefnaskrá sinni að byggja upp íbúðabyggð í Örfirisey. **- mh/** **sjá síðu 4**



**Í TJÖRNINNI** Ökumaðurinn var á leið vestur Skothúsveg þegar bíllinn fór af brúnni og ofan í Tjörnina. Nokkuð var um umferðaróhöpp í höfuðborginni vegna snjókomunnar aðfaranótt miðvikudags. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Missti stjórn á bílnum:

## Endaði á hvolfi ofan í Tjörninni

**BÍLSLYS** Bíll fór út af brúnni við Skothúsveg og endaði á hvolfi í Reykjavíkurtjörn um tíuleytið í gærmorgun. Einn maður var í bílnum og komst hann út af sjálfsdáðum. Hann var fluttur á slysadeild en slapp án teljandi meiðsla.

Maðurinn, Gunnar Biering, sem er á níræðisaldri, var blautur og kaldur eftir volsið, enda sex stiga frost og snjór í gærmorgun. Dóttir hans, Hildur Biering, segir föður sinn sleginn, en hann hafi sloppið vel. Aðdragandi slyssins er ekki ljós en málið er í rannsókn hjá lögreglu. **- sþs**

Umsókn um uppgjör í evrum þarf að senda fyrir 1. nóvember ári fyrir gildistöku:

## Bankarnir ekki í evrur á árinu

**VIÐSKIPTI** Útilokað er að íslensku viðskiptabankarnir færi uppgjör sitt og eigið fé í evrur á árinu. Samkvæmt lögum hefði umsókn um slíkt þurft að liggja fyrir 1. nóvember á síðasta ári ef bankarnir ætluðu að færa bókhaldið og gera upp í evrum á þessu ári.

Sterkur orðrómur hefur verið uppi um að Kaupþing hygðist taka slíkt skref, en samkvæmt heimildum var aldrei lögð fram slík umsókn. Það er því útilokað að slíkt gerist á þessu ári. Forsvarsmenn Kaupþings hafa ekkert viljað tjá sig um þessa umræðu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa Glitnir og Landsbankinn ekki heldur lagt fram slíka umsókn.

Orðrómurinn spratt af því að bankarnir hafa verið að auka vægi erlendra mynta í eigin fé sínu og Kaupþing mest. Kaupþing sótti sér hlutafé undir lok síðasta árs. Yfirlýst markmið hlutafjáraukningarinnar var frekari erlendur vöxtur. Bankinn fékk því heimild til að hafa þetta fé í erlendum gjaldeyri.

Aukið vægi erlendra mynta hjá bönkunum má rekja til áhættumats bankanna af hugsanlegri veikingu krónunnar til að verja eigið fé sitt. Mikill viðskiptahalli, ójafnvægi í þjóðarbúskapnum og fyrirsjáanleg vaxtalækkun Seðlabankans eru áhættuþættir sem geta valdið veikingu krónunnar. **- hh**


FIMMTUDAGUR

**Áhugaverður Heimilisbragur**

Páll Baldvin Baldvinsson gagnrýnir ritið Heimilisbrag eftir Elsu Ævarsdóttur og Höllu Báru Gestsdóttur, prýtt myndum Gunnars Sverrissonar.



MENNING 40

**Risi á brauðfótum**

„Ferill Bandaríkjanna er auk annars markaður yfirgangi gegn öðrum löndum nær og fjær langt aftur í tímann,“ segir Þorvaldur Gylfason

Í DAG 28

**Verst klædd í Hollywood**



Britney Spears og Paris Hilton hafa verið valdar verst klæddu stjörnurnar í Hollywood.

FÓLK 46

**Leynd yfir launinum**



Aðeins sex einstaklingar vita hvað formaður KSÍ hefur í laun og meirihluti stjórnar KSÍ hefur ekki hugmynd um laun formannsins.

ÍÞRÓTTIR 50


VEÐRIÐ Í DAG




**ÞYKKNAR UPP -** Í dag verður stíf norðan átt austan til en lægir með morgninum vestan til. Bjart í fyrstu syðra en þykknar svo upp með snjókomu við suðurströndina. Éljagangur norðan og austan til. Frost 2-10 stig, mildast syðst.







## SPURNING DAGSINS



*Júlíus, þorirðu að veðja að stjórnvöld komi í veg fyrir fjárhættuspil Íslendinga á netinu?*

„Já, ég þori svo sannarlega að veðja að það gerist."

Greinargerð um fjárhættuspil verður brátt lögð fyrir dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Þar kemur fram að Alþingi þurfi að setja lög til að koma í veg fyrir að Íslendingar misnoti fjárhættuspil á netinu. Júlíus Þór Júlíusson, formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn, skrifar greinargerðina.

Guðlaugur Þór kominn heim af spítalanum:

# Allur að koma til

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég er sem betur fer allur að koma til," segir Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur. Guðlaugur brenndist illa á baki skömmu fyrir jól eftir að eldur frá sprittkerti læsti sig í skyrtu hans. Það var ekki fyrr en í gær að hann fékk að fara af sjúkrahúsinu og aftur heim í faðm eiginkonu sinnar, Ágústu Johnson, og barnanna.

Meiðsli Guðlaugs voru það mikil að taka þurfti skinn af læri hans til að græða á bakið. Guðlaugur vonast þó til að geta snúið aftur til starfa um mánaðamótin. Þangað til ætlar hann aðeins að sinna brýnustu verkefnum og ná heilsu á ný.

„Ég var lánsamur að ekki fór verr, aftur á móti hefði ég getað komið í veg fyrir að svona illa færi ef ég hefði þekkt rétt viðbrögð, það er að leggjast strax niður og velta sér til að kæfa eldinn," segir Guðlaugur en hann byrjaði á því að hlaupa út eftir að hann varð áskynja hvers kyns var. „Ég set mér það sem markmið að ljúka þessu verkefni og beita mér frekar fyrir forvörnum, svona lífsreynslu getur maður nýtt sér síðar," segir Guðlaugur og skilar innilegum þökkum til starfsfólks spítalans. - kdk



**Í FAÐMI FJÖLSKYLDUNNAR** Guðlaugur vonast til þess að komast aftur til starfa um mánaðamótin. Þangað til ætlar hann einungis að sinna brýnustu verkefnum og því að ná fullri heilsu á ný.

Loftárásir í Sómalíu:

# Háttsettur al-Kaída-liði féll

**SÓMALÍA, AP** Háttsettur liðsmaður Al-Kaída, sem hefur lengi verið eftirlýstur vegna gruns um að standa á bakvið hryðjuverkaárás á bandarísk sendiráð í Austur-Afríku, féll í loftárásum Bandaríkjahers í Sómalíu, að sögn Abdirizak Hassan, starfsmannastjóra forseta landsins.

Bandaríkjaher hefur gert að minnsta kosti þrjár loftárásir í Sómalíu síðan á mánudag og fleiri eru í vændum, að sögn Hassans.

Hann kallar eftir liðsinni Bandaríkjahers á jörðu niðri til að losna við herskáa íslamista. - sdg



**VIÐ BRYGGJU** Sjómenn bíða eftir fréttum af stærð loðnutorfunar fyrir norðan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hafrannsóknastofnunin:

# Loðna fundin á allstóru svæði

**SJÁVARÚTVEGUR Loðnuskipin Huginn VE, Beitir NK og Guðmundur Ólafur ÓF fengu öll sína fyrstu veiði á loðnumiðunum í gær. Veiddist loðnan austar en torfan sem hafrannsóknaskipin fundu í síðustu viku og vinna við mælingar á.**

**Rannsóknaskipin halda áfram mælingum sínum á loðnutorfunni í dag en vænta má niðurstöðu úr þeim fyrir helgi. Loðnan er á töluvert stóru svæði en ekki er hægt að draga þá ályktun út frá því að um mikið magn sé að ræða, samkvæmt upplýsingum frá Hafrannsóknastofnun.**

**Spáð er brælu á miðunum í dag. Loðnuskipin eru á landleið með farm sinn.** - shá

# Ráðuneytið sjálft borgi sendiherrum

**Utanríkisráðuneytið telur að Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins eigi að borga hækkun á eftirlaunum sem samið var um við tvo sendifulltrúa. Lífeyrissjóðurinn mun ekki greiða mismuninn heldur senda reikninginn til ráðuneytisins.**

**STJÓRNSÝSLA** Andstætt því sem utanríkisráðuneytið heldur fram mun Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins ekki greiða aukakostnað sem stafar af starfslokasamningum við tvo sendifulltrúa.

Utanríkisráðuneytið gerði um mitt ár 2005 samninga við tvo sendifulltrúa um þeir yrðu skipaðir sendiherrar til að bæta eftirlaunakjör þeirra gegn því að þeir bæðust svo strax lausnar og myndu hætta í árslok, eins og sagði í Fréttablaðinu á mánudag.

Að sögn Péturs Ásgeirssonar, skrifstofustjóra hjá utanríkisráðuneytinu, gerðu þessar stöðuhækkanir það að verkum að eftirlaun annars sendifulltrúans hækkuðu um 51 þúsund krónur á mánuði en um 48 þúsund krónur hjá hinum.

Aðspurður segir Pétur að utanríkisráðuneytið hafi aðeins þurft að borga sendifulltrúunum 70 þúsund króna hækkun á mánaðarlaunum þar til þeir létu af störfum í árslok 2005, þá 63 og 65 ára gamlir. Aukakostnaðurinn við hærri eftirlaun þeirra falli hins vegar allur á Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins enda eigi ríkisstarfsmenn rétt á eftirlaunum í samræmi við þau laun sem þeir fái við starfslok:



**SENDIRÁÐ NORÐURLANDANNA** Samkvæmt lögum getur utanríkisráðuneytið ekki hækkað lífeyrisgreiðslur með því að hækka laun einstaklinga stuttu fyrir starfslok.

„Það er eðli málsins að menn hækka í stöðum eftir því sem líður á starfsævina og sjóðurinn gerir auðvitað ráð fyrir því," segir Pétur.

Eitthvað virðast ráðuneytismenn þó hafa misreiknað sig. Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, bendir á að hafi ríkisstarfsmenn hlotið tiltekna stöðuhækkun innan við einu ári áður en þeir hætta störfum gildi um það sérstakar reglur:

„Ef það er gerður þannig samningur að það er verið að hækka einhverja tiltekna sjóðsfélaga sérstaklega, rétt áður en þeir fara á lífeyri, til þess að bæta lífeyrisréttindin, þá borgar launagreiðandinn kostnað vegna þess að fullu; lífeyrissjóðurinn endurkrefur það frá launagreiðanda," segir Haukur og vitnar því til áréttingar í lög um lífeyrisréttindi ríkisstarfsmanna.

Þetta þýðir að utanríkisráðuneytið fær kröfu frá lífeyrissjóðnum um að greiða umræddan mismun á eftirlaununum, samtals um 101 þúsund krónur á mánuði.

Haukur segist ekki hafa kynnt sér mál mannanna tveggja og geti því ekki upplýst hvernig greiðslum lífeyrissjóðsins til þeirra hefur verið háttað. Hann geti þó ekki sagt til um hvort utanríkisráðuneytið hafi nokkru sinni verið krafið um endurgreiðslu vegna manna eins og venjan er að gera mánaðarlega í slíkum tilfellum. - gar



**PÉTUR ÁSGEIRSSON** Skrifstofustjóri hjá utanríkisráðuneytinu segir Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins greiða 50 þúsund króna auka-eftirlaun sendifulltrúa.



**HAUKUR HAFSTEINSSON** Framkvæmdastjóri LSR segir utanríkisráðuneytið verða að greiða aukin lífeyrisréttindi hækki starfsmenn í launum innan við ári áður en þeir hætta.



**MÁLAMIÐLUN?** Minsk-búar horfa á risaskjá með frétt af viðræðum forsetanna Pútíns og Lúkasjenkos. MYND/AP

Olíudeila Hvítrússa og Rússa:

# Fullyrðingar um málamiðlun

**HVÍTA-RÚSSLAND, AP Stjórnvöld í Hvíta-Rússlandi afnámu í gær toll sem þau settu í síðasta mánuði á olíu frá Rússlandi, þegar Rússar hækkuðu verð á olíu. Áður höfðu talsmenn stjórnvalda í Minsk fullyrt að málamiðlun hefði náðst í deilunni eftir að forsetar grannlandanna tveggja, Viktor Lúkasjenko og Vladimír Pútín, ræddust við í síma í gær. Engin staðfesting fékkst á þeirri fullyrðingu hjá ráðamönnum í Moskvu.**

**Deilan hefur minnt þjóðir innan Evrópusambandsins óþægilega á hve háðar þær eru olíu og gasi frá Rússlandi.** - aa

Sementsverksmiðjan:

# Hyggjast auka framleiðslugetu

**IÐNAÐUR** Verið er að kanna möguleika á því að auka framleiðslugetu Sementsverksmiðjunnar á Akranesi um allt að 50 prósent til þess að mæta sívaxandi eftirspurn eftir sementi hérlendis.

Framleiðslugeta verksmiðjunnar á Akranesi er nú um 130.000 tonn af sementi á ári úr eigin gjalli. Hugmyndir eru uppi um að auka hana í 160.000 tonn á ári og allt upp í 200.000 tonn með því að nýta innflutt gjall.

Sala verksmiðjunnar á nýliðnu ári var um 140.000 tonn. - shá


BÍLL DAGSINS

VOLKSWAGEN GOLF 1.4

Nýskr. 05.00 - Beinskiptur - Ekinn 71 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Skelræktendur á Íslandi hyggja á framleiðslu bláskeljar við Íslandsstrendur:

# Ræktun á bláskel arðvænleg

**SJÁVARÚTVEGUR** Samtök skelræktenda telja bláskeljarækt spennandi möguleika fyrir íslenskan sjávarútveg og eftir miklu sé að slægjast.

Tilraunir með bláskeljaræktun hafa gefið góða raun hér á landi á undanförnum árum og nú eru taldar forsendur á framleiðslu í stærri stíl. Heildarneysla á bláskel á Evrópumarkaði er um 800 þúsund tonn árlega og eftirspurn eykst jöfnum skrefum.

Jón Baldvinsson, formaður Samtaka skelræktenda, segir að aðstæður á Íslandi henti mjög vel til skelræktunar. „Hvað varðar bláskelina má segja að hver einasti fjörður við strendur Íslands uppfylli kröfur um ræktun á bláskel."

Jón segir að verð á Evrópumarkaði hafi tvöfaldast á síðustu árum sem þýðir að hægt er að reka fyrirtæki í skelrækt með góðum hagnaði hér á landi. „Möguleikar okkar eru miklir vegna þess að hreinleiki og ferskleiki skipta öllu í þessari ræktun."

Skelrækt við strendur Íslands hefur verið í þróun í um 30 ár. Einkum hefur verið unnið að bláskeljarækt en fleiri skeltegundir eru taldar koma til greina. Nokkur fyrirtæki hafa verið stofnuð og hefur Norðurskel í Hrísey náð lengst en átta önnur fyrirtæki hafa stundað tilraunarækt og hyggja á frekari ræktun.

Jón segir að á næstu árum vonist skelræktendur eftir því að framleiða um 20 þúsund tonn af skel hér á landi sem skila myndi um þremur milljörðum í tekjur. - sha



**BLÁSKEL** Bláskel er ræktuð í sjó án sérstakrar fóðrunar. Skelræktun hér er mjög álitleg vegna hreinleika sjávar og stranda hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/KK





# EKKI MISSA AF ÚTSÖLU ÁRSINS

**15-70% AFSLÁTTUR AF FRÁBÆRUM VÖRUM**
**NÝTT KORTATÍMABIL**

Smáralind
BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA

Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

## GENGIÐ 01.10.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 72,00 | 72,34 |
| Sterlingspund | 139,57 | 140,25 |
| Evra | 93,51 | 94,03 |
| Dönsk króna | 12,543 | 12,617 |
| Norsk króna | 11,267 | 11,333 |
| Sænsk króna | 10,237 | 10,297 |
| Japanskt jen | 0,6036 | 0,6072 |
| SDR | 107,51 | 108,15 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
128,424

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tveir erlendir karlmenn hafa verið gripnir með fölsuð vegabréf á skömmum tíma:

# Úr sömu röð stolinna vegabréfa

**LÖGREGLUMÁL** Mál sílesks karlmanns á fertugsaldri, sem var handtekinn á Keflavíkurflugvelli á mánudag með falsað vegabréf, er ekki lengur rannsakað sem sakamál og hefur maðurinn sótt um hælisveitingu hér á landi.

Hann var að reyna að komast inn í landið á fölsku ítölsku vegabréfi sem var úr ítalskri vegabréfaröð sem hafði verið stolið óútfylltri. Að sögn Eyjólfs Kristjánssonar, fulltrúa sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, komu árvökulir landamæralögreglumenn auga á fölsunina.

Rúmenskur karlmaður sem var handtekinn á Reykjavíkurflugvelli í lok desember var með falsað vegabréf úr sömu röð stolinna vegabréfa og sá sem var handtekinn á mánudag. Hann hafði hlotið fangelsisdóm nokkrum vikum áður fyrir að hafa sett upp leynilegan afritunarbúnað á þrjá hraðbanka á höfuðborgarsvæðinu og var að reyna að flýja land til Færeyja.

Vegabréfið sem rúmenski maðurinn var með hafði áður verið notað af öðrum aðila til að verða sér úti um íslenska kennitölu. Eyjólfur segir málin þó ekki tengjast að öðru leyti og að ekki séu fleiri einstaklingar grunaðir um aðild að vegabréfafölsuninni hér á landi. - þsj



**LEIFSSTÖÐ** Landamæralögreglumenn komu auga á falsað ítalskt vegabréf sem sílesku karlmaður á fertugsaldri framvísaði við komuna til landsins á mánudag.

Tollalækkun landbúnaðarvara:

# Samkomulag til bráðabirgða

**STJÓRNMÁL Bráðabirgðasamkomulag hefur náðst milli íslenskra stjórnvalda og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um frekari tollalækkanir á landbúnaðarvörum.**

**Að sögn Jörundar Valtýssonar, sendiráðunauts í utanríkisráðuneytinu, funduðu fulltrúar Íslands með fulltrúum ESB í lok síðasta árs. Þar kom fram vilji til þess að gera viðbætur á samkomulaginu sem gert var síðasta sumar og tekur gildi 1. mars.**

**Hann segir bráðabirgðasamkomulag hafa náðst sem lagt verður fyrir aðildarríki ESB um miðjan janúar.** - sþs

Danski varnarmálaráðherrann:

# Gæslusamstarf eflt við Dani

**LANDHELGISGÆSLA Søren Gade, varnarmálaráðherra Danmerkur, kom til landsins í gær í boði Björns Bjarnasonar dóms- og kirkjumálaráðherra. Strax eftir komuna til landsins gekk Gade um borð í danska varðskipið Triton, sem liggur við Miðbakka í Reykjavíkurhöfn.**



SØREN GADE

**Í dag munu þeir Gade og Björn undirrita nýjan samning um eflt samstarf Landhelgisgæslunnar og dönsku strandgæslunnar. Gade mun auk þess heiðra starfsmenn Landhelgisgæslunnar sem unnu að björgun sjóliðanna af Triton, sem fóru í sjóinn við strand flutningaskipsins Wilson Mooga.** - aa

Vinnumálastofnun:

# Starfsmannaleiga fær frest

**VINNUMARKAÐUR** Vinnumálastofnun lætur stöðva starfsemi Geymis ehf. í Reykjavík ef fyrirtækið skráir ekki starfsemi sína í samræmi við lög. Á heimasíðu Verkalýðsfélags Akraness segir að fyrirtækið hafi leigt pólska starfsmenn á Akranesi án þess að hafa tilskilin leyfi og félagið hafi látið vita.



GISSUR PÉTURSSON

Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, segir að stjórnendur Geymis hafi frest fram á mánudag til að gera hreint fyrir sínum dyrum. Stofnunin hafi sannanir fyrir því að fyrirtækið reki starfsmannaleigu. Verði starfsemin skráð í samræmi við lög falli málið niður. - ghs

# Milljarða fasteignir keyptar í Örfirisey

**Fjárfestingafélagið Lindberg hf. hefur að undanförnu keypt upp fasteignir í Örfirisey fyrir hátt í þrjá milljarða. Miklir og spennandi möguleikar til uppbyggingar á þessu svæði í framtíðinni, segir Ólafur Garðarsson, einn eigenda Lindberg.**

**VIÐSKIPTI** Fjárfestingafélagið Lindberg hf. hefur að undanförnu keypt fasteignir í Örfirisey að verðmæti næstum þriggja milljarða króna. Samtals er um að ræða á þriðja tug eigna.

Eigendur Lindbergs eru Ólafur Garðarsson, hæstaréttarlögmaður og umboðsmaður knattspyrnumanna, Gísli Steinar Gíslason, Magnús Jónatansson og Icebank hf. Á hver eigandi fjórðung í félaginu.

Ólafur Garðarsson segir félagið horfa til hugmynda meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um framtíðaruppbyggingu byggðar í Örfirisey. „Land er í eðli sínu takmörkuð auðlind, og land í 101 Reykjavík er enn þá takmarkaðri auðlind heldur en flestar aðrar á höfuðborgarsvæðinu. Meirihlutinn í Reykjavík hefur lýst því yfir að það sé vilji til uppbyggingar íbúðabyggðar í Örfirisey. Við [eigendur Lindberg hf.] teljum það nauðsynlegt, til þess að koma hreyfingu á málið, að koma eignum á þessu svæði á færri hendur. Það eru miklir möguleikar á þessu svæði og við vonumst til þess að koma málum í farveg framkvæmda með kaupum á þessu svæði. En auðvitað eru ákvarðanir í þessum skipulagsmálum í höndum kjörinna fulltrúa Reykjavíkurborgar,“ sagði Ólafur.

Fram kemur í málefnasamningi meirihluta Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks að vinna skuli að skipulagningu byggðar í Örfirisey. Auk þess hefur starfshópur málin til skoðunar en í honum eru Björn Ingi Hrafnsson, sem jafnframt er formaður, Árni Þór Sigurðsson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gísli Marteinn Baldursson og Dagur B. Eggertsson. „Við erum meðal annars að skoða hvernig staðið hefur verið að skipulagningu sambærilegra svæða erlendis. Það liggur fyrir pólitískur vilji til þess að standa vörð um hafnarstarfsemi sem ekki stendur til að úthýsa úr vesturhöfninni. Við ætlum að skoða alla þætti, sem eru fjölmargir, er snerta þessi mál. Ég leyni því ekki að þessi viðskipti hafa verið hraðari heldur en við gerðum ráð fyrir og sýnir betur en nokkuð annað að það var rétt skref að setja þennan starfshóp á laggirnar því markaðurinn er oft á undan,“ sagði Björn Ingi.



**HÚSNÆÐI TÓNLISTARÞRÓUNARMIÐSTÖÐVAR** Daniel Pollock sést hér í húsnæði Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar sem Lindberg hefur boðist til þess að kaupa á 170 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



BJÖRN INGI HRAFNSSON



ÓLAFUR GARÐARSSON

Lindberg hefur meðal annars lagt fram 170 milljóna króna kauptilboð í húsnæði Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar sem er til húsa að Hólmaslóð 2. Jón Sævar Þorbergsson, sem séð hefur um fjármálahlið Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar, segir líklegt að húsnæðið verði selt en með því skilyrði að starfsemin fái að vera áfram í húsinu.

Hlutafélagið Raddir og bakraddir, sem Daniel Pollock og Jón Sævar eru meirihlutaeigendur í, á húsnæðið.

Flestar eignirnar sem Lindberg hefur keypt eru við Fiskislóð.

**magnush@frettabladid.isv**



**TALDI SIG HLUNNFARINN** Youssouph Bayo taldi sig hlunnfarinn áður en hann hélt af landi brott í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

Senegal-málið:

# Greiði við Youssouph

**VINNUMARKAÐUR** Davíð Freyr Rúnarsson, framkvæmdastjóri Reykjavíkurverktaka, segir að hann hafi verið með Youssouph Bayo frá Senegal í vinnu 8.-28. desember og greitt honum fyrirfram tæplega 70 þúsund krónur. Hvar Youssouph hafi unnið frá júlí fram í desember viti hann ekki.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Youssouph hefði farið úr landi í gærmorgun án þess að hafa fengið launin sín. Bæði Davíð og Már segjast hafa verið að gera Youssouph greiða og hjálpa honum hér á landi. Már hafnar því að hann hafi verið í vinnu hjá sér. Hann hafi hins vegar leyft honum að búa í herbergi á sínum vegum. - ghs

Amnesty International:

# Mótmæli á Austurvelli

**MANNRÉTTINDI Íslandsdeild Amnesty International boðar til útifundar á Lækjartorgi klukkan 17 í dag og eru allir velkomnir.**

**Fundurinn er haldinn til að vekja athygli á mannréttindabrotum í Guantánamo-fangabúðunum og krefst Amnesty þess að þeim verði lokað og föngunum annaðhvort sleppt eða þeir ákærðir**

**Amnesty hvetur ríkisstjórnina og Alþingi til að fordæma búðirnar opinberlega.** - kóþ






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

ÁFRAM KALT
Þrátt fyrir nokkurn lægðagang við landið verður áfram kalt. Og þar sem lægðum fylgir oft úrkoma eru horfur á snjómuggu hér og hvar næstu daga. Á hinn bóginn nálgast landið á sunnudag nokkuð hlý lægð með ákveðna suðaustan átt og bendir margt til að hún muni ná að hrekja að nokkru mesta kuldann syðra og koma hitastiginu upp í þetta 2-3 gráður.

VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG
Norðan 5-10, stífastur fyrir hádegi og síðan aftur í kvöld. Bjart í fyrstu en síðan þykknar upp. Frost 4-6 stig.







um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 7°C rigning | London | 13°C rigning | Alicante | 19°C heiðskírt |
| Þórshöfn | 7°C skúrir | París | 12°C skúrir | Mallorca | 15°C heiðskírt |
| Osló | 1°C snjóél | Frankfurt | 11°C alskýjað | Algarve | 18°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 1°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 7°C léttskýjað | Krít | 17°C heiðskírt |
| Gautaborg | 7°C rigning | Berlín | 8°C alskýjað | Las Palmas | 22°C heiðskírt |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

egg afsláttur 30% egg afsláttur



**5.790** Borðstofustóll - svartur
4200357

egg afsláttur 40% egg afsláttur



**198.000** Leðursófi - hvítur
4200323

egg afsláttur 40% egg afsláttur



**41.900** Sevilla legubekkur - hvítur
4200279

egg afsláttur 40% egg afsláttur



**46.200** Classic leðursófi - 2ja sæta
4200251

egg afsláttur 50% egg afsláttur



**39.495** Sjónvarpsskenkur
4200004



**30-60% afsláttur** Ljós í úrvali

## Útsalan hefst í dag - allt að 60% afsláttur

www.egg.is

EGG SMÁRATORGI

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú stundað fjárhættuspil á netinu?*

| | |
|---|---|
| Já | 7% |
| Nei | 93% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Átt þú iPod-tónlistarspilara?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Viðgerðir á Cantat 3 hefjast á morgun og standa í tíu daga:

# Háskólinn án netsambands

**MENNTAMÁL** Allt netsamband Háskóla Íslands við útlönd fellur niður þegar viðgerð á CANTAT-3 sæstrengnum hefst. Áætlað er að viðgerðin hefjist á föstudag og standi yfir í tíu daga. Gera má ráð fyrir að þetta muni hafa í för með sér röskun á störfum starfsmanna og nemenda við Háskóla Íslands sem og annarra mennta- og rannsóknarstofnana sem tengjast RHneti, sem annast netsamband háskólans.

Sigurður Örn Hilmarsson, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands, segir þetta afar bagalegt fyrir háskólanema sem og þau þekkingarfyrirtæki sem starfa innan skólans. Samkvæmt fjarskiptaáætlun samgönguráðuneytisins fyrir 2005-2010 stóð til að árið 2006 skyldu allar menntastofnanir landsins hafa sameiginlega 2,5Gbit tengingu við útlönd. Núverandi tenging RHnets er aðeins 310Mbit og háð því að einn strengur sé í lagi.

„Mér skilst að tenging Íslands við útlönd sé hægari en tenging Svalbarða við umheiminn,“ segir Sigurður.

„Yfirvöld hafa ekki náð að finna farveg til að koma þessu í kring. Við höfum rætt um þetta mál í nokkur ár en pólitískur vilji til úrbóta er greinilega ekki meiri en þetta,“ segir Jón Ingi Einarsson, framkvæmdastjóri RHnets. Þau svör fengust hjá samgönguráðuneytinu að ekki væri hægt að svara fyrir þetta mál að svo stöddu. - kdk




**HÁSKÓLI ÍSLANDS** Verður hugsanlega án nettengingar við útlönd í tíu daga á meðan viðgerðir á sæstreng ganga yfir.

Hestamannahverfið Andvari:

# Reiðleiðum lokað fyrir bílum

**KÓPAVOGUR Hestamenn í hestamannafélaginu Andvara segja að ástandið í hestamannahverfinu Heimsenda í Kópavogi hafi lagast mjög mikið síðustu daga. Búið sé að loka öllum skurðum nema einum og reiðleiðum hafi verið lokað fyrir bílaumferð og því sé trukkum og stórum vinnuvélum ekki lengur ekið á þeim.**

**Þorvaldur Sigurðsson, formaður Andvara, segir að bæjaryfirvöld hafi greinilega talað við sína verktaka því að þeir hafi tekið sig á. Framkvæmdum sé ekki lokið en félaginu hafi verið lofað að þær klárist í þessari viku.** - ghs










# Ráðherra vill beita sér gegn veðmálum

**Félagsmálaráðherra íhugar að skipa nefnd til að fjalla um spilafíknarvandann. Flestir íslenskir netfjárhættuspilarar spila hjá fyrirtækinu Betsson. Hæstaréttarlögmaður segir hugmyndir um lokun erlendra spilasíðna óframkvæmanlegar.**

**VEÐMÁL** Júlíus Þór Júlíusson, formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn, fundaði með Magnúsi Stefánssyni félagsmálaráðherra í gær og bað hann um að skipa nefnd til að taka veðmálastarfsemi í landinu til skoðunar.

Magnús ætlar að skoða hvort hann muni skipa í nefndina, en hann vill beita sér gegn aukinni veðmálastarfsemi í landinu og gegn spilafíknarvandanum. Hann telur ekki æskilegt að spilakössum verði fjölgað í landinu og að fleiri erlendar fjárhættuspilasíður á netinu auglýsi hér á landi og bjóði Íslendingum upp á þjónustu sína. „Aukinn aðgangur að slíkri þjónustu felur í sér aukna hættu fyrir fólk,“ segir Magnús, en Júlíus segir að erlend spilafyrirtæki á netinu vilji komast að á íslenska markaðnum, meðal annars fyrirtæki sem heitir 888 sem er með höfuðstöðvar á Gíbraltar.

Júlíus lýsti því yfir í Fréttablaðinu í gær að hann ætlaði að senda greinargerð til Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra, um breytingar á íslenskum lögum svo að Íslendingar geti ekki lengur notað kreditkortin til að spila fjárhættuspil á erlendum netsíðum. Þessari aðferð hefur meðal annars verið beitt í nokkrum ríkjum í Bandaríkjunum. Markmiðið með slíkri lagasetningu væri að reyna að takmarka áhættu þeirra sem spila fjárhættuspil á netinu auk þess að reyna að halda spilafénu hjá innlendum aðilum.

Ef af þessu verður munu Íslendingar ekki lengur geta stundað fjárhættuspil á vefsíðu veðmálafyrirtækisins Betsson, sem skráð er í Svíþjóð. Að sögn Júlíusar spila flestir þeir sem leita sér aðstoðar hjá samtökunum vegna spilafíknar á netinu hjá Betsson, en 28,1 prósents hlutur í fyrirtækinu er í eigu Straums-Burðaráss. Lögreglan hefur rannsakað Betsson frá því á fyrri hluta síðasta árs.

Að sögn Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, sem veitti Betsson lögfræðilega ráðgjöf í vetur, eru hugmyndir Júlíusar óframkvæmanlegar og munu ekki verða að veruleika því ekki sé hægt að banna löglegum fyrirtækjum að selja þjónustu sína á netinu. „Ég veit ekki til þess að nokkur önnur ríki en Írak og Simbabve hafi reynt að ná tökum yfir netinu á þennan hátt,“ segir Sigurður sem er ekki hrifinn af því að frelsi manna til verslunar og viðskipta sé heft með slíkum boðum og bönnum. ingifreyr@frettabladid.is




**JÚLÍUS ÞÓR JÚLÍUSSON** Bað ráðherra að skipa nefnd um veðmálastarfsemi.

## HEFJA Á VIÐRÆÐUR UM LOKUN

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og eigendur Háspennu ehf., sem hyggjast opna spilasal í Mjódd, funduðu í gær að ósk borgarstjóra. Formlega var ákveðið að ganga strax til viðræðna um að ekki komi til opnunar á spilasal í verslunarmiðstöðinni í Mjódd samkvæmt óskum borgaryfirvalda.

Borgarstjóri hefur jafnframt ákveðið að skipa starfshóp á vegum Reykjavíkurborgar til að fara yfir málaflokkinn í heild sinni. Það verður gert í samstarfi við rekstraraðila spilakassa í Reykjavík. Sérstaklega verður litið til staðsetningar spilakassa og spilasala. - shá




Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins birtir nýja orkumálaáætlun:

# Leiði heiminn inn í nýja tíma

**BRUSSEL, AP** Þjóðir Evrópu verða að breyta orkuneysluháttum sínum og leiða heiminn inn í „nýja tíma sem taka við af tímum iðnbyltingarinnar“, sagði Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins við kynningu á metnaðarfullri áætlun um það hvernig aðildarríkin geta farið að því að verða minna háð innfluttri olíu og gasi og minnkað losun gróðurhúsalofttegunda.

Í áætluninni, sem er afrakstur meira en árslangrar vinnu embættismanna framkvæmdastjórnarinnar í samráði við sérfræðinga og fulltrúa stjórnvalda aðildarríkjanna, er kveðið á um ný markmið um orkusparnað, þróun endurnýjanlegra orkugjafa svo sem vindorku og lífræns eldsneytis, og auknar rannsóknir á því hvernig draga má úr losun kolefnalofttegunda vegna brennslu á hefðbundnu eldsneyti, einkum og sér í lagi á kolum.

En í áætluninni er sneitt hjá því að segja hvort æskilegt sé að nýta kjarnorku í ríkari mæli. Hverju aðildarríki er látið eftir að taka afstöðu til þess. - aa



**ORKUSTEFNA KYNNT** Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB (fyrir miðju), Andris Pielbags sem fer með orkumál, og Stavros Dimas, sem fer með umhverfismál í framkvæmdastjórninni, kynna áætlunina í Brussel í gær.

# Útsala

## nýtt kortatímabil

# 30-90%

## afsláttur af fatnaði, skóm, leikföngum og heimilisvöru



**Vorum að bæta við vörum á markaðinn. Aðeins 4 verð!**

| UPPHAFLEGT VERÐ | VERÐ NÚ |
|---|---|
| 999-1.299 KR. | 250 KR. |
| 1.499-1.999 KR. | 500 KR. |
| 2.499-2.999 KR. | 750 KR. |
| 3.499-4.999 KR. | 1.000 KR. |

**barnafatnaður, dömufatnaður, herrafatnaður og skór.**

**Fyrstur kemur fyrstur fær**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað voru gistinætur á farfuglaheimilum margar árið 2006?*
2. *Hvað heitir forseti Venesúela?*
3. *Hvað heitir forstjóri tölvufyrirtækisins Apple?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 54

Útlendingastofnun tekur saman dvalarleyfi útlendinga:

# Fimmhundruð leyfi útrunnin

**DVALARLEYFI** 549 útlendingar eru með útrunnin dvalarleyfi Útlendingastofnunar og gætu enn verið á landinu, samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar.

Engin sérstök ástæða virðist þó vera til að hafa af þessu áhyggjur, því flestir þessara einstaklinga hafa einfaldlega gleymt að endurnýja leyfin sín, eru farnir af landinu eða nú þegar orðnir íslenskir ríkisborgarar, segir Fríða Breiðfjörð, leyfafulltrúi hjá Útlendingastofnun. Alls voru 323 einstaklingar „í skoðun“ hjá stofnuninni fyrir áramót, en hinir eru farnir eða búnir að endurnýja dvalarleyfin.



**ÚR LEIFSSTÖÐ** Margir þeirra sem ekki hafa endurnýjað leyfi sín gætu verið farnir úr landi, án þess að láta vita af brottförinni.

Þess ber einnig að geta að stór hluti alls fjöldans eru EES-borgarar, eða 377 talsins. Þeir eru því ekki ólöglega á landinu, heldur er einungis formsatriði að þeir sæki um, segir Fríða. Til að hafa uppi á fólkinu sendir Útlendingastofnun út bréf og biður um að fólkið skrái sig. Því næst er Þjóðskrá látin athuga hvort einstaklingarnir staðgreiði skatt og í framhaldi af því er lögregla beðin um að hafa samband við atvinnurekendur.

Þessi 549 útrunnu dvalarleyfi höfðu safnast upp hjá stofnuninni á síðustu sex mánuðum ársins sem var að líða. Í framtíðinni stendur til að fara yfir þessi mál mánaðarlega og því telur Fríða að fjöldi útrunninna leyfa muni lækka mikið í framtíðinni. **- kóþ**

Málefni fatlaðra:

## Þjónusta fyrir fatlaða efld

**FÉLAGSMÁL Samkomulag um að efla búsetuúrræði, dagþjónustu og dagvist fyrir geðfatlað fólk á Akureyri var undirritað af Magnúsi Stefánssyni félagsmálaráðherra og Kristjáni Þór Júlíussyni, bæjarstjóra á Akureyri, á mánudag. Samningurinn er til þriggja ára.**

**Einnig var undirritaður þriggja ára samningur um málefni fatlaðra á Eyjafjarðarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að 95 milljónum verði varið til eflingar á þjónustu fyrir geðfatlaða á Akureyri og 2,2 milljörðum til málefna fatlaðra á Eyjafjarðarsvæðinu. - kdk**








**BANDARÍSKIR HERMENN Í BAGDAD** Þeir fá liðsauka ef Bush fær sínu framgengt.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bush leggur fram áætlun

**Demókratar staðráðnir í að láta þingið greiða atkvæði um fjölgun í herliði Bandaríkjanna. Harðir bardagar hafa geisað í Bagdad síðustu daga.**

**ÍRAK** George W. Bush Bandaríkjaforseti gerði í nótt grein fyrir nýrri Íraksstefnu sinni, sem hann hefur haft í smíðum allt frá því í haust þegar ljóst varð að fyrri stefna hafði kostað Repúblikanaflokkinn meirihlutastöðu sína á Bandaríkjaþingi.

Í gær var einnig fastlega reiknað með því að Bush myndi í ræðu sinni viðurkenna að alvarleg mistök hefðu verið gerð í Írak, ekki síst með því að láta Íraksstjórn komast upp með að leyfa vígasveitum bæði súnní-múslíma og sjía að leika lausum hala í Bagdad.

Bandarískir fjölmiðlar höfðu skýrt frá því í gær að Bush hyggist í nokkrum áföngum fjölga bandarískum hermönnum um 21.500 í Írak. Flestir þeirra verði sendir til höfuðborgarinnar Bagdad, þar sem meiningin er að stöðva eftir föngum átök milli súnnía og sjía, en 4.000 hermenn fari til Anbar-héraðs þar sem ástandið hefur einnig verið afar slæmt. Þá er meiningin að bandarískir hermenn gangi til liðs við íraskar öryggissveitir í því skyni að þjálfa þær, svo þær geti síðar meir tekið við af bandarísku hernum. Enn fremur hyggst Bush veita um einum milljarði dala til þess að efla efnahag Íraks.

Óvíst er hvort honum takist að sannfæra Demókrataflokkinn, sem nú fer með meirihluta í báðum deildum Bandaríkjaþings, um þessa nýju stefnu sína.

Nancy Pelosi, leiðtogi demókrata í fulltrúadeildinni, er staðráðin í að láta þingið greiða atkvæði um það hvort fjölgað verði í herliðinu í Írak. Þá ætla leiðtogar demókrata í öldungadeildinni að fá einhverja repúblikana í lið með sér til að lýsa andstöðu gegn því að fjölgað verði í herliðinu.

Íraksstríðið hefur nú staðið yfir í nærri fjögur ár og átökin harðna jafnt og þétt. Mannfallið á síðasta ári varð meira en nokkru sinni og nú allra síðustu daga hafa heiftarlegir bardagar geisað í höfuðborginni Bagdad.

Á þriðjudaginn börðust bæði Bandaríkjamenn og hermenn sjíastjórnarinnar við súnní-múslíma í Haífa-stræti í Bagdad og týndu þar fimmtíu manns lífinu, allt saman súnníar.

Nouri al-Maliki Íraksforseti boðaði fyrr í mánuðinum hertar aðgerðir í Bagdad til að draga úr átökum þar í borginni og nú í vikunni sögðu íraskir ráðamenn að fyrstu áfangar þessara aðgerða væru nú þegar komnir til framkvæmda. **gudsteinn@frettabladid.is**






Ósáttur eigandi sjávarlóðar á Álftanesi:

# Hefur kært yfirvöld

**STJÓRNSÝSLA** Henrik Thorarensen hefur kært bæjaryfirvöld á Álftanesi fyrir að gefa ekki byggingarleyfi á sjávarlóð hans í Miðskógum 8. Lóðin er framan við hús Sveinbjörns Kristjánssonar, forseta bæjarstjórnar. „Það er skoðun umbjóðanda míns að persónulegir hagsmunir þessa forseta bæjarstjórnar Álftaness hafi vegið þyngra á metunum við afgreiðslu erindisins en lagalegar og skipulagslegar forendur,“ segir í kæru sem lögmaður Henriks hefur sent. **- gar**



**HENRIK THORARENSEN** Vill fá að byggja á lóð sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ATNTON BRINK

# útsala

# 30 til 70 prósent afsláttur

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 ○ GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 ○ KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

ÚTILÍF

ÍSLENSKA SIA.IS UTI 35519 12/06



**FALLINNA MINNST** Ahmet Necdet Sezer, forseti Tyrklands, nýtur aðstoðar ítalskra hermanna í viðhafnarbúningi við að leggja krans að minnismerki óþekkta hermannsins í Róm í gær. Sezer er í opinberri heimsókn á Ítalíu. MYND/AP

Bandarískir og ítalskir leyniþjónustumenn sakaðir um mannrán:

# Framsalsáætlun CIA fyrir rétti

**MÍLANÓ, AP** Réttur í Mílanó hóf á þriðjudag vitnaleiðslur til að skera úr um hvort lögsækja beri 26 Bandaríkjamenn og fimm Ítala fyrir mannrán á múslímaklerki grunuðum um hryðjuverkatengsl árið 2003. Staðfest hefur verið að allir Bandaríkjamennirnir utan einn eru starfsmenn leyniþjónustunnar CIA, og allir Ítalirnir eru ítalskir leyniþjónustumenn.

Engin niðurstaða fékkst og verða næstu vitnaleiðslur haldnar 29. janúar.

Armando Spataro saksóknari hefur leitt rannsóknina sem varpar ljósi á sérstæða framsalsáætlun CIA þar sem grunaðir hryðjuverkamenn eru fluttir til þriðja lands þar sem gagnrýnendur segja að þeir sæti pyntingum í sumum tilvikum.



**ARMANDO SPATARO SAKSÓKNARI** Lagði fram bréf frá grunaða hryðjuverkamanninum sem sönnunargagn þar sem lýst er hvernig honum var rænt og síðar pyntaður. MYND/AFP

Einn Bandaríkjamannanna, Robert Seldon Lady, er ósáttur við að málið sé tekið fyrir hjá dómstólum og vill að pólitísk lausn verði fundin þess í stað.

Lögmenn Nicolo Pollari, sem var háttsettur yfirmaður í ítölsku leyniþjónustunni, hyggjast fá Romano Prodi forsætisráðherra og Silvio Berlusconi, forvera hans, ásamt núverandi og fyrrverandi varnarmálaráðherra á vitnalista.

Spataro hefur beðið Prodi um að óska framsals Bandaríkjamannanna en hefur ekki fengið svar. Fyrri ríkisstjórn Berlusconis, sem átti í nánu samstarfi við valdhafa í Washington, hafði áður neitað sömu bón.

CIA hefur neitað að tjá sig um málið. - sdg

Hryðjuverk á Filippseyjum:

# Sex manns dóu í sprengingu

**FILIPPSEYJAR, AP** **Sex létust og 22 særðust í sprengingu á markaði á Filippseyjum í gær. Önnur sprengja sprakk á sama svæði stuttu síðar og særði tvo.**

**Þrír létust samstundis og tveir létust skömmu síðar af sárum sínum að sögn lögreglu. Einn lést síðan stuttu eftir komu á spítalann.**

**Tvö börn voru meðal látinna, átta og tólf ára drengir.**

**Enginn hafði lýst sprengingunum á hendur sér í gær en lögreglan gerði ráð fyrir að herskáir múslímar hefðu verið að verki. Asíuráðstefna fer fram á Filippseyjum næstu helgi.** - sdg




Hitablásarar

Hinir einu sönnu MASTER® hitablásarar

ÞÓR HF REYKJAVÍK - AKUREYRI

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

Frönskunámskeið

Námskeið hefjast 15. janúar

Innritun í síma 552 38 70, 8.-13. janúar

- Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna
- Taltímar - einkatímar
- Námskeið fyrir börn
- Kennum í fyrirtækjum

Alliance Française

Netfang : alliance@af.is
veffang : www.af.is

Tryggvagata 8, sími: 552-3870. Fax: 562-3820.


Rannsókn sýnir að jeppar eru hættulegri en fólksbílar við útafakstur:

# Millistórir fólksbílar öruggir

**UMFERÐARÖRYGGI** Jeppar eru hættulegri en fólksbílar við útafakstur eða þegar keyrt er á harðan hlut, til dæmis vegg eða staur, og meiri líkur á alvarlegum meiðslum eða mannsláti en í fólksbílum við þessar aðstæður. Fólksbílar eru hins vegar hættulegri við árekstur jeppa og fólksbíls en jeppar. Breyttur jeppi er hins vegar ekkert hættulegri en óbreyttur jeppi.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í rannsókn sem Guðmundur Freyr Úlfarsson, sviðsstjóri við Washingtonháskóla, hefur gert ásamt öðrum þar sem borin eru saman eins slys 1991-2001. Guðmundur segir að jeppar velti meira og bílveltur séu mjög hættuleg slys.

Þegar tvö ökutæki, jeppi og fólksbíll, lenda í árekstri er jeppinn hins vegar öruggari en fólksbíllinn og sérstaklega er jeppinn hættulegur í hliðarárekstri. „Það er mun hættulegra ef jeppi keyrir á fólksbíl en ef tveir fólksbílar lenda í árekstri,“ segir hann. „Í árekstri þar sem jeppi lendir á fólksbíl minnka mikið líkurnar á því að fólk í jeppanum deyi og því er miklu öruggara að vera í jeppanum. Þeir sem eru í fólksbílunum eru tvisvar sinnum líklegri til að deyja.



**JEPPI Á FÓLKSBÍL** „Það er mun hættulegra ef jeppi keyrir á fólksbíl en ef tveir fólksbílar lenda í árekstri,“ segir Guðmundur Freyr Úlfarsson, sviðsstjóri við Washingtonháskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðmundur hefur gert sams konar rannsóknir í Washingtonríki og segir niðurstöðuna á sömu lund. Hann bendir á að þyngdarmunur farartækis skipti máli. Millistórir og þungir fólksbílar séu öruggastir. - ghs


ÚTSALA

á jeppadekkjum

15-40% afsláttur

Eitt mesta úrval landsins af jeppadekkjum á flestar gerðir jeppa – breyttra sem óbreyttra



ARCTIC TRUCKS®

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is | jeppar.is

07-0012 KC


Bætur til flugfarþega:

# Villandi upplýsingar frá ESB

**BRUSSEL, AP** Evrópusambandið þarf að breyta „ónákvæmum og villandi“ ráðleggingum um bætur til flugfarþega segir umboðsmaður ESB, P. Nikiforos Diamandouros.

Tvö flugfélagasamtök hafa kvartað yfir kynningu ESB á bótapakka sem tók gildi árið 2005. Í honum er ranglega gefið í skyn að ávallt skuli bætur borgaðar þegar flugi er aflýst, þær greiddar strax og greiddar í reiðufé þegar flugi seinkar, að sögn Diamandouros.

Ef flugfélög veita meira en tveggja vikna fyrirvara, bjóða upp á önnur flug eða ef flug fellur niður vegna „sérstakra aðstæðna“ sem flugfélög hafa ekki stjórn yfir eins og verkföll eða öryggisógnir eiga reglurnar ekki við og Diamandouros segir að ESB hafi ekki vakið athygli á þessum undantekningum í kynningu sinni á bótapakkanum. - sdg

Erill á höfuðborgarsvæðinu:

# Brutust inn í nýbyggingar

**LÖGREGLUMÁL** **Tveir menn á tvítugs- og þrítugsaldri voru handteknir af lögreglu aðfaranótt miðvikudags. Þeir höfðu brotist inn í nýbyggingar í Mosfellsbæ og stolið þaðan verkfærum og öðrum hlutum. Mennirnir voru færðir til yfirheyrslu hjá lögreglu.**

**Átján ára drengur var stöðvaður í Hafnarfirði á stolnum bíl sömu nótt. Mikið var af raftækjum í bílnum, meðal annars sjónvarp, heimabíó og DVD-spilarar. Drengurinn var einnig færður til yfirheyrslu.** - sþs



SPARAÐU MEÐ DEBETKORTINU
Þú kaupir
3.030 KR.
Þú borgar
3.500 KR.
Í sparnað
470 KR
EIGÐU AFGANGINN er nýjung sem gerir þér kleift að leggja fyrir í hvert skipti sem þú borgar með debetkorti Glitnis. Þú velur að hækka upphæðina sem þú kaupir fyrir upp í næstu 100, 500 eða 1.000 kr. og mismunurinn leggst sjálfkrafa inn á spareikning að þínu vali. Það hefur aldrei verið eins einfalt að safna peningum!
EIGÐU AFGANGINN
Skráðu þig í EIGÐU AFGANGINN á www.glitnir.is
EINS EINFALT
OG AÐ BLIKKA
GLITNIR
Fáðu nánari upplýsingar um EIGÐU AFGANGINN hjá ráðgjöfum í næsta útibúi, í Þjónustuveri í síma 440 4000 eða á www.glitnir.is.
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



**RALLAÐ UM AFRÍSKA EYÐIMÖRK** Spánverjinn Marc Coma ekur KTM-mótorhjóli sínu um eyðimerkursandinn í átt að Ouarzazate í Marokkó í gær, á fjórðu sérleið Dakar-rallsins, erfiðustu keppni sem háð er árlega á vélknúnum farartækjum. MYND/AP

Afl - starfsgreinafélag hefur blómstrað í þenslunni fyrir austan síðustu tvö ár:

# Þurfa að ráða túlk í fullt starf

**VINNUMARKAÐUR** Óvissa ríkir á vinnumarkaði þegar framkvæmdunum á Kárahnjúkum og í Reyðarfirði lýkur eftir nokkur ár. Félögum í Afli – starfsgreinafélagi hefur fjölgað gríðarlega síðustu tvö ár en búast má við að félögum fækki þegar framkvæmdunum lýkur. Hvað gerist þá er óskrifað blað.

„Hve margir verða eftir þegar framkvæmdunum lýkur er allt önnur Ella. Enginn veit hvernig atvinnulífið kemur til með að þróast þó að fólk sé almennt bjartsýnt,“ segir Sverrir Albertsson, framkvæmdastjóri Afls.



**FÓLK ALMENNT BJARTSÝNT** „Enginn veit hvernig atvinnulífið kemur til með að þróast þó að fólk sé almennt bjartsýnt,“ segir Sverrir Albertsson, framkvæmdastjóri Afls.

„Það segir sig sjálft að útlendir starfsmenn við Kárahnjúkavirkjun fara sennilega allir en síðan eru þeir sem byggja álverið. Ákveðinn fjöldi starfa verður áfram við álverið en ekki eins mörg störf og eru við bygginguna núna. Svo eigum við eftir að sjá hver hliðaráhrifin verða.“

Afl – starfsgreinafélag lækkaði félagsgjöld um tuttugu prósent fyrir tveimur árum. Sverrir segir að frekari lækkun sé ekki fyrirhuguð, félagið sé dýrt í rekstri, skrifstofurnar séu sjö, ferðakostnaður mikill og þjónustan góð. Hins vegar hafi komið inn nýir kostnaðarliðir sem verði stöðugt hærri, til dæmis vegna túlka. „Ég held að það sé tímaspursmál hvenær við verðum komin með erlenda starfsmenn í fulla vinnu. Það hefur oft verið rætt.“ - ghs

Brennuvargur dæmdur:

# Kveikti í íbúð og brenndi bíla

**DÓMSMÁL Karlmaður í Kópavogi hefur verið dæmdur í eins árs fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness. Hann kveikti í blaðabunka í íbúð í fjöleignarhúsi, þannig að eldsvoði hlaust af. Þá braut hann afturrúðu í bifreið á bílastæði við sama fjölbýlishús, lagði eld að handklæði og henti því logandi inn um brotna rúðuna. Bíllinn brann, svo og tveir aðrir bílar sem stóðu hvor sínum megin við hann á stæðinu.**

**Maðurinn var dæmdur til að greiða samtals 1,2 milljónir króna í skaðabætur. Að auki samtals 765 þúsund krónur í sakarkostnað, vegna mats, geðrannsóknar og í málsvarnarlaun.** - jss

Ehud Barak snýr aftur:

# Nýtur meiri vinsælda nú

**JERÚSALEM, AP Ehud Barak, fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels, tilkynnti nýlega að hann hygðist snúa aftur á vettvang stjórnmálanna. Barak gæti, samkvæmt nýrri skoðanakönnun, átt góða möguleika á að verða aftur leiðtogi Verkamannaflokksins. Barak hefur stuðning 30 prósenta af meðlimum flokksins, og nýtur því mun meiri vinsælda en núverandi formaður, Amir Peretz, sem er varnarmálaráðherra í stjórn Ehuds Olmert. Peretz mælist aðeins með 12 prósenta stuðning.** - gb



**EHUD BARAK**

# Þrír í gæsluvarðhaldi og fimm aðrir handteknir

**Þrír menn sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna gruns um þátttöku í fjölda innbrota á höfuðborgarsvæðinu.**

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn hafa verið úrskurðaðir í viku gæsluvarðhald vegna gruns um þátttöku í fjölda innbrota og þjófnaða, bæði í fyrirtæki og heimili, á höfuðborgarsvæðinu. Þeir eiga allir brotaferil að baki. Í gærmorgun handtók lögreglan á höfuðborgarsvæðinu svo tvo menn á Vesturlandsvegi sem voru með nokkurt magn af ætluðu þýfi meðferðis, einkum verkfærum, sem talin eru vera úr innbrotum í Mosfellsbæ. Þá var par einnig handtekið í gærmorgun í Hafnarfirði. Það var grunað um aðild að innbrotum og hefur komið áður við sögu hjá lögreglu.

Undanfarna daga hefur gengið yfir innbrotahrina samkvæmt upplýsingum frá lögreglu höfuðborgarsvæðisins, sem varar fólk við ástandinu. Flest eru innbrotin í hverfum Reykjavíkur með póstnúmer 101 og 105. Fyrstu átta sólarhringa ársins voru innbrot á höfuðborgarsvæðinu 80 talsins, miðað við 35 á sama tíma í fyrra.

Mest er um innbrot í bifreiðar og fyrirtæki, en þar er aukningin raunar áberandi samanborið við sama tímabil í fyrra. Nokkur af þessum málum eru þegar upplýst en önnur í rannsókn. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur þegar sett í gang aðgerðir til að stöðva þessa hrinu. Fólk er hvatt til að geyma ekki verðmæti í bílum, huga að lýsingu óupplýstra svæða og biðja nágranna að líta til með húsnæði sem yfirgefið er um lengri tíma.

**FJÖLDI INNBROTA**
**á tímabilinu 1.-8. janúar**

| | 2006 | 2007 |
|---|---|---|
| Bifreið | 10 | 19 |
| Fyrirtæki | 8 | 23 |
| Heimili | 14 | 22 |
| Stofnun | 2 | 6 |
| Annað | 1 | 10 |
| Samtals | 35 | 80 |

Þá hvetur lögreglan á höfuðborgarsvæðinu þá sem búa yfir upplýsingum sem leitt geta til þess að mál upplýsist að koma þeim ábendingum á framfæri við lögregluna í síma 444 1000, með tölvupósti á netfangið upplysingar@lrh.is eða með öðrum hætti.

Lögreglan hvetur almenning til að vera á varðbergi gagnvart kaupum á varningi sem mögulega gæti verið þýfi og koma upplýsingum um slíkt þegar á framfæri við lögreglu.

jss@frettabladid.is


Foreldrar undrandi yfir SKO-æðinu

„Ég er ekki viss um að það sé hollt að tala svona mikið í símann, þó að það sé ókeypis“

Foreldrar SKO-ungmenna eiga oft erfitt með að skilja hvað vakir fyrir börnunum. Einkum vekja lágir símreikningar ungmennanna grunsemdir, enda á fólk ekki að venjast þessum upphæðum. „Þetta er ekki einleikið,“ sagði áhyggjufull móðir við blaðamann í gær.



Banani hyggur á framboð

Banani sem vill kalla sig Hákon, hyggur á sérframboð í næstu kosningum. Telur Hákon tímabært að rödd banana heyrist á Alþingi Íslendinga og að hann sé nógu þroskaður til að taka á sig þá ábyrgð. Helstu baráttumálin verða jafnara hitastig í grænmetis- og ávaxtaborðum stórmarkaða, að litið sé á alla banana sem jafna hvort sem þeir eru gulir, brúnir eða grænir og að það verði frítt í strætó.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 7596



„Ég borga miklu minna fyrir símann núna“

„Vinir mínir fengu mig til að skipta“

Ungur viðskiptavinur SKO segist hafa verið undir mikilli pressu frá vinum sínum að gerast viðskiptavinur SKO.

„Ég borga miklu minna fyrir símann núna“ segir hann, en vill ekki láta nafns síns getið. Dæmi eru um stóra vinahópa þar sem allir eru skráðir í SKO.

Tala meira. Borga minna.

0,00 kr./mín. Hringt í SKO GSM-síma

14,90 kr./mín. Hringt í aðra GSM- og heimasíma

SMS 4,90 kr. í alla GSM-síma á Íslandi

www.sko.is

SKO býður jafngóða GSM-þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð! Það kostar EKKERT að færa GSM-símanúmerið til SKO. Þú skráir þig í þjónustuna á www.sko.is.

SKO ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ



Guðrún, leikskólakennari, getur ekki lengur unnið við sitt fyrra starf en endurhæfing á Reykjalundi hefur þó gert henni kleift að sjá um sig sjálf og njóta samverustunda með ömmubörnum sínum.

# takk

## fyrir að gefa mér aftur færni til að sjá um mig sjálf

Happdrætti SÍBS byggir upp endurhæfingu að Reykjalundi sem gerir þúsundum kleift að leika við lífið á ný eftir áföll. Fáðu þér miða, veldu happanúmerið þitt. Verðlaunin geta orðið ógleymanlegur vinningur.

**Það er auðvelt að fá sér happanúmer**
Hringdu í síma 552 2150 eða kauptu á vefnum www.sibs.is

# Drögum á morgun

HAPPDRÆTTI SÍBS

*...fyrir lífið sjálft*

**Yfir hálfur milljarður í pottinum 2007**

**Honda CR-V**
lúxusútgáfa í janúar

**60 Honda Jazz**
á árinu



EUROCARD MasterCard VISA

22.911 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 1000 kr.

# Hollustan í fyrir




Nýtt
í Hagkaupum

TILBOÐ
229 kr/stk
Verð áður 279,-

**EAS Diet fitubrennsluhylki**
Léttari leið til grenningar. Einstök samsetning sérvaldra efna sem saman vinna að hámarks fitubrennslu. Eykur orku og vatnslosun ásamt því að draga úr matarlyst




**EAS 100% Whey Protein**
100% hágæða mysuprótein (hreinsað og einangrað). Ljúffeng, hentug og hagkvæm lausn til að próteinbæta mataræðið. Hentar jafnt fyrir uppbyggingu og grenningu. Tvær nýjar bragðtegundir: Banana og Cappuccino

**Kynningar föstudag:**
Skeifunni kl. 13-16
Smáralind kl. 13-16
Kringlunni kl. 13-16

**EAS Glutamine (50 skammtar)**
Mikilvægasta amínósýran í vöðvavef
Styrkir ónæmiskerfið

**EAS Precision Burner Light**
Inniheldur hámarks magn af koffíni og karnitíni. Bættur með ginseng, táríni, B vítamínum og kalki. Aðeins 13 hitaeiningar í flöskunni. Hámarks fitubrennsla… í flösku!

Nýtt
í Hagkaupum

Granateplasafi
100% hreinn safi







**Minna mál kex** er gott á milli mála




LÄRABAR er gómsæt blanda af tærum ávöxtum, hnetum og kryddi. Orka í sínu hreinasta formi gerð úr 100% náttúrlegu, óelduðu hráefni.
Í LÄRABAR er enginn viðbættur sykur eða önnur sætuefni.
LÄRABAR er einnig glúten frír, mjólkur frír, soya frír & hveiti frír.

**LÅRABAR** tær og einfaldur orkubiti, eins og móðir náttúra ætlaði okkur



10% afsláttur við kassa

**Lífrænt ræktuð epli** frá Earthbound Farm




TILBOÐ
199 kr/stk
Verð áður 249,-

**Froosh 100% hreinn ávaxta-smoothie** án allra aukaefna og sykurs




TILBOÐ
249 kr/stk
Verð áður 299,-

**Firefly hollustudrykkir** enginn sykur, litarefni eða rotvarnarefni og ekkert koffín



30% afsláttur við kassa

**Holta kjúklingalundir**

Gildir til 14. janúar eða á meðan birgðir endast.

# rúmi alla helgina

## - þú verður að kíkja í heimsókn




Ívar og Arnar kynna Bombu og Solutions:

Spöng föstudag 16-18
Smáralind laugardag 14-16
Kringlunni laugardag 16-18






**Pharmagreen te** vörurnar eru fyrir þá sem huga að heilsunni. Í 4000 ár hefur fólk í Asíulöndum drukkið grænt te til að styrkja og efla líkamann. Teið er ýmist drukkið heitt eða kalt allt eftir smekk eða hefðum. Seinnitíma rannsóknir benda allar til þess að græna teið hafi mjög víðtæk og góð áhrif á líkamann.

Vinsælu þurrsteiktu grænmetisbuffin. Hefur þú smakkað?




# Spennandi salatbar

Veldu úr yfir 40 spennandi tegundum og settu saman þína máltíð á aðeins **399 kr**

til dæmis...



**Sesar salat**
Kjúklingur, parmesan, romain salat, brauðteningar og paprika

**Ítalskt salat**
Tagliatelle, ætiþistlar, skinka, kjúklingabollur og veislusalat

**Ávaxtasalat**
Melónur, rúsínur, hnetur og klettasalat

**Núðlusalat**
Eggjanúðlur, mini maís, kjúklingur, paprika og salat



**Grískt fetasalat**
Klettasalat, fetaostur, sólþurrkaðir tómatar og olía

**Spínatsalat**
Spínat, tortellini með engiferfyllingu, maís, hummus og paprika

**Speltpasta salat**
Speltpasta, romain salat, fetaostur, paprika og túnfiskur

**Franskt pastasalat**
Hvítlaukspasta, kús kús, veislusalat og salami

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## „ORÐRÉTT“

*Gott að vera lítill*

**„Það er greinilega þægilegt að vera í minnihluta og leyfa sér að kannast ekki við eigin fortíð.“**

ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR BORGARFULLTRÚI ÖFUNDAR MINNIHLUTANN OG RÆÐIR UM DAGFORELDRAKERFIÐ.

Morgunblaðið, 10. janúar

*Full sjálfsstjórn*

**„Við ráðum örlögum okkar sjálf, en engin utanaðkomandi „lögmál“.“**

ÓLAFUR HANNIBALSSON ER SPENNTARI FYRIR FRJÁLSUM VILJA HELDUR EN MARKAÐSLÖGMÁLUM.

Fréttablaðið, 10. janúar

*nær og fjær*

# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ÓLAFÍA HRÖNN JÓNSDÓTTIR

## Nóg að gera við æfingar



„Það er nóg að gera hjá mér þessa dagana. Ég er að æfa Misery sem verður frumsýnt 26. janúar. Þetta verður sett upp á Nasa og þarna leik ég á móti Valdimari Erni Flygering í leikstjórn Jóhanns Sigurðarssonar,“ segir Ólafía Hrönn leikkona. „Þetta er spennusaga eftir Steven King svo það má búast við spennandi sýningu. Ég held ég hafi til dæmis aldrei séð jafn spennandi bíómynd.“

Misery verður sýnt í mánuð en svo tekið hlé og þá fer Ólafía til London til að setja upp Pétur Gaut ásamt öðrum. „Við frumsýnum úti 28. febrúar og undirbúningur er á fullu, við vorum til dæmis í talþjálfun yfir jólin,“ segir Ólafía sem lætur sér ekki nægja að leika í þessum tveimur verkum. „Ég náttúrulega að leika í sýningunni Stórfengleg í Þjóðleikhúsinu. Við frumsýndum í nóvember og þótt gagnrýnin í blöðunum hafi ekki verið jákvæð hafa viðbrögð áhorfenda verið frábær. Á mánudaginn hefjast svo æfingar fyrir Ivanov sem sýnt verður í haust svo ég kvarta ekki undan aðgerðarleysi.“

## SKYNDINÚÐLUR:
### MIKILVÆGARI EN KARÓKÍ



Ítalir og arabar telja sig hafa fundið upp núðlurnar, en elstu heimildina um þær er að finna í 4.000 ára gömlum fornleifum í Kína. Hugsanlegt er að þær hafi komið með Marco Polo til Ítalíu og séu þar með upphafið að spaghettíinu. Momofuku Ando, sem nú er nýlátinn, fann upp skyndinúðlurnar í Japan árið 1958. Er það talin merkilegasta japanska uppfinningin á 20. öld, en karókívélin er í öðru sæti.

## SJÓNARHÓLL
### LÖGLEIÐING FJÁRHÆTTUSPILA



HERMANN STEFÁNSSON
Rithöfundur

## Byggja spilavíti á Kárahnjúkum

„Ég er frekar hlynntur því að það eigi að lögleiða fjárhættuspil. Mér finnst að það ætti að byggja einhvers konar Las Vegas á Kárahnjúkum, rétt eins og Las Vegas sjálf var byggð í Nevadaeyðimörkinni,“ segir Hermann Stefánsson rithöfundur og auglýsingaskrifstofumaður. „Þetta gæti laðað að ríka útlendinga til að tapa peningunum sínum og orðið góð landkynning. Ég tel að leggja ætti niður núverandi starfsemi á Kárahnjúkum. Það væri líka hægt að breyta vellinum gamla í allsherjar fjárhættuspilaborg. Það eru miklir peningar í veikleikum annarra.

Annars er ég líka opinn fyrir að banna þetta alveg. Ég skil heldur ekki hvers vegna ríkið selur sígarettur, sem eru jú banvænar. Það selur til dæmis ekki blásýru.“

# Framhaldslíf flöskunnar

**Þeir sem hafa verið duglegir að sanka að sér dósum og flöskum um hátíðirnar ættu ekki að henda þeim beint í ruslið heldur fara með þær í endurvinnslu. Sé rétt að málum staðið enda dósirnar sem umbúðir á ný. En flasknannna bíða önnur örlög, og plastið getur jafnvel endað sem umbúðir um fólk.**



**SORPA** Tekur einnig við öðru rusli, en einungis er greitt skilagjald fyrir dósir og flöskur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Frá árinu 1999 höfum við tekið á móti dósum og flöskum og sent þær áfram til Endurvinnslunnar,“ segir Gyða Björnsdóttir, kynningarfulltrúi Sorpu. En hvað verður um þær að endurvinnslu lokinni?

„Glerflöskurnar verða jarðvegsuppfyllingarefni hérlendis, en áldósir og plast er sent úr landi. Dósirnar eru endurunnar sem dósir en plastið er notað í ýmislegt, til dæmis flísfatnað.“

Þótt viljinn sé fyrir hendi finnst sumum það vandamál að skilagjaldið er einungis greitt inn á debetkort, og verða menn því að ráða yfir slíku vilji þeir fá greitt fyrir. Jafnvel hefur komið fyrir að ekki hafi verið hægt að greiða út skilagjaldið vegna vandamála í bankakerfinu.

„Við höfum ekki aðstöðu til að vera með mikla fjármuni hér. Til að byrja með greiddum við út með ávísunum sem var mjög dýrt, en debetkortin eru auðveldari í vinnslu.“

Sorpa stendur einnig fyrir alls konar kynningarstarfi um endurvinnslu, og sem dæmi má nefna að á heimasíðunni sorpa.is er að finna ýmiss konar tengla og upplýsingar og jafnvel endurvinnsluleiki fyrir börn.

„Við erum með markvisst fræðslustarf og tökum við hátt í þrjú þúsund manns á ári, mest frá grunnskólum sem eru að kynna börnum umhverfismál.“



**ENDURUNNIÐ** Sorpa og Endurvinnslan taka við tómum flöskum og dósum. Sorpa greiðir inn á debetkort en Endurvinnslan greiðir skilagjaldið í reiðufé.

En þrátt fyrir þetta mikla og góða starf má spyrja að því hvers vegna það eru ekki einfaldlega skilakassar í matvörubúðum hér eins og annars staðar á Norðurlöndum.

„Við höfum að endurnýta umbúðir á undan öðrum Norðurlandaþjóðum. Þær fóru út í þetta seinna og annan hátt,“ segir Eiríkur Hannesson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar. „Í Svíþjóð voru sett lög um að þeir sem selja dósir verði að taka við þeim líka. Engin slík lög eru til hér. Upp úr 1990 var vélum komið fyrir í búðum, en þær voru mjög dýrar og þegar þær fóru að bila voru þær ekki endurnýjaðar. En hér hefur komið upp stétt manna sem hefur atvinnu af að selja dósir, meðan aðrir gera þetta heilsu sinnar vegna. Sumir koma í strætó og aðrir á hjóli en langflestir á bílum. Það eru margir sem taka þátt og við fögnum því, dósirnar eiga ekki að enda í náttúrunni.“

valurg@frettabladid.is



**HVAÐ ER NÚ HVAÐ?** Gyða Björnsdóttir, kynningarfulltrúi Sorpu, kennir börnunum að endurvinna rusl.






# Matarlögga sem mark er takandi á

Líklega eru þeir margir sem vilja breyta um mataræði, en vita ekki hvar þeir eiga að byrja. Er nóg að hætta að borða sætindi eða þarf að sleppa brauði líka? Hvað með hrísgrjón? Eða ost? Og hvað er þá eiginlega eftir?

Á heimasíðunni hot.is er hægt að skrásetja matarvenjur sínar. Reiknar vélin þá strax út næringarinnihald fæðunnar og orkuskiptingu. Upplýsingarnar birtast bæði sem tölur og línurit, og sem kaka sem skipt er upp á milli próteins, fitu og kolvetna. Þá er hægt að skrá inn æfingar dagsins, og komast að því hvernig þetta virkar saman.

Vilji menn hugsa til lengri tíma er hægt að skrá inn allt innihald ísskápsins og komast að því hvað á og hvað á ekki að vera þar.

Einnig er boðið upp á spjallþræði um mataræði, heilsu og líkamsrækt. Skiptist fólk þar á uppskriftum, og er danski kúrinn sérstaklega vinsæll þessa dagana.

Það er bara að vona að hann leyfi smörrebröð og bjór.

- vg



**RÆKTIN** Betra er að vita hvert maður ætlar áður en haldið er af stað.

SHARP®

# Frumkvöðlar LCD tækninnar.

Japanski tæknirisinn SHARP er frumkvöðull að þróun sjónvarpa með LCD skjá – tækni sem leysir nú gömlu lampasjónvörpin af hólmi. SHARP á því heiðurinn af þeirri skemmtilegu byltingu sem allur heimurinn nýtur nú góðs af.
Treystu SHARP! Þeir fundu upp sjónvarp nútímans.
Veldu SHARP!

## ÞESSI GLÆSILEGU SHARP LCD SJÓNVÖRP...

Skjástærð: 32"
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60,000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag)
Tengi: 2x HDMI INPUT, 2x SCART IN, S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA VGA), PC INPUT (VGA), RS232, C.I. SLOT

**SHARP LC32GA9E 32"**
**Verð: 179.900.-**






## ... Á BETRA VERÐI EN NOKKRU SINNI FYRR!

Skjástærð: 37"
Upplausn: 1366 x 768 WXGA (16:9)
Contrast: 1200:1
Birta: 450 cd/m2
Sjónsvið: 176°/176°
6 ms svartími
Clear Flat hljóðkerfi
60,000 klst. ending á skjá
(samsvarar 16 árum m.v. 10 klst. notkun á dag)
Tengi: HDMI INPUT, 2x SCART IN, S-VIDEO IN, COMPONENT IN (VIA VGA), PC INPUT (VGA), RS232, C.I. SLOT

**SHARP LC37BV8E 37"**
**Verð: 229.900.-**

20" LCD SHARP SJÓNVARP – TILVALIÐ Í ELDHÚSIÐ OG BÚSTAÐINN – Á ÓTRÚLEGU VERÐI:



Skjástærð: 20"
Upplausn: 640 x 480 (4:3)
Contrast: 500:1
Birta: 430 cd/m2
Sjónsvið: 170°/170°
Íslenskt textavarp
OPC Sjálfvirkur birtuskynjari
Tengi: SCART, AV/S-Video, hljóðútgangur, heyrnartól

**SHARP LC20SH1E 20"**
**Verð: 69.900.-**

KVIKA

HD ready

LCD sjónvörp í þessum gæðaflokki hafa aldrei kostað minna en einmitt nú!

ORMSSON

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | MODEL | ÁRVIRKINN | ÞRISTUR | VÍK | VÍK | VÍK | BÓKABÚÐIN |
| SÍÐUMÚLA 9 | SMÁRALIND | AKUREYRI | KEFLAVÍK | AKRANESI | SELFOSSI | ÍSAFIRÐI | NESKAUPSTAÐ | REYÐARFIRÐI | EGILSSTÖÐUM | HÚSAVÍK |
| SÍMI 530 2800 | SÍMI 530 2900 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 431 3333 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 474 1477 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 464 1515 |

**Svona erum við**
> Fjöldi fíkniefnabrota




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** EVRAN HINN NÝI GJALDMIÐILL EVRÓPU

# *Evran er einn sterkasti gjaldmiðill heims*

Hávær umræða hefur verið síðustu daga um það hvort Íslendingar eigi að kasta krónunni og taka upp evru og sýnist sitt hverjum. Evran er nýjasti gjaldmiðillinn í heiminum og sá gjaldmiðill sem mörg af helstu viðskipta- og nágrannalöndum Íslendinga hafa. En þótt gjaldmiðillinn sé sá nýjasti þá á hann sér nokkra sögu.

**Hver er saga evrunnar?**
Evran varð fyrst til árið 1999. Í upphafi gat fólk aðeins fengið ávísanahefti og átt bankainnistæður í evrum en ekki í beinhörðum peningum. Evran var þó strax áberandi í ríkisfjármálum og mörg stór fyrirtæki færðu bókhald sitt í evrum. Í ársbyrjun 2002 komu fram á sjónarsviðið peningaseðlar og mynt í evrum og gömlu gjaldmiðlarnir hurfu úr umferð í lok febrúar sama ár. Þrettán ríki hafa tekið upp evruna. Þau eru Belgía, Þýskaland, Grikkland, Spánn, Frakkland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Holland, Austurríki, Portúgal og Finnland. Slóvenía tók upp evruna nú um áramótin.



**Hvert er markmiðið með evrunni?**
Höfuðmarkmið Efnahags- og myntbandalags Evrópu, EMU, er að styrkja stöðugleika og aðstæður fyrir varanlegan efnahagslegan vöxt í Evrópu, meðal annars með evrunni, sameiginlegri mynt aðildarríkjanna en með henni telja margir að sameiginlegur innri markaður verði að veruleika.

**Hvað vinnst með evrunni?**
Kostnaður vegna gjaldmiðlaskipta sparast en hann er áætlaður allt að 0,4 prósentum af landsframleiðslu ríkjanna, viðskipti verða einfaldari og þægilegri og neytendur njóta góðs af auðveldari verðsamanburði. Evran hefur mjög sterka stöðu sem gjaldmiðill enda er hún einn stærsti gjaldmiðill heims. Hlutur ríkja Myntbandalagsins í heimsviðskiptum er svipaður og hlutur Bandaríkjanna.

**SPURT & SVARAÐ**
**ERLENDIR FERÐAMENN**

## *Náttúran laðar að*



**MAGNÚS ODDSSON**
Ferðamálastjóri

Rúmlega 422 þúsund erlendir ferðamenn komu til landsins í fyrra og fjölgaði þeim um 48 þúsund á milli ára, eða sem nemur 12,9 prósent. Magnús Oddsson er ferðamálastjóri.

**Hvers vegna var fjölgunin svona mikil milli ára nú?**
Það eru margir samverkandi þættir. Við byggjum á jákvæðri margra ára vinnu sem hefur verið fylgt eftir með aukinni markaðsvinnu og auknu framboði. Þar má nefna mikla hugmyndaauðgi fyrirtækja sem koma sífellt fram með nýjungar.

**Hvað er það sem dregur ferðamenn til landsins?**
Það er alveg ljóst að það hefur orðið breyting þar á. Náttúra landsins hefur lengi verið helsta aðdráttaraflið og svo er vissulega enn en aðalaukningin er utan háannatíma og þar eru það aðrir þættir, eins og menning og afþreying, sem trekkja að.

**Hvað er hægt að gera til að fjölga ferðamönnum enn frekar?**
Í raun er ekki sjálfgefið að fjöldinn sé aðalatriðið heldur ekki síður að arðsemin aukist hvort sem það er með fleiri gestum eða meiri tekjum af hverjum gesti. Það liggur beinast við að halda áfram að vinna í markaðsmálum og auka fjölbreytni. Þá skiptir einna mestu máli að þróa vöru og afþreyingu sem laðar að allan ársins hring.

# Deilt um réttmæti spilakassa

**Spilakassar hafa verið mikið í umræðunni eftir að Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri sagði í viðtali við Fréttablaðið 28. desember að Háskóli Íslands væri með yfirgang vegna uppsetningar spilasalar í verslunarmiðstöðinni í Mjódd og að hann myndi beita sér fyrir að þau áform yrðu stöðvuð. Forsvarsmenn Happdrættis Háskólans hafa vísað fullyrðingum borgarstjóra á bug og segja hann á villigötum.**

Barátta borgarstjóra gegn spilasal í Mjódd hófst eftir að íbúasamtökin Betra Breiðholt og Hverfisráð Breiðholts tóku að beita sér á ýmsan hátt gegn uppsetningu spilasalarins. Íbúasamtökin stóðu meðal annars fyrir söfnun undirskrifta þar sem á þriðja þúsund Breiðhyltingar undirrituðu áskorun til Háskólans um að láta af áformum sínum. Margir íbúar hverfisins vilja ekki undir neinum kringumstæðum sjá þessa starfsemi í hverfinu; segja hana ýta undir spilafíkn og ýmsa óæskilega hegðun sem komi ekki síst niður á ungu fólki. Í grein sem íbúasamtökin birtu í Fréttablaðinu 8. janúar segir: „Það yrði nöturleg kveðja til íbúa Breiðholts ef Háskólinn, sem ætti að vera vel upplýst stofnun og virða lýðræðisleg gildi, ætlar að troða þessum ófögnuði upp á Breiðhyltinga með því að koma spilavíti fyrir á þeim stað þar sem flestar fjölskyldur í hverfinu venja komur sínar til að sækja uppbyggilega þjónustu.“

Borgarráð tók undir áhyggjur íbúa í Breiðholti með ályktun á fundi þann 21. desember og ályktaði að starfsemin væri ekki heppileg fyrir verslunarmiðstöðina né hverfið í heild. Í framhaldinu skoraði borgarráð á Háskóla Íslands að hverfa frá áformum sínum með bréfi borgarstjóra.

**„Ógæfukassar“**
Borgarstjóri hefur stutt málflutning sinn sömu rökum og íbúasamtökin. Þar eru uppeldisleg rök og fjölskyldugildi þungamiðjan. „Ég er þeirrar skoðunar að svona kassar eigi ekki heima í þessum fjölsótta og fjölskylduvæna verslunarkjarna í algjörri óþökk íbúanna. Hvar er íbúalýðræðið,“ spyr hann. Vilhjálmur segir jafnframt að með þessum áformum sé verið að veikja verslunarmiðstöðina og vill sjá spilasali einskorðaða við borgarhluta sem ætlaðir séu fyrir atvinnustarfsemi. „Þeim væri líka vel fyrir komið í Örfirisey,“ sagði Vilhjálmur í viðtali við Fréttablaðið sem undirstrikar að óskastaða að hans mati væri að spilakassar væru hvergi aðgengilegir.

Inntur eftir því hvort hann ætli að beita sér gegn spilasölum annars staðar í borginni en í Mjódd, til dæmis í öðrum verslunarmiðstöðvum eða þar sem ungmenni koma saman, svaraði Vilhjálmur að ljóst væri að rekstur spilakassanna væri löglegur og ómögulegt að afturkalla þá starfsemi sem þegar er hafin. Borgarstjóri hefur því frá upphafi viðurkennt lögmæti rekstursins en það eru þau rök sem forsvarsmenn Happdrættis Háskólans hafa beitt fyrir sig.

**Háskólinn er heildsali**
Eftir að borgarstjóri kallaði uppsetningu spilasalar „yfirgang“, að hálfu Happdrættis Háskólans svaraði Páll Hreinsson, formaður stjórnar Happdrættis Háskóla Íslands, borgarstjóra í viðtali við Fréttablaðið 30. desember og vísaði á bug fullyrðingum borgarstjóra að Háskóli Íslands væri að reisa spilasal í Mjódd. Það væri fyrirtækið Háspenna ehf. sem það hygðist gera og tengdist Háskólanum ekki á nokkurn hátt. Fyrirtækið Háspenna hafi aðeins leitað eftir því við HHÍ að fá leigða spilakassa. Í þessu samhengi segir Brynjólfur Sigurðsson, forstjóri HHÍ, að happdrættið sé í raun heildsali og ákveði ekki hvar spilasalir eru settir upp. Það hafi verið ákvörðun Háspennu sem hafi fengið öll tilskilin leyfi borgaryfirvalda til reksturs spilasalarins.



**ÚR SPILASAL** Um eitt þúsund spilakassar eru starfræktir á Íslandi. Þeirra er helst að leita á vínveitingahúsum, söluturnum og í sérstökum spilasölum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

„Fyrirtækið hefur leitað til HHÍ um að fá leigðar happdrættisvélar og það er sorglegt að ekki hafi verið betur vandað til undirbúnings málsins að hálfu borgarstjóra en svo, að hann veit ekki hver ætlar að starfrækja spilasalinn. Við erum ekki réttur viðmælandi borgaryfirvalda vilji þau gera breytingar á rekstri spilasalar Háspennu í Mjódd,“ sagði Páll Hreinsson og undrast að borgaryfirvöld hafi ekki gert athugasemdir við rekstur spilasalarins þegar Háspenna sótti um tilskilin leyfi á sínum tíma.

Brynjólfur Sigurðsson, forstjóri HHÍ, harmar að hafa ekki getað kynnt starfsemina fyrir borgaryfirvöldum áður en borgarráð ályktaði gegn starfseminni fyrir jól. „Það átti að banna fólki yngra en tvítugu aðgang og þeim sem neytt höfðu víns eða lyfja. Umsjónarmaður er einnig í öllum spilasölum,“ bendir hann á.

**Þjóðarböl?**
Borgarstjóri hefur sagt að samfélagið í heild verði að skoða hug sinn um hvert það vilji stefna í framtíðinni og telur voðann vísan. Hvort svo sé er aftur umdeilt. Bent hefur verið á að ekki sé hægt að fela, eða útrýma með handafli, því sem stjórnvöldum er ekki þóknanlegt á hverjum tíma og minnt á að ef spilasalir hverfi séu fjölmargir innlendir og erlendir fjárhættuspilamöguleikar á netinu auk annarra vel þekktra happdrætta og fjárhættuspila.

Ljóst er að borgarstjóri mun sækja það fast að Háspenna láti af áformum sínum. Ef eigendur Háspennu neita að hætta við spilasal í Mjóddinni hyggst hann beita sér fyrir því að borgaryfirvöld noti skipulagsákvarðanir til að koma í veg fyrir rekstur spilasalarins þrátt fyrir að borgin skapi sér skaðabótaskyldu með slíkri ákvörðun.

**LAGAHEIMILDIR FYRIR REKSTRI SPILAKASSA**

Rökræða á milli borgarstjóra og forsvarsmanna HHÍ hefur ekki síst snúist um reglugerð um pappírslaust peningahappdrætti Háskóla Íslands þar sem segir í fjórðu grein: „Stjórn happdrættis ákveður hvar happdrættisvélum verður komið fyrir.“ Á þetta ákvæði hefur borgarstjóri bent og fullyrt að það sé alfarið í höndum HHÍ að taka ákvörðun um hvar spilakassar eru settir upp. Forsvarsmenn HHÍ túlka þessa grein ekki á sama hátt og borgarstjóri. Hér sé um neitunarvald að ræða svo HHÍ hafi eitthvað um það að segja hvar spilasalir séu settir upp.

Starfsemi Íslandsspila byggist á lögum nr. 73/1994 um söfnunarkassa og starfsleyfi dómsmálaráðherra. Félagið rekur um 600 spilakassa í söluturnum og á vínveitingahúsum. Ekki er um uppsöfnunarpott að ræða líkt og í kössum happdrættisins. Ágóðinn fer til starfsemi Rauða kross Íslands, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og SÁÁ.

Starfsemi Happdrættis Háskóla Íslands er byggð á heimild í lögum nr. 13/1973 um happdrættið. Dómsmálaráðherra hefur veitt happdrættinu heimild til reksturs spilakassa undir heitunum Gullregn og Gullnáma. Rekur það nú um 390 kassa á vínveitingahúsum og í sérstökum spilasölum. Hámarksvinningar eru mismunandi og eru hærri í Gullnámu, þar sem er uppsöfnunarpottur, en í Gullregni. Ágóðinn rennur til húsbygginga og fleiri verkefna innan Háskóla Íslands.



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

**Ekkert blað?**

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.**

**550 5600**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

PEUGEOT

# ÁR SJÖUNNAR

## OPNAR MEÐ SJÖUTILBOÐ

ALLT AÐ 320.000 KR AFSLÁTTUR Í LJÓNAMERKINU




H:N markaðssamskipti / SIA

DÆMI UM AFSLÁTT

| | Tilboðsverð | Verð áður | Afsláttur |
|---|---|---|---|
| 1007 City 1,4 Hdi diesel, 5 gíra | 1.599.000 | 1.919.000 | 320.000 |
| 206 1,4 S-line bensín, 5 gíra | 1.564.000 | 1.664.000 | 100.000 |
| 307 1,4 bensín 5 dyra, 5 gíra | 1.770.000 | 1.885.000 | 115.000 |
| 307 1,6 Station, 5 gíra | 1.990.000 | 2.119.000 | 129.000 |
| 307 1,6 SW bensín 5 gíra | 2.120.000 | 2.256.000 | 136.000 |
| 407 1,8 4dyra bensín 5gíra | 2.090.000 | 2.379.000 | 289.000 |
| 407 SW 2,0 bensín sjálfsk. | 2.630.000 | 2.799.000 | 169.000 |
| 807 2,0 Hdi diesel sjálfsk. 7 manna | 3.765.000 | 3.599.000 | 166.000 |

Bílar á mynd geta verið með aukabúnaði

www.peugeot.is

Ár sjöunnar er runnið upp. Komdu og lyftu þér upp og sjáðu Peugeot 1007, 307, 307 SW, 307 Station, 407, 407 SW og 807 á einstöku sjöutilboði; frábær afsláttarkjör í boði, bílalán og rekstrarleiga. Peugeot sjöan er meistarahönnun með víðáttu í innanrými, hlaðin tækninýjungum og ýmsum völdum búnaði sem þú getur hæglega bætt við, allt eftir þínum óskum og þörfum. Takmarkað magn bíla í skamman tíma. Vertu gáfnaljón, komdu í Bernhard, Vatnagörðum, og tryggðu þér sjöutilboð.

07

PEUGEOT

BERNHARD

BERNHARD ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100

**Umboðsaðilar:**
Reykjanesbær, **Bernhard**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
T2 4 x 2 lítrar
398 KR.
KIPPUTILBOÐ
4x2 lítrar
Bónus jógúrtís
259 KR.
1 lítri
BÓNUS
Jógúrtís
Aðeins 3.5% fita
1 lítri af Bónus jógúrtís með 3.5% fitu
Leggir eða læri kílóverð nú:
387 KR.
Merkt verð 645KR.
Ferskir leggir læri vængir
Kjötvörur á
300 LÝSISPERLUR
359 KR.
LÝSI
500 ml BÓNUSLÝSI
359 KR.
300 lýsisperlur
OMEGA -3 olían er sögð minnka bólgur (hiti, roði, þroti, sársauki) í liðum margra gigtarsjúklinga. Hún er sögð góð til mótunar heilahluta og þroska sjónhimnu. OMEGA-3 olían er talin minnka hættu á blóðtappa, vera góð fyrir blóðrásina, hjálpleg í meðferð hjartasjúkdóma og gagnleg við sóríasis/húðsjúkdómum.
300 töflur
998 KR.
OMEGA-3
OMEGA þrír
BÓNUS
Súpukjöt II. flokkur Íslandslamb
LAMBASÚPUKJÖT II. fl. kílóverð nú:
279 KR.
FERSKAR KJÖTVÖRUR
Súpukjöt I. flokkur
LAMBASÚPUKJÖT I. fl. kílóverð nú:
499 KR.
...fyrir góðan dag!
Bónus býður betur!
SÉRVÖRU VERSLANIR
1.15 metri x 85 sm x 48 sm
Húsgögn fylgja ekki með
VERÐ NÚ:
3999 KR.
Dæmi:
TIMBUR DÚKKUHÚS:
7999 KR.
Rolly Toys traktor
7999
Rolly Toys traktor með kerru lengd 1.4 m
VERÐ NÚ:
3999 KR.
EKKERT BRUÐL
Motor Max verð nú:
139 KR.
1:43
Björgunarþyrla með áhöfn
VERÐ NÚ:
1299 KR.
HERPYRLA
2599 KR.
SAFNARABÍLL 1:43
279
Safnarabílar 1:43
50% afsláttur og meira af

Frosin ýsuflök með roði

EKKERT BRUDL

Vængir kílóverð nú:
192 KR.
Merkt verð 320 KR.

40% afsláttur
við kassann

Sjáðu verðið!

Tilboð í viku 2 2007

góðu verði!

Frosin ýsuflök kílóverð nú:
499 KR.
MEÐ ROÐI

Ferskar bringur

FERSKAR SKINNLAUSAR kílóverð nú:
1667 KR.
Merkt verð 2565 KR.

35% afsláttur
við kassann

Aðeins 1% fita

Steiktar fiskibollur 1% fita
259 KR.
430g

Steiktar fiskibollur

2 lítrar
98 KR.

Frosin KS lambasvið

Frosin KS lambasvið kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 399 KR.

...fyrir góðan dag!

8 klakar
179 KR.
BÓNUS

Soðin KEA lambasvið kílóverð nú:
489 KR.
Merkt verð 698 KR.

Soðin KEA lambasvið
Klár á diskinn!

KEA

Nýtt kortatímabil!

RED BOX vinnuborð
VERÐ ÁÐUR: 5999
VERÐ NÚ: 1999 KR.
50 hlutir

Dæmi:

Hárgreiðslusett
2799
VERÐ NÚ: 1399 KR.
Yfir 50 hlutir

Dregur 80 metra!

TALSTÖÐ
1999
VERÐ NÚ: 999 KR.

Eldavél 80 x 72 sm
3999 með aukahlutum
VERÐ NÚ: 1999 KR.
20 hlutir

SÉRVÖRU VERSLANIR

völdum leikföngum!

DVD mynd verð frá:
799 KR.

DVD myndbandamarkaður

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Útgjöldin

> Árlegur meðalkostnaður vegna fatnaðar og skóa á heimili árið 2005




# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ÁSGEIR RUNÓLFSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI STÚDENTARÁÐS HÍ

## *Kaupir góðar hugmyndir*



„Ég hugsa að bestu kaupin hafi verið hugmynd sem ég keypti á fundi hjá Röskvu. Hugmyndin var sú að Stúdentaráð ætti að standa fyrir kaupum á skilti sem reist var fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar til þess að krefja borgarstjórnina um fleiri lóðir undir stúdentagarða," segir Ásgeir og bætir því við að það séu yfirleitt góð kaup að kaupa góðar hugmyndir. „Þetta skilaði sér í loforðum um fleiri lóðir frá öllum flokkum en enn sem komið er hafa loforðin ekki verið efnd," segir Ásgeir.

Þegar talið berst að verstu kaupum Ásgeirs er hann ekki lengi að hugsa sig um. „Það hlýtur að vera regnhlíf sem ég keypti á ferðalagi í München. Það byrjaði skyndilega að rigna svo ég keypti þessa regnhlíf sem síðan skekktist um leið og ég opnaði hana í fyrsta skiptið. Ég barðist við hana í hálftíma en að lokum liðaðist hún í sundur svo ég henti henni í næsta rusladall og stóð eftir rennandi blautur," segir Ásgeir sem hefur í nógu að snúast enda kosningar til Stúdentaráðs á næsta leiti. „Það verður kosið dagana 7. og 8. febrúar svo baráttan er komin á fullt."

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### UPP MEÐ SKÆRIN

■ *Guðbjörg Ósk Friðriksdóttir jógakennari rak kaffihús til margra ára og uppgötvaði ásamt stelpunum í eldhúsinu að skærin duga oft betur en hnífar.*



„Já, ég mæli með aukinni skæranotkun í eldhúsinu. Það á helst að klippa allt það grænmeti sem hægt er að klippa. Það er stundum svolítið erfitt að skera niður sólþurrkaða tómata og paprikur og fleira grænmeti. Því er tilvalið og fljótlegra að klippa það. Einnig er óvitlaust að setja sveppi í eggjaskera í stað þess að skera þá niður með hnífi."

■ **Útsölur**

## Skilaréttur á útsöluvörum

Útsölurnar standa nú sem hæst og í hita leiksins er ekki ólíklegt að einhverjum verði á í messunni, kaupi flík sem ekki passar eða húsgagn sem hvergi er pláss fyrir þegar heim er komið. Það er því skynsamlegt að þekkja helstu reglur sem gilda um skilarétt á útsöluvörum.




Almennur skilaréttur gildir ekki um vörur sem keyptar eru á útsölum nema annað sé tekið sérstaklega fram og er það í samræmi við viðskiptavenjur eins og þær hafa tíðkast hingað til. Það er því ekki sjálfsagt að kaupandi geti skipt útsöluvöru.

Sé vara keypt innan 14 daga fyrir upphaf útsölu skal við skil hennar, eftir að útsala hefst, miða við verð vörunnar á útsölunni. Neytandi á þó ávallt rétt á inneignarnótu og skal þá miðað við upprunalegt kaupverð vörunnar.

Algengt er að kaupendur vilji nýta inneignarnótur á útsölunum en þá er gott að hafa í huga að hafi inneignarnótan verið gefin út innan 14 daga fyrir útsölu eða meðan á útsölu stendur er ekki heimilt að nota hana á útsölunni nema með samþykki seljanda.

■ **Orka**

## Hvernig er orkunýtingin á heimilinu þínu?

Á vefsíðu Orkuseturs, www.orkusetur.is, má finna reiknivél sem ber saman slæma og góða orkunýtni. Reiknivélinni er skipt í tvo hluta sem sýna nákvæmlega sömu þjónustu en með mismunandi nýtni. Til dæmis er hægt að bera saman samsvarandi lýsingu með glóperum og sparperum, raforkunotkun eldri og nýrri tækja og tölvunotkun með far- og borðtölvu.




Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni




Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ – Vel lesið

*Gallup maí 2006




**TÖLVUR** Skilmálar um takmörkun á erlendu niðurhali eru sagðir vera til þess að koma í veg fyrir að notendur hafi áhrif á tengingar annarra viðskiptavina. Þrátt fyrir skilmálana eru tengingarnar auglýstar þannig að niðurhalið sé ótakmarkað.

# Ótakmarkað niðurhal – þó með takmörkunum

**Fjarskiptafyrirtækin á landinu bjóða flest upp á netþjónustu með ótakmörkuðu erlendu niðurhali. Með því er átt við að ekki skipti máli hversu miklum gögnum notandinn hali niður erlendis frá. En er niðurhalið í rauninni ótakmarkað?**

Í skilmálum þriggja stærstu fyrirtækjanna, Símanum, Vodafone og Hive, kemur fram að hali notandi of miklu niður erlendis frá á mánuði verði þjónusta hans takmörkuð eða henni jafnvel sagt upp.

Í skilmálum Símans segir: „Síminn áskilur sér rétt til að takmarka þjónustu til rétthafa tengingar, sé hann uppvís að síendurteknu óhóflegu erlendu niðurhali sem hefur áhrif á tengingar annarra viðskiptavina."

Samkvæmt skilmálum Vodafone áskilur fyrirtækið sér rétt til að synja rétthafa um þjónustu um stundarsakir eða til frambúðar, fari niðurhal á gagnamagni yfir fjörutíu gígabæt á mánuði. Þetta er gert til þess að tryggja öryggi í gagnaflutningum frá útlöndum.

Svipuð klausa er í skilmálum hjá Hive, en þar er miðað við sextíu gígabæt á mánuði.

Til samanburðar þá samsvara fjörutíu gígabæt um fjörutíu kvikmyndum eða níutíu klukkustunda hlustun á erlenda útvarpsstöð á netinu.

„Hefðbundinn notandi notar svo rosalega lítið af þessu magni að við tölum um það sem ótakmarkað," segir Gísli Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Vodafone.

„Þeir sem fara ítrekað yfir fjörutíu gígabæt í notkun á mánuði hafa hins vegar áhrif á flutningshraða annarra notenda í netsamskiptum til útlanda og því teljum við mikilvægt að setja svona skilyrði."

„Síminn mun ekki gjaldfæra neitt meira og að því leytinu vísar þjónustan enn þá á ótakmarkað niðurhal," segir Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi hjá Símanum. Hún segir ákvæðin viðmið hafa verið sett þannig að notkunin trufli ekki aðra notendur. Þess vegna auglýsi Síminn ótakmarkað niðurhal með takmörkunum.

Þorsteinn Baldur Friðriksson, markaðsstjóri hjá Hive, segir fyrirtækið ekki enn hafa þurft að beita þessari klausu í skilmálunum.

„Við höfum þennan varnagla á til þess að koma í veg fyrir að fólk sé að endurselja tengingar eða slíkt. Við erum ekki að loka á venjulega notendur, þótt þeir fari vel yfir þessi mörk sem koma fram í skilmálum okkar," segir hann.

salvar@frettabladid.is

Neytendasamtökin segja neytendur eiga rétt á hollum mat:

# Transfitusýru þarf að merkja

Engar reglur gilda á Íslandi um upplýsingaskyldu vegna transfitusýra í matvælum, þrátt fyrir að Neytendasamtökin hafi vakið athygli á skaðsemi þeirra um árabil.

Í Danmörku og í Bandaríkjunum hefur verið brugðist við hættunni, segja Neytendasamtökin, en þau hvetja íslenska ráðamenn til þess að tryggja einnig hagsmuni hérlendra neytenda.

Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna hefur úrskurðað að ekki sé til neitt öruggt viðmið transfitusýra og því er framleiðendum skylt að upplýsa um magn fitusýra á umbúðum. Neytendur geti þannig forðast þau matvæli sem innihalda sýrurnar.

Árið 2003 samþykkti danska þingið löggjöf sem skyldar framleiðendur til að takmarka magn sýranna í öllum unnum mat sem fer á danskan markað.

Transfitusýrur verða til þegar fljótandi olía er hert og samkvæmt Vísindavefnum eru þær þeirrar gerðar að „hvatar sem vinna við að brjóta niður fitu geta ekki brotið transfitusýruna niður". Hvatarnir verða svo uppteknir við niðurbrotið að erfitt verður fyrir líkamann að eiga við nauðsynlegar fitusýrur.

- kóþ




**FRANSKAR KARTÖFLUR** Íslendingar reyndust borða Evrópuþjóða mest af transfitusýrum árið 1995. Sýrurnar leynast meðal annars í frönskum kartöflum, kexi, örbylgjupoppi og kökum.

# TAKMARKAÐ MAGN

**Eingöngu í dag • Rýmingarsala á sýningavélum og lítið útlitsgölluðum fartölvum**
**Fyrstir koma fyrstir fá • Aðeins brot af úrvalinu • Það er aldrei að vita hvað þú finnur**




Athugið að vörum af útsölu er ekki hægt að skila • Myndir í auglýsingu eru ekki endilega af viðkomandi vöru á útsölu • Birt með fyrirvara um breytingar

**80.000 LÆKKUN 1 stk**
### MSI L725 Centrino
1.86GHz Pentium Dothan750, 1GB DDR minni, 100GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 17" WSXGA ColorBrite skjár, 256MB GeForce Go6600 skjákort, kortalesari, Windows XP PRO á íslensku eða ensku
**89.900**

**40.000 LÆKKUN 20 stk**
### Acer Aspire 5102WLMi
1.6Ghz AMD Turion 64, 1GB DDR2 minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA CrystalBrite skjár, 128MB ATI Radeon X1100 skjákort, vefmyndavél, Windows XP Home á íslensku eða ensku
**79.900**

**20.000 LÆKKUN 10 stk**
### Acer TravelMate 4672WLMi
1.66GHz Intel Core Duo T2300, 512MB minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA breiðtjaldsskjár, 128MB Intel GMA950 PCI-Ex skjákort, þráðlaust net, Windows XP PRO á íslensku eða ensku
**99.900**

**50.000 LÆKKUN 2 stk**
### Acer Aspire 5672AWLMib
1.66GHz Intel Core Duo T2300, 2GB DDR2 minni, 120GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA CrystalBrite skjár, 128MB ATI X1600 PCI-Ex skjákort, vefmyndavél, Windows XP Home á íslensku eða ensku
**119.900**

**30.000 LÆKKUN 6 stk**
### Dell Inspiron 640M
1.66GHz Intel Core Duo T2300, 1GB DDR2 minni, 60GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 14.1" WXGA Ultrasharp skjár, Intel GMA950 PCI-Ex skjákort, þráðlaust net, Windows XP PRO á íslensku eða ensku
**99.900**

**30.000 LÆKKUN 3 stk**
### Dell Inspiron 6400
1.66GHz Intel Core Duo T2300, 2GB Dual DDR2 minni, 100GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA Ultrasharpskjár, 256MB ATI Radeon X1400 PCI-Ex skjákort, þráðlaust net, Windows XP PRO á íslensku eða ensku
**149.900**

**50.000 LÆKKUN 1 stk**
### Asus V6J-8022P
1.66GHz Intel Core Duo T2300, 1GB Dual DDR2 minni, 100GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15.4" WXGA breiðtjalds skjár, 128MB DDR Geforce Go7400 skjákort, þráðlaust net, Windows XP PRO á íslensku eða ensku
**149.900**

**100.000 LÆKKUN 1 stk**
### HP COMPAQ nc6120-1
2.0GHz Pentium M Dothan760, 512MB minni, 80GB harðdiskur, DVD±RW skrifari, 15" SXGA háupplausnar skjár, 128MB Intel GMA900 skjákort, BlueTooth, Windows XP PRO á íslensku eða ensku
**69.900**

## TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 13 ÁR

**REYKJAVÍK** Nóatúni 17, Sími 414 1700
**AKUREYRI** Glerárgötu 36, Sími 414 1730
**KEFLAVÍK** Hafnargötu 90, Sími 414 1740
**EGILSSTÖÐUM** Miðvangi 2-4, Sími 414 1735

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.730 **-0,72%**

**Fjöldi viðskipta:** 611
**Velta:** 8.408 milljónir

MESTA HÆKKUN

**Eimskipafélagið** +1,50%

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **365** | -1,83% |
| **Mosaic** | -1,65% |
| **Glitnir** | -1,23% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,84 -,83% ... Actavis 67,60 -0,15% ... Alfesca 4,95 -0,40% ... Atlantic Petroleum 552,00 +0,00% ... Atorka 6,94 -0,43% ... Bakkavör 62,70 +0,00% ... Eimskipafélagið 33,80 +1,50% ... FL Group 27,30 -0,73% ... Glitnir 24,10 -1,23% ... Kaupþing 896,00 -0,89% ... Landsbankinn 28,50 -0,70% ... Marel 76,00 -0,65% ... Mosaic Fashions 14,95 -1,65% ... Straumur-Burðarás 17,90 -0,56% ... Össur 113,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*



**Final countdown**
Umræðan um evruna er á fleygiferð og kannski meiri ferð en henni er hollt á köflum. Þannig var umræðan búin að flytja uppgjör Kaupþings í evrur, en ekki verður af því á árinu. Vilji er örugglega til þess í fjármálastofnunum að fara slíka leið þegar fram líða stundir. Ljóst er að það gerist ekki fyrr en í fyrsta lagi á næsta ári. Einhverjir voru þeirrar skoðunar að Kaupþingsmaðurinn Ármann Þorvaldsson hefði tækifæri í veislu sinni að ári til að senda skýr skilaboð inn á markaðinn ef hann fengi hljómsveitina Europe til að spila í partíinu. Þá væri væntanlega hafið „final countdown" á evruvæðingunni.

**Flugraunir í Færeyjum**
Fimm fyrrv. starfsmenn færeyska flugfélagsins Faroe Jet stefna að því að setja á laggirnar nýtt flugfélag í Færeyjum. Fyrir liggur í lok þessa mánaðar hvort fjármagn fæst til rekstursins. Faroe Jet, sem sett var á laggirnar í desember árið 2005 til höfuðs færeyska flugfélaginu Atlantic Airways og ætlaði að fljúga einni vél tvisvar á dag á milli Voga í Færeyjum og Kaupmannahafnar í Danmörku, var úrskurðað gjaldþrota í desember í fyrra og misstu 25 manns vinnuna. Allir höfðu þeir áður unnið hjá Atlantic Airways. Færeyska ríkisútvarpið hafði eftir Hans Meinhard á Høgabóli, einum stærsta fjárfestinum, í vikubyrjun að hann reikni með mikilli eftirspurn eftir ferðum með vélum félagsins.

## MARKAÐSPUNKTAR ...

Alls námu heildarútlán Íbúðalánasjóðs um 4,9 milljörðum króna í desember. Þar af voru um 1,3 milljarðar króna vegna leiguíbúðalána. Almenn útlán námu um 3,6 milljörðum króna. Heildarútlán ársins námu ríflega 49,5 milljörðum króna.

Hlutabréf Apple Computers hafa hækkað mikið síðustu tvo daga, eftir að félagið tilkynnti um nýjung á fjarskiptamarkaði, svokallaðan iPhone, sem er sími með innbyggðan iPod og myndavél.

Afkoma Alcoa, stærsta álframleiðanda heims, hefur ekki verið betri í 118 ár. Frá því segir í Vegvísi Landsbankans að hagnaður félagsins hafi numið í fyrra 2,2 milljörðum dala, sem samsvarar um 160 milljörðum króna.

# Moss sendir frá sér afkomuviðvörun

Moss Bros hefur gefið út afkomuviðvörun þar sem segir að hagnaður félagsins á rekstrarárinu sem er að ljúka muni dragast töluvert saman á milli ára, jafnvel þótt afkoma af óreglulegum liðum aukist.



**MEÐAL STÆRSTU Í HERRAFÖTUM** Moss Bros segir að hagnaður minnki á milli ára.

Fram kemur að sala þessa þriðja stærsta herrafatasala Bretlandseyja hafði aukist um eitt prósent á milli ára miðað við fyrstu 49 vikur rekstrarársins sem lauk 6. janúar. Þegar einungis er horft til innri vaxtar dróst velta saman um 1,4 prósent.

Vegna hlýindanna í Bretlandi á haustdögum dró úr sölu á þykkum frökkum og vetrarfatnaði. „Ég held að það sé liðin tíð að tala um kuldakafla í nóvember og desember," segir forstjórinn Philip Mountford í Guardian. Stjórnendur segja að þrátt fyrir erfitt rekstrarumhverfi í breskri smásölu muni þeir halda ótrauðir áfram að stækka félagið og endurbæta verslanir.

Moss er að stærstum hluta í eigu Unity, fjárfestingafélags í eigu Baugs, FL Group og Kevins Stanford. Baugur hefur verið orðaður við yfirtöku á Moss, eins og stofnendur félagsins – Moss-fjölskyldan og fjárfestingasjóðurinn Dawnay Day. - eþa

# Fyrsti lækkunardagur ársins

Úrvalsvísitalan lækkaði í gær í fyrsta skipti á árinu eftir töluverða hækkun það sem af er ári. Lækkun gærdagsins, sem rakin er til snöggrar lækkunar á krónunni, nam 0,7 prósentum og endaði vísitalan í 6.730 stigum.

Veltan nam 8,4 milljörðum króna í töluverðum fjölda viðskipta, eða 611.

Nær öll félög lækkuðu í virði. Hlutabréf í Glitni og Landsbankanum lækkuðu um rúmt eitt prósent, Kaupþing og FL um tæpt eitt prósent og Straumur-Burðarás um rúmt hálft prósent.

Bréf í 365 lækkuðu mest, eða um 1,83 prósent.

Eina félagið sem hækkaði í gær var Hf. Eimskipafélagið sem hækkaði um 1,5 prósent.

Frá áramótum nemur heildarvelta með hlutabréf tæpum 179 milljörðum króna. Árshækkun Úrvalsvísitölunnar, sem samanstendur af fimmtán félögum, er um fimm prósent. - eþa

# Krónan fellur á orðrómi

**Tæplega tveggja prósenta lækkun krónunnar í gær er rakin til umræðu um yfirfærslu á eigin fé bankanna. Sérfræðingar telja líklegt að áfram verði flökt á krónunni, sem þó komi til með að styrkjast þegar frá líði. Fleiri hávaxtamyntir hafa veikst síðustu daga.**

Krónan hafði fallið um 1,97 prósent við lokun markaða í gær og hefur þar með fallið um 3,2 prósent á fimm viðskiptadögum. Engu að síður gaf hollenski bankinn ABN Amro út í gær svokölluð jöklabréf fyrir þrjá milljarða króna til eins árs, en það hefði heldur átt að styðja við krónuna, að sögn Ingólfs Benders, forstöðumanns greiningardeildar Glitnis. Jöklabréf eru erlend skuldabréf sem gefin eru út í krónum.

Ingólfur telur jöklabréfaútgáfuna fremur hafa unnið á móti veikingu krónunnar í gær, sem hann segir líklegast til komna vegna umræðunnar um yfirfærslu bankanna á eigin fé sínu í evrur úr krónum. „Veikingin er kannski eðlileg til skemmri tíma, en langtímaáhrif ættu nú fremur að styrkja krónuna en hitt," bætir hann við.

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, telur einnig að rót gengisóróans sé að finna í umræðunni um mögulega yfirfærslu bankanna úr krónu í evrur. „Það eru engar fréttir aðrar sem gætu skýrt þetta, þannig að ég held þetta sé frekar taugatitringur því í stöðunni eru þættir sem toga í báðar áttir. Það er bara auðveldara að sjá veikingarþáttinn," segir hún og bendir á að til styrkingar krónunnar séu hlutir á borð við mikinn vaxtamun og fleira. Hún spáir þó áfram titringi á gjaldeyrismarkaði. „En krónan er mjög nálægt jafnvægisgengi og ég hef trú á því að hún sveiflist í kring um það sem hún hefur verið að gera. Umræðan gerir hins vegar að verkum að hún er undir álagi núna." Edda Rós telur veikingu krónunnar líklega til að ganga aftur til baka og að hún verði ívið sterkari þegar fram í sækir.



**KRÓNUR** Sérfræðingar velta vöngum yfir veikingu íslensku krónunnar síðustu daga og rekja hana til umræðu um stöðu gjaldmiðilsins kæmi til þess að bankarnir tækju að gera upp í erlendri mynt.

Þá benti greiningardeild Kaupþings á það í gær að íslenska krónan sé ekki eina hávaxtamyntin sem hafi veikst í gær. „Í raun hafa flestar þeirra svokölluðu hávaxtamynta einnig veikst samfellt fimm daga í röð. Þannig má vel vera að rekja megi veikingu síðustu daga almennt til söluþrýstings meðal hávaxtamynta og tengist því ekki atburðum hér á bæ," segir Kaupþing. olikr@frettabladid.is

# Greiðslur hækka um sjö prósent

Stefnt er að því að hækka lífeyrisréttindi sjóðsfélaga Lífeyrissjóðs verzlunarmanna um sjö prósent, eða sem nemur 11,8 milljörðum króna. Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að gera tillögu um hækkunina til aðildarsamtaka sjóðsins.

Hækkunin er umfram verðlag, en lífeyrissjóðsgreiðslur eru verðtryggðar og leiðréttar mánaðarlega. Á vef sjóðsins kemur fram að á 10 árum hafi réttindi sjóðsfélaga verið um 21,1 prósent umfram verðlagsbreytingar. Að sögn Þorgeirs Eyjólfssonar, forstjóra lífeyrissjóðsins, hækka greiðslur til lífeyrisþega strax um næstu mánaðamót.



**ÞORGEIR EYJÓLFSSON** Þorgeir er forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Ákvörðunin um hækkun réttinda er sögð tekin í ljósi góðrar raunávöxtunar sjóðsins á síðasta ári, sem hafi verið annað besta rekstrarár í sögu lífeyrissjóðsins með liðlega 12 prósenta raunávöxtun. Tryggingafræðileg staða sjóðsins er sögð hafa styrkst verulega. Við áramót námu eignir sjóðsins 240 milljörðum króna og höfðu hækkað um 26 prósent á árinu. „Eignir umfram heildarskuldbindingar að meðtöldum framtíðarréttindum námu 32 milljörðum eða 7,9 prósentum," segir sjóðurinn, en þrátt fyrir hækkun er staða sjóðsins sögð munu verða jákvæð um 4,9 prósent, eða liðlega 20 milljarða að henni afstaðinni. - óká


# Safnað fyrir Nóna Sæ

***Nóni Sær Ásgeirsson*** *er 8 ára drengur sem lamaðist fyrir neðan mitti í alvarlegu bílslysi þar sem 5 ára systir hans, Svandís Þula, lét lífið.*

***Atlantsolía og Bergvin Oddsson*** *vilja safna fyrir fjölskyldu hans og létta af þeim fjárhagsáhyggjum í þeim hörmungum sem þau hafa orðið að þola.*

***Í dag, fimmtudaginn 11. janúar, renna 150 krónur*** *af hverri áfyllingu til fjölskyldunnar á bensínstöð Atlantsolíu við Húsgagnahöllina.*

***Þeir sem vilja styrkja Nóna Sæ geta lagt inn á framtíðarreikning hans: 150-18-750079 kt. 240898-2769***

***Tónleikar og uppistand á Hverfisbarnum***
*Í kvöld verða tónleikar og uppistand á Hverfisbarnum milli klukkan 21 og 23. Þar koma m.a. fram ítalski tónlistarmaðurinn* ***Leone*** *ásamt* ***Guðrúnu Árnýju*** *og munu þau flytja lag sem er tileinkað Svandísi Þulu. Einnig munu Rökkvi Vésteinsson og hljómsveitin The Lost Toad koma fram ásamt hljómsveitinni Ripp, Rapp og Rupp.*
*Atburðurinn er skipulagður af* ***Bergvini Oddssyni*** *sem einnig mun vera með uppistand. Aðgangseyrir: 1000 kr.*

***Salernispappír til styrktar***
*Bergvin Oddsson mun milli klukkan 4 og 7 selja klósettpappír við bensínstöðina til styrktar fjölskyldunni.*







ATLANTSOLIA

PIPAR • SÍA • 70066


Nú borgar sig að parketleggja!
ÚTSALA!
á öllum gerðum af parketi í Harðviðarvali
20-70%
AFSLÁTTUR
viðarparket
plastparket
harðparket
flísar
hurðir
blöndunartæki
HARÐVIÐARVAL
Krókhálsi 4 • 110 Reykjavík
Sími 567 1010
– Þegar þú kaupir gólfefni
www.parket.is




Þú sparar 600 kr. kg

UNGNAUTAHAKK ÚR KJÖTBORÐI

798 kr. kg




40% afsláttur

MÓA 1/1 KJÚKLINGUR

449 kr. kg




þú sparar 300 kr. kg.

LAXASTEIK MEÐ TERYAKI BLÖNDU

1.698 kr. kg




þú sparar 300 kr. kg.

KEILA Í TÓMAT OG BASIL

998 kr. kg




Eden Organic tómatar í dós

Hodgson Mill gæðaspaghettí

20% afsláttur




PEPSI MAX 2 L

129 kr. stk.



Egils Kristall

99 kr. 1 lítri

Bestir í kjöti
NÓATÚN

# Ódýr matur í Nóatúni!



25% afsláttur
GOÐA SÚPUKJÖT
399 kr. kg



Úr Fiskborði Nóatúns

þú sparar 400 kr. kg.

PLOKKFISKUR
ÚR FISKBORÐI
798 kr. kg



Úr Fiskborði Nóatúns

þú sparar 400 kr. kg.

FISKBOLLUR 3 TEGUNDIR
SMÁAR BOLLUR 798 kr. kg. – FYLLTAR BOLLUR 898 kr. kg

## Tilboð á salatbar!



399 kr. boxið



HEARTLAND GRANOLA
MORGUNKORN 3 TEGUNDIR
288 kr. pk.

## Asian gourmet lína fyrir öll tækifæri



Frí sýnishorn á meðan birgðir endast
25% afsláttur

Verði ykkur að góðu!

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ótrúlegar upphæðir fara í erlenda spilakassa:

## Spilafíkn

KÁRI JÓNASSON SKRIFAR

Frásagnir af spilafíklum sem birtust í Fréttablaðinu í gær, hljóta að vekja marga til umhugsunar um spilakassa, og hvert það getur leitt að ánetjast þeim. Hér á landi eru nú upp undir eitt þúsund spilakassar, og flestir þeirra eru á veitingastöðum og sjoppum þar sem bæði ungir sem aldnir eiga greiðan aðgang að þeim. Í þessum spilakössum er yfirleitt ekki um háar upphæðir að ræða sem lagðar eru undir eða greiddar í vinninga.

Það er hins vegar spilamennska á netinu sem lagt getur fjárhag einstaklinga í rúst og þar með heimilislíf og hjónabönd. Nokkur dæmi munu vera um slíkt, þótt það fari ekki hátt.

Formaður Samtaka áhugafólks um spilafíkn – skammstafað SÁS- Júlíus Þór Júlíusson hefur kynnst mörgum átakanlegum dæmum um spílafíkn og lýsir þeim hér í blaðinu: „Í síðustu viku hringdi í mig maður og sagði mér að konan hans væri búin að eyða á þriðju milljón króna í fjárhættuspil á netinu á nokkrum dögum.“ Annar maður hafði samband við samtökin í nóvember og hafði hann eytt 2,7 milljónum króna á netinu á 10 dögum í fjárhættuspil.

*Víða í nágrannalöndunum eru starfrækt spilavíti undir ákeðnum reglum og með miklu eftirliti.*

Júlíus segir í Fréttablaðinu að spilafíklar flýji oft inn á heimili sín og spili þar í einrúmi. Þeir virðast sumir hverjir ekki vilja láta sjá sig í opnum spilasölum og spila því heima hjá sér.

Nokkur dæmi munu vera um það frá síðasta ári að spílafíklar hafi framið sjálfsmorð, vegna fíknar sinnar og þeir hafa þá væntanlega verið búnir að rústa fjárhag sínum og fjölskyldunnar.

Langstærstur hluti þeirra sem leita til SÁS spilar á netinu. Þar er bæði áhættan og gróðavonin meiri. Spilavítin á netinu eru erlendis og því getur verið erfitt að takmarka aðgang að þeim. Samtökin hafa nú í undirbúningi greinargerð til dómsmálaráðuneytisins um hvernig hægt sé að loka landinu fyrir erlendum fjárhættuspilasíðum, og hafa rætt þetta mál við dómsmálaráðherra.

Spilafíkn er ekkert nýtt fyrirbæri sem hefur komið með spilakössum og netinu. Hér á landi hafa stóru happdrættin þrjú verið starfrækt í tugi ára, og síðan bættust getraunir og Lottó við. Yfirleitt spilar fólk ekki í happdrættunum og tekur þátt í getraunum og Lottói til að styrkja viðkomandi starfsemi, þótt það geti verið ásetningur sumra, heldur er þetta þörfin fyrir spennu og vinningsvon sem rekur fólk almennt til þess.

Þá er það opinbert leyndarmál að spilaklúbbar voru starfræktir hér þar sem lagt var undir, og talað um töluverðar upphæðir í þeim efnum. Vera má að þeir séu enn við lýði.

Víða í nágrannalöndunum eru starfrækt spilavíti undir ákveðnum reglum og með miklu eftirliti. Þar geta spilafíklar lagt undir takmarkaðar upphæðir og fengið þannig útrás fyrir fíkn sína. Það er athugunarefni hvort slíkt ætti að taka upp hér á landi, með ströngum reglum og ákveðnum takmörkunum. Slíkt myndi líka vera viðbót við þjónustuna við ferðamenn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Evrur og dollarar

Það heyrist víða núna að fyrirtæki séu að flýja krónuna. Mest hefur þessi umræða umhverfst um stóru bankana og allir spyrja sig hvort þessi eða hinn bankinn ætli að gera upp í öðrum gjaldmiðli en gömlu góðu íslensku krónunni. En það eru ekki allir á eftir evrunni. Tölvu- og leikjafyrirtækið CCP, sem staðsett er í 101 Reykjavík, hefur nú samið við flesta starfsmenn um að þeir fái greidd laun í dollurum. Það mun vera helsta viðskiptamynt þess fyrirtækis. Það er þá starfsmanna að sitja uppi með gengisáhættu þurfi þeir að eyða þessum dollurum á Íslandi.



### Bílamál

Bílamál lögreglunnar voru til umræðu á þessum stað á mánudaginn. Þá var sagt frá því að Stefán Eiríksson lögreglustjóri hefði fengið Subaro Legacy til afnota. Hann hefði ekki látið sérútbúa bíl fyrir sig eins og hefði tíðkast hjá embætti ríkislögreglustjóra. Í kjölfarið barst yfirlýsing frá ríkislögreglustjóra sem Jón Hákon Magnússon, almannatengill hjá KOM, sendi. Þar kom fram að enginn hjá embættinu hefði sérstakan bíl frá embættinu til afnota. Leiðréttist það hér með. Jón Hákon mun nú hafa verið fenginn til að standa betur vörð um orðspor embættisins í opinberri umræðu og bregðast við ef þörf þyki.

### Póst-grúppur

Hallur Magnússon, sviðsstjóri hjá Íbúðalánasjóði, segist fyrir mistök hafa sent afskræmdar auglýsingar Kaupþings á stóran hóp fólks frá netfangi opinberrar stofnunar. Hann hafi ætlað að senda til samstarfsmanna sinna en pósturinn var sendur á stóran hóp fólks. Spurning hvernig Hallur fór að því að gera þessi mistök og stíla bréfið á vitlausan hóp. Ætli hann sendi oft fjölmiðlamönnum, alþingismönnum, háskólafólki, mömmu sinni og „Rúnari bróður“ (Björn Rúnar Guðmundsson hjá Landsbankanum) sama póstinn?



bjorgvin@frettabladid.is

# Risi á brauðfótum



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Bandaríkin

Saga heimsins er saga heimsvelda, sem tókust á um yfirráð yfir löndum og þjóðum. En hvað er heimsveldi? Heimsveldi þarf ekki að ráða yfir heiminum öllum, það hefur engu veldi tekizt. Skilgreiningin er þrengri. Heimsveldi köllum við lönd, sem ráða með góðu eða illu yfir einhverjum löndum öðrum eða landskikum utan eigin landamæra. Bretland og Frakkland voru heimsveldi eins og nýlendur þeirra víða um heiminn vitnuðu um, og bæði löndin báru nafngiftina löngum með ánægju. Sovétríkin voru heimsveldi og höfðu Austur-Evrópu undir hæl sínum í nær hálfa öld. Kína er heimsveldi, enda ráða Kínverjar lögum og lofum í Tíbet og gera einnig kröfur til umráða yfir Taívan. Listinn er lengri.

Hvað um Bandaríkin? Eru þau heimsveldi? Bandaríkjamenn sjálfir svara spurningunni margir neitandi, en það svar stenzt varla stranga skoðun, eins og skozki sagnfræðingurinn Niall Ferguson lýsir vel í bók sinni Colossus (2004). Hann segir: Bandaríkjamenn hafa nú komið fyrir máttlausum leppstjórnum í Afganistan og Írak að loknum innrásum í bæði löndin, svo að varla þarf frekari vitna við. Ferill Bandaríkjanna er auk annars markaður yfirgangi gegn öðrum löndum nær og fjær langt aftur í tímann. Þó er Bandaríkjamönnum mörgum meinilla við nafngiftina heimsveldi, þeim líkar ekki að vera dregnir í dilk með Sovétríkjunum og Kína. Við erum lýðræðisríki, segja þeir, með réttu.

Bandaríkin eru samt heimsveldi, segir Niall Ferguson, hvort sem Bandaríkjamönnum líkar það vel eða illa. Ferguson færir rök að því, að Bandaríkin séu heimsveldi á fallanda fæti. Lítum yfir sviðið.

Þátttaka Bandaríkjanna í síðari heimsstyrjöldinni skipti sköpum í því stríði, á því er enginn vafi, og Kaninn hafði einnig sigur í Kóreustríðinu 1950-53. Síðan þá hafa Bandaríkjamenn háð tvö stór stríð á eigin spýtur. Þeir töpuðu í Víetnam og hrökkluðust þaðan 1975, 58 þúsund mannslífum fátækari. Og nú hafa Bandaríkjamenn barizt lengur í Írak en þeir börðust í síðari heimsstyrjöldinni, og hvorki gengur né rekur, svo að þeir virðast munu tapa þar eins og í Víetnam og hrökklast burt. Írak er litlu fjölmennara land en Texas, en hernaðarsigur yfir svo litlu og vanburðugu landi er Bandaríkjamönnum samt um megn. Nærri má geta, hversu þeim myndi þá vegna í stríði gegn Íran, sem er þrisvar sinnum fjölmennara land en Írak. Flóastríðið í Kúveit 1990-91 er ekki talið með hér, enda var það háð í umboði Sameinuðu þjóðanna (SÞ) og naut víðtæks stuðnings.

Niall Ferguson lætur ekkert af þessu koma sér á óvart. Bandaríkjamenn eru veikgeðja, segir hann. Þá skortir aga. Þeir eyða öllu sínu aflafé og leggja ekkert af því til hliðar, heldur taka þeir endalaus lán í útlöndum – í Kína! – og lifa langt um efni fram. Þeim er ekki alvara. Þeir heyja meira að segja stríð út á krít og með hangandi hendi, af því að þeim hrýs hugur við mannfalli. Þátttaka Bandaríkjanna í síðari heimsstyrjöldinni var fjármögnuð bæði með skattaálögum og lántökum. Roosevelt forseti þrábað þjóðina að færa fórnir, og hún brást vel við áskoruninni og vann með öðrum sigur gegn nasistum og bandamönnum þeirra. Í Víetnamstríðinu var annar háttur hafður á. Þá treysti stjórnin sér ekki til að hækka skatta til að standa straum af stríðsrekstrinum, svo að umtalsverður halli varð á fjárlögum og leiddi til verðbólgu. Þjóð, sem treystir sér ekki til að fjármagna stríðsrekstur af eigin aflafé, heldur varpar herkostnaðinum huglaus og duglaus á komandi kynslóðir, hún er ekki sigurstrangleg í stríði, enda töpuðu Bandaríkjamenn í Víetnam.

Og enn er Kaninn við sama heygarðshorn og treystir sér ekki til að færa nauðsynlegar fórnir og fjármagna stríðið í Írak með aukinni skattheimtu. Ekki nóg með það: Bush forseti hefur beitt sér fyrir stórfelldri lækkun skatta í stríði til að friða almenningsálitið. Það þurfti að múta þjóðinni til að fara í þetta stríð. Þetta er nýtt. Stuðningur almennings við stríðið í Írak og við forsetann, sem leiddi þjóðina út í stríð á upplognum forsendum, fer nú ört þverrandi líkt og gerðist í Víetnamstríðinu. Bandaríkin hafa afhjúpað sig. Fyrir fáeinum árum efuðust fáir um mátt þeirra og megin. Nú sér öll heimsbyggðin, hvernig komið er fyrir risanum: hann stendur berstrípaður á brauðfótum. Mesta herveldi heimsins tapar stríði eftir stríð, nema það sé háð í umboði SÞ. Kannski þeir hugsi sig tvisvar um, áður en þeir gera næstu innrás á eigin spýtur. Gömlum bandamönnum og vinum blöskrar.

# Eigum við ekki bara að fara að hætta þessu?

**UMRÆÐAN**

Fjölskyldan



ODDNÝ STURLUDÓTTIR

Niðurgreiðslur til dagforeldra jukust þann 1. janúar en ekki liggur ljóst fyrir hvort fjármagnið eigi að renna í vasa dagforeldra eða foreldra. Meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks virtist ekki vera búinn að gera upp við sig hvort féð væri launahækkun, eða búbót fyrir barnafjölskyldur. Dagforeldrar eru ævareiðir enda hafa þeir þurft að svara ævareiðum foreldrum fyrir sleifarlag meirihlutans. Athafnastjórnmálamenn mættu stundum hugsa sig betur um áður en þeir athafna sig.

Barnabætur hækkuðu um áramót en þó ekki meira en leikskólagjöldin í Reykjavík. Staðreyndin er sú að eftir 1. janúar koma ráðstöfunartekjur barnafólks hlutfallslega verr út en ráðstöfunartekjur barnlausra hjóna, þrátt fyrir hækkun barnabóta. Ástæðan er hækkun leikskólagjalda 1. janúar sem gerir að engu hækkun barnabóta fyrir Reykvíkinga með börn á leikskóla. Önnur höndin gefur en hin tekur og hún er fagurblá í báðum tilvikum.

Enn undarlegra er hvernig blágræna bandalagið snuðar fólk sem kýs að eignast mörg börn, með stuttu millibili. Fæðingarorlofslöggjöfin er þannig innréttuð að foreldri fær áttatíu prósent af meðallaunum tveggja síðustu ára. En hafi foreldrið eignast barn stuttu áður og þar af leiðandi tekið fæðingarorlof til að sinna því barni, skerðast tekjur foreldranna sem því nemur, oftast mæðranna því þær taka yfirleitt lengra orlof. Hluti af tekjunum reiknast því sem áttatíu prósent af áttatíu prósentum af launum.

Því spyr ég sem móðir tveggja ungra barna: Af hverju er þetta ekki leiðrétt? Af hverju ná hjón með meðaltekjur ekki tekjutengdum barnabótum? Eru barnabætur fátækrastyrkur eða hugsaðar til að létta undir með barnafólki? Af hverju þurfa dagforeldrar í Reykjavík að svara fyrir sleifarlag stjórnmálamanna? Er Ísland barnvænt samfélag undir forystu blágræna bandalagsins? Eigum við ekki bara að fara að hætta þessu barnastússi?

*Höfundur er móðir tveggja ungra barna og varaborgarfulltrúi Samfylkingarinnar.*



**PÓLSKT OG PENT**
Pólski hönnuðurinn Maciej Zien hefur getið sér gott orð í heimalandi sínu.
TÍSKA 6



**IKEA-BEKKUR GERÐUR UPP**
Freyja Dögg Frímannsdóttir bólstraði Ikea-bekk og gerði upp
HEIMILI 8



## ALLT HITT

[ TÍSKA HEIMILI HEILSA ]

**Útsölur** eru nú í flestum tískuvöruverslunum. Gerið góð kaup með því að finna sígildar flíkur úr vönduðum efnum og léttar flíkur fyrir sumarið.



**Gamalt** húsráð segir að dreifa skuli grófu salti á klaka til að leysa hann upp. Oft var þörf en nú er nauðsyn. Hvernig er ástandið á útidyratröppunum hjá þér? Fer amma sér að voða?

**Þessa** dagana eru eflaust margir með stíflaðan öndunarveg og kvef. Mynta, í hvaða formi sem er, hefur í margar aldir reynst fólki vel til að losa um þessar stíflur. Á sama tíma er gott að forðast osta og mjólkurvörur, en slíkt eykur á slímmyndun í öndunarveginum.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 11. janúar, 11. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.04 | 13.36 | 16.08 |
| Akureyri | 11.11 | 13.20 | 15.29 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Tinna Þorvaldsdóttir í hlýju pilsi sem var saumað upp úr síðri peysu af mömmu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Var einu sinni stelpustelpa

***Tinna Þorvaldsdóttir hefur gaman að því að setja saman föt sem flestir myndu aldrei para saman.***

„Undanfarið hef ég mest keypt mér föt í Kolaportinu og hjá Hjálpræðishernum en ég fer samt voðalega sjaldan að leita mér sérstaklega að fötum. Kaupi þau frekar ef ég rekst óvart á eitthvað sem mér finnst fínt. Helst vil ég ekki eyða miklum peningum í föt,“ segir Tinna sem er leikkona hjá Stúdentaleikhúsinu, tónlistarnemi og starfsstúlka á Gráa kettinum við Hverfisgötu. „Þegar fólk er að losa sig við föt sem það vill ekki lengur eiga þá finnst mér gaman að fá að fara í gegnum þau og hirða það sem mér líst á,“ segir hún og tekur það fram að yfirleitt kjósi hún að kaupa notuð föt af hjálparstofnunum eða í Kolaportinu og hefur góð rök fyrir því.

„Mér finnst frekar mikið að borga fimm þúsund krónur fyrir notaða peysu, en yfirleitt er verðið í þessum „second hand“ verslunum hátt miðað við að maður er að kaupa notaðar flíkur. Svo eru þessi föt oft einsleit þótt þau eigi ekki að vera það. Stundum sér maður á þeim að þau voru keypt í ákveðnum „second hand“ búðum,“ segir Tinna og bætir því við að þegar hún finni fínar flíkur hjá til dæmis Hjálpræðishernum þá sé það svolítið eins og að finna fjársjóð, af því verðið er svo hagstætt.

Sem barn var Tinna mikil stelpustelpa að eigin sögn. Hafði gaman af því að klæðast bleiku og hafa slaufur í hárinu. „Núna er ég svona beggja blands. Mér finnst mjög gaman að setja saman föt sem mann myndi ekki gruna að gætu farið saman. Það má líkja þessu við að búa til einhvers konar listaverk. Ókey ... það hljómar eins og ég taki þessu mjög hátíðlega en það geri ég samt ekki,“ segir hún og hlær. „Ég eyði ekki miklum tíma í að klæða mig upp en mér finnst það samt sem áður mjög skemmtilegt.“ *mhg@frettabladid.is*

## Aukin þjónusta á Austurlandi

TIL STENDUR AÐ EFLA GEÐHEILBRIGÐISÞJÓNUSTU VIÐ BÖRN OG UNGMENNI Á AUSTURLANDI.



Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, undirritaði á mánudaginn síðasta samning við Heilbrigðisstofnun Austurlands um geðheilbrigðisþjónustu við börn og ungmenni á Austurlandi. Heilbrigðisstofnun Austurlands er með samningnum meðal annars gert mögulegt að semja um farþjónustu við sérfræðinga og tryggja reglulegar heimsóknir þeirra til að sinna börnum og ungmennum á svæðinu sem eiga við geðraskanir að stríða. Samkvæmt samningnum fær Heilbrigðisstofnun Austurlands þrjár milljónir króna á ári til þess að hægt sé að efla þjónustu á þessu sviði.
Stefnt er að því að samið verði við þrjár aðrar heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni á næstunni. *- eö*




**Fylgihlutir** eins og töskur, eyrnalokkar, armbönd, slæður, belti og annað geta heldur betur hresst upp á útlitið og gömlu flíkurnar ganga í endurnýjun lífdaganna.






















Útsala stendur yfir í Karlmönnum til janúarloka.

# Karlmenn í góðum félagsskap

***Ný vörumerki eru á boðstólum í versluninni Karlmenn á Laugavegi 7 í kjölfars flutninga.***

„Við höfum tekið inn þrjú ný vörumerki,“ segir Sigurþór Þórólfsson, verslunareigandi og -stjóri Karlmanna. „Ber þar fyrst að nefna hið franska Louis Feraud, síðan þýska vörumerkið Milestone sem sérhæfir sig í leðurfatnaði og loks hið sænska Dahlin, en það leggur áherslu á vandaðan hversdagsklæðnað.“

Sigurþór bætir við að viðskiptavinir þurfi þó ekki að óttast að fyrri merkjum hafi eða verði skipt út fyrir þau nýju. Þau séu enn á sínum stað, sem þýði að fjölbreytnin sé einfaldlega meiri en áður. „Nú stendur yfir útsala til janúarloka, þannig að það er um að gera og kynna sér úrvalið,“ segir hann.

Að sögn Sigurþórs voru nýju merkin meðal annars tekin inn í kjölfar þess að starfsemi verslunarinnar var flutt af Laugavegi 74 á Laugaveg 7. Vakti það töluverða athygli þar sem verslunin hafði verið rekin í sama húsnæði í ein níu ár.

„Við höfðum sprengt gamla húsnæðið utan af okkur og vorum farin að hugsa okkur til hreyfings,“ segir Sigurþór. „Þegar við fengum síðan veður af því að til stæði að rífa húsnæðið létum við slag standa. Nú erum við komin í 200 fermetra húsnæði, sem er nánast þrisvar sinnum stærra en það gamla, auk þess að vera á tveimur hæðum á meðan hitt var á einni.“

Ekki nóg með að búðin hafi verið flutt neðar á Laugaveginn heldur var einnig skipt um nafn, úr Íslenskum karlmönnum í Karlmenn. „Margir halda reyndar að nafnbreytingin hafa verið gerð af því að við hefðum skipt um kennitölu, en svo er ekki,“ útskýrir Sigurþór. „Okkur fannst bara betra að einfalda verslunarheitið þar sem við eigum alltaf í meiri samskiptum við útlönd. Karlmenn er mun þjálla en Íslenskir karlmenn.“



Sigurþór Þórólfsson, eigandi Karlmanna, er ánægður með húsnæðisskiptin.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Sigurþór segist ekki hafa verið smeykur við að missa viðskiptavinina í kjölfar breytinganna. Ef eitthvað er blómstri viðskiptin sem aldrei fyrr. „Það er ákveðið aðdráttarafl fólgið í húsnæðinu, þar sem það er mun glæsilegra en það gamla. Staðsetningin er líka að mörgu leyti betri og ekki getum við kvartað undan slæmum félagsskap,“ segir hann hress í bragði.

roald@frettabladid.is



Eftir að starfsemi verslunarinnar var flutt hefur vörumerkjum verið fjölgað.



Verslunin Karlmenn er nú í þrefalt stærra húsnæði en áður og á tveimur hæðum.

# Strákar með stíl slá oftar í gegn

***Tíska er ekki bara fyrir konur. Vel klæddir karlar eru mun líklegri til að slá í gegn hjá kvenþjóðinni. Goðsögn er að konur hafi gaman að því að gera „upp nýja“ kærasta.***

Ein hvimleiðasta goðsögnin um konur og karla er líklega sú að konur hafi innbyggðan stíl en ekki karlar. Til er fjöldinn allur af vel klæddum körlum með stíl og illa tilhöfðum konum.

Fyrir stíllausa stráka er gott að byrja á að finna tískufyrirmynd sem þeim finnst henta sínum persónuleika. Hún gæti verið poppstjarna, leikari eða viðskiptamaður. Aðalatriðið er að viðkomandi sé mikið í fjölmiðlum svo hægt sé að fylgjast með klæðaburði. Síðan er nóg að kaupa nokkrar sígildar flíkur sem mega vera dýrar. Nokkrar gallabuxur, jakka og jakkaföt. Með þessum sígildu grunnflíkum í fataskápnum má nota skyrtur, peysur og boli sem ekki endilega þurfa að vera dýrir.

Tvenn pör af sígildum skóm eru nauðsynleg en síðan má leika af fingrum fram og láta tískuna ráða för. Hægt er að bæta við fylgihlutum sem fást til dæmis á ebay á netinu. Á style.com er að finna Vogue fyrir menn, sem er alltaf með það nýjasta innan tískunnar.

Vel klæddir karlar með stíl finnst kvenþjóðinni mun ákjósanlegri, enda margir töffarar sem leynast undir umdeildum stuttermabolum sem voru keyptir í Álaborg árið 1987.



Jude Law er tískufyrirmynd hjá mörgum með sinn afslappaða stíl, enda alltaf með eindæmum vel klæddur.




# Verndaðu húðina

***Við kuldabreytingar verður húðin oft fyrir miklu álagi.***

Skjótt skipast veður í lofti. Í síðustu viku var hlýtt og í þessari íiskalt. Húðin finnur fyrir þessu og því er mikilvægt að vernda hana vel. Notaðu kornamaska þrisvar í viku, nærðu húðina vel með góðum rakamaska og notaðu rakakrem kvölds og morgna.



Andlitsfarði vill oft sitja illa á í kuldanum og því er gott að nota frekar hyljara á þau svæði sem eru mislit í andlitinu. Til dæmis undir augu og á litla bletti. Brúnkukrem gefur húðinni heilbrigðara útlit, en það er gott að vanda sig þegar það er borið á og hendur þarf að þrífa vel á eftir. Handaáburður er nauðsynlegur í frostinu og mundu líka að setja djúpnæringu í hárið sem þornar upp líkt og restin af líkamanum í kuldanum.

## fyrir vorið }



Í sumar verða hælarnir ýmist mjóir, breiðir eða fylltir.

### Á hælum í sumar

UPP ÚR ÁRAMÓTUM ER TILVALIÐ AÐ FARA AÐ VELTA VOR- OG SUMARTÍSKUNNI FYRIR SÉR OG VELJA SÉR SKÓ FYRIR BETRI TÍÐ.

Háir hælar eru alltaf klassískir og í sumar verður úrvalið mikið í hælaskóm. Engar sérstakar reglur verða í gildi um það hvernig hælarnir eiga að vera því þeir verða ýmist mjóir og breiðir og fylltir hælar þykja ennþá mjög flottir. Skemmtilegt getur því verið að notfæra sér fjölbreytnina og eiga ýmiss konar hælaskó til skiptanna í sumar. *- eö*

### Upp með hattinn

ALLS KONAR HÖFUÐFÖT VERÐA Í HÁTÍSKU Á VORMÁNUÐUM.

Þangað til sólin fer að skína á okkur af fullum krafti verða húfur og hattar málið. Húfur eru náttúrulega alltaf eigulegar í íslensku vetrarveðurfari en þegar fer að líða á vorið er tilvalið að skipta ullarhúfunni út fyrir einhvern flottan hatt. Í Hattabúð Reykjavíkur er til dæmis mikið úrval af glæsilegum höttum auk þess sem þá má finna í fjölda annarra verslanna. *- eö*








# Háir hælar með rauðum sóla

***Hinar leggjalöngu fegurðardísir Hollywood eru óðar í skó hönnuðarins Christians Louboutin.***

Christian Louboutin ólst upp í París og heillaðist ungur af glamúr borgarinnar. Dansmeyjar áttu hug hans allan og reyndi hann einmitt að selja þeim sína fyrstu hönnun, þegar hann var aðeins sextán ára að aldri. Hann flosnaði upp úr skóla og fór að vinna fyrir þekkt tískufyrirtæki, en í dag hannar hann og selur skó undir eigin merki. Skór hans einkennast af rauðum sóla sem gjarnan glittir í þegar stjörnurnar taka snúning á rauða dreglinum. Margar þeirra hafa heillast af skóm hans því rauði sólinn virðist vera orðinn algeng sjón í veislum fræga fólksins. Nicole Kidman, Gwen Stefani, Kirsten Dunst og Angelina Jolie eru aðeins fáar þeirra sem eiga að minnsta kosti eitt skópar eftir Louboutin.


Úr nýjustu línu Christian Louboutin. Háir hælar, opin tá og að sjálfsögðu rauður sóli.


Christian Louboutin og Diane Von Furstenberg eru miklir vinir.


Renée Zellweger spókar sig í svörtum háum hælum með rauðum sóla.

Lindsay Lohan er mikil tískudrottning og er að sjálfsögðu í skóm frá Louboutin.

Cameron Diaz í háum stígvélum.

Hollywood-glamúr einkennir útlit Christinu Aguilera í skóm frá Christian Louboutin.

Ashley Olsen er sérstakur aðdáandi Louboutin og er á þessari mynd í einu pari frá hönnuðinum.

XSTREAM DESIGN AN 07 01 001









## Úr háborg tískunnar

**BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS**

### Útsölur í upplausn

Nú á öðrum degi útsala í París einkenna sumarútstillingar glugga tískuhúsanna þrátt fyrir að ódýrari búðir minni á útsölur í sínum útstillingum. Fyrstu dagar útsalanna eru einn mikilvægasti tími verslana, sérstaklega hjá þeim sem eru á almennum markaði. Þetta árið er sömuleiðis mikið af vetrarvörum sem ekki hafa selst nógu vel vegna þess hve veturinn hefur verið mildur. Það sama mátti segja um sumarútsölurnar 2006 en vorið var einstaklega kalt og því óvenju mikið eftir af sumartískunni í júní þegar sumarútsölur hófust.

Sumarvörur eru reyndar búnar að vera á boðstólum hjá tískuhúsunum síðan fyrir jól fyrir þá sem vilja vera fyrstir á ferðinni þegar nýjungar eru annars vegar. Smám saman kemur svo vor- og sumarlínan í búðir en mikilvægustu mánuðirnir eru febrúar og mars. Á sama tíma styttist í að hringekja tískusýninganna fari af stað seinna í mánuðinum í París, fyrst sumartíska hátískunnar (Haute couture) og svo haust- og vetrartíska 2007-8 fyrir herrana sem hafi verið sýnd verður í lok janúar. Nú er rétti tíminn til að ná sér í miða í forsölu á kaupstefnu fyrir fatnað tilbúinn til notkunar fyrir næsta vetur (Ready-to-wear) þar sem auk hönnunar frá ýmsum löndum verða hollenskir hönnuðir í forgrunni. Sömuleiðis sextíu etnískir hönnuðir sem auka sífellt vægi sitt – og sýning á vinnu Cacharel.

Útsölurnar byrja reyndar ekki vel hjá stóru verslunarhúsunum Printemps og Galeries Lafayette á Haussmann-búlvarði og Le Bon Marché á vinstri bakkanum þar sem starfsfólk boðaði til verkfalls á fyrsta útsöludegi til að mótmæla löngum vinnutíma og virðingarleysi við hvíldartíma starfsfólks. Verkalýðsfélög segja það hafa verið dropann sem fyllti mælinn að verslunum hafi verið heimilað að opna klukkan átta um morguninn á fyrsta degi útsalanna og hafa opið til tíu um kvöldið. Hámarki náði þessi opnunargleði fyrir nokkrum misserum þegar hinir gírugustu verslunarrekendur opnuðu á miðnætti á fyrsta degi útsalanna. Verslunarfólk er sömuleiðis langþreytt eftir jólaverslun og þess má geta að sumir verslunareigendur létu opna búðir sínar á aðfangadag og gamlársdag sem þetta árið voru á sunnudegi.

Það nýjasta er svo að versla á útsölum á netinu án þess að þurfa að berjast við blóðþyrsta útsöluviðskiptavini sem eru tilbúnir að láta hendur skipta ef með þarf til að gera góð kaup. Helsta verslunarsíðan er rueducommerce.com en þar fara sjö hundruð þúsund viðskiptavinir um á dag við upphaf útsölutímans en til samanburðar fara um fjögur hundruð þúsund viðskiptavinir inn á síðuna rétt fyrir jól. Þá er hægt að sitja heima með kaffi og velja í ró og næði úr varningnum.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*



Haylie og Hilary Duff fóru saman í partí á gamlárskvöld.

# Systur sem tolla í tískunni

***Þær Haylie og Hilary Duff eru miklar vinkonur og fara gjarna saman í partí.***

Systurnar Haylie og Hilary Duff eru meðal þeirra sem slúðurpressan hefur gaman af að fjalla um. Sú síðarnefnda er leik- og söngkona, svokölluð unglingastjarna, en systur hennar Haylie má kalla fræga að endemum, því hún er helst þekkt fyrir að vera skyld Hilary. Þær systur eru miklir mátar og fara gjarna saman í veislur og á margvíslegar uppákomur. Meðal annars voru þær saman á gamlárskvöld þar sem þær skelltu sér í partí til Donnu Karan á Setai-hótelinu við Miami-strönd í Flórída.

# Töskuhimnaríkið

***Alltaf er hægt að eignast fleiri töskur. Netsíðan ebags hefur fyrir löngu eignast dyggan hóp aðdáenda í Evrópu og í Bandaríkjunum.***

Netsíðan ebags.com býður upp á töskur af öllum stærðum og gerðum, í mismunandi verðflokkum. Merkin sem eru í boði eru meðal annars Fornarina, The Sak, Cox Industries, Maxx New York, Elliott Lucca, Rimowa, Brahmin og ítalska merkið Brics sem gjarnan sést í höndunum á stórstjörnum á borð við Opruh Winfrey, Daryl Hannah og Paris Hilton.

Úrvalið hjá ebags er mismunandi eftir löndum þar sem sumar útgáfur síðunnar bjóða einnig upp á sígild hátískumerki á borð við Prada og Fendi. Bandaríska slóð síðunnar er www.ebags.com, sú breska er www.ebags.co.uk, sú skandinavíska er www.ebags.no og sú þýska er www.ebags.de.



Það eru óteljandi fallegar töskur á ebags síðunni.















Útsalan er hafin
2 fyrir 1
Meðgögnufatnaður // Barnafatnaður
tvö líf
Holtasmári 1• sími 571 8500 • www.tvolif.is
Opið 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga


Flott og silkikennd.


Pólski hönnuðurinn Maciej Zien er vinsæll um allan heim.

# Pólskt og pent

***Sýning var haldin á tískuhönnun pólska hönnuðarins Maciej Zien.***

Hinn 27 ára gamli tískuhönnuður hefur getið sér gott orð í heimalandi sínu Póllandi og varð fyrst þekktur og vinsæll fyrir hátískufatnað og galaklæðnað sem nýtur mikilla vinsælda hjá til dæmis eiginkonu pólska forsetans Jolöntu Kwasniewska auk þess sem sóprandívan Ewa Małas-Godlewska og poppsöngkonan Kayah halda mikið upp á föt frá Zien.

Zien hefur einnig fengist við að hanna búninga fyrir leikhús en hann álítur sig ekki klæðskera en öllu heldur listamann.

Ferill hönnuðarins hófst þegar hann kynnti fyrstu fatalínu sína, Provocations, í Ljúblin, þá á unglingsárum. Hann viðurkennir að vinsældir hans hafi byggst mikið til á heppni. „En það sem mestu skiptir er þrjóska, og að leggja sál þína í það sem þú gerir,“ hefur verið haft eftir Zien.


Tvö af sköpunarverkum Ziens sem nýlega var sýnt í Varsjá í Póllandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP


Rauður og hættulegur.



**Gulrætur** eru sneisafullar af A-vítamíni, söltum og pektíni. Ekki er sniðugt að afhýða gulrætur, því vítamínin eru fyrst og fremst í ysta lagi þeirra. Betra er að hreinsa þær í köldu vatni.



# Allt til iðkunar sundíþróttarinnar

***Sundverslunin Aqua Sport í Hamraborg 7 í Kópavogi á að baki 25 ára sögu.***

„Við erum með allt fyrir sundíþróttina, kúta, gleraugu, sundfitjar og annað slíkt,“ segir Ragna Ragnars sem ásamt manni sínum Guðmundi Harðarsyni sundkappa hefur rekið verslunina Aqua Sport í tuttugu og fimm ár. „Þetta byrjaði smátt. Við byrjuðum að þjónusta einkum þá sem voru að æfa sund. Nú er almenningur farinn að stunda sundið meira og þá hefur þjónustan breyst líka og tekur mið af því,“ segir Ragna og heldur áfram. „Sundið er áreitisíþrótt að því leyti að það fer klór í augun og eyrun geta fyllst af vatni. Ef svona atriði pirra fólk þá höfum við gleraugu og eyrnatappa til að ráða bót á því. Hún segir verslunina líka jafnan bjóða helstu hjálpartæki og búnað fyrir sundþjálfun og sundkeppni, sundkennslu, ungbarnasund, vatnsleikfimi, sundknattleik, sundfimi og þríþraut. „Við fylgjumst vel með nýjungum sem koma á markað víðs vegar um heiminn og reynum ávallt að hafa þær á boðstólum og auðvelda þannig íþróttakennurum og sundþjálfurum kennsluna,“ segir hún. „Svo erum við líka með létta göngugalla, vindþétta og vatnsfráhrindandi.

Nú hefur Aqua Sport opnað nýjan vef sem heitir einfaldlega www.aquasport.is og af því tilefni er 20 prósenta afsláttur af öllum vörum út janúar.

*-gun*



Sundgleraugu verja augun fyrir klórnum. Svo geta þau líka verið til prýði.



Sundfitjar eru bæði notaðar til leikja og til að þyngja sundið.

Handspaðar.

Fótakútar.



Ragna Ragnars afgreiðir í Aqua Sport og er öllum hnútum kunnug.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Sundflár sem áður voru kallaðar korkar.


JÓGA
allir velkomnir
frír prufutímar
Byrjendanámskeið byrja 15. jan.
Lifandi fæði námskeið 19-20. jan.
Ásta Arnardóttir 862 6098 astaarn@mi.is
www.lotusjogasetur.is Borgartúni 20

SLENDERTONE
Nýjar línur
á auðveldan hátt
FLEX-buxur verð kr
19.995.-
Vaxtalaus kjör í 3 mán með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.
Ný tæki - Léttari greiðslur
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Ný glæsileg netverslun www.hreysti.is

Líður þér ekki vel?
Finnurður fyrir þunglyndi, kvíða, sorg?
Varðst þú fyrir ofbeldi í æsku? Er hjónabandið ekki í lagi?
Einstaklings miðuð meðferð
- Hugræn meðferð - Hjónaráðgjöf.
Tímapantanir í s. 868 2118
Gréta Jónsdóttir, Fjölskyldu- og hjónaráðgjafi

Rope Yoga
stúdíó
Ármúla 44
Skráning í gangi
Kennari: Emma Bjarnadóttir
Uppl.: s. 860 2173 - info@egER.is - www.egER.is

allt tilboð
Alla föstudaga

BYLTING Í SVEFNLAUSNUM
BETRI HVÍLD, DÝPRI SVEFN OG MEIRI VELLÍÐAN.
FRÍ LEGUGREINING OG FAGLEG RÁÐGJÖF
Rúmgott er leiðandi í þróun og framleiðslu á heilsudýnum og rúmbotnum undir vörumerkinu EZ-sleep á Íslandi. Við höfum yfir að ráða fullkomnum tækjabúnaði til að mæla þrýstijöfnun á líkama hvers einstaklings sem gerir okkur kleift að framleiða svæðaskiptar heilsudýnur sniðnar að viðkomandi.
20-65% AFSLÁTTUR
55 ÁRA
Húsgagnavinnustofa RH
Rúm Gott
Verslunin Rúmgott · Smiðjuvegi 2 · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 - laugardaga kl. 11-16
www.rumgott.is



**Uppvask** getur oft á tíðum verið leiðindaverk. Til að uppvaskið gangi betur má bæta nokkrum matskeiðum af ediki út í vatnið ásamt uppþvottalegi. Edikið virkar vel á fitu og diskarnir verða glansandi fínir.

# IKEA-bekkur gerður upp

***Freyja Dögg Frímannsdóttir, yfirmaður markaðssviðs Íslensku óperunnar á gamlan bekk úr IKEA sem hún er að gera upp.***

Tengdaforeldrar Freyju keyptu bekkinn í IKEA fyrir þrettán árum en þegar þau létu gera eldhúsið sitt upp árið 2003 var bekknum komið fyrir í hesthúsi fjölskyldunnar. „Þegar við fluttum hingað inn spurði ég mömmu Orra, kærastans míns, hvort við gætum fengið bekkinn og hún samþykkti það og við fengum hann fyrir svona ári,“ segir Freyja.

Freyja og Orri ákváðu að gera bekkinn upp þar sem það var komin svolítil hestalykt af honum að sögn Freyju. „Við bólstruðum bekkinn upp á nýtt með leðri sem ég fékk frá tengdamömmu með honum. Hún hafði keypt það hjá Skinnaiðnaðinum á Akureyri um það leyti sem honum var lokað fyrir um það bil tíu árum síðan með það í huga að sauma sér vesti fyrir útreiðar en það var búið að vera uppi í skáp allan tímann. Bekkurinn er samt eiginlega bara hálfkláraður hjá okkur því okkur langar að pússa hann upp og olíubera hann líka,“ segir hún.

Hægt er að opna bekkinn og segir Freyja að hann sé hin besta hirsla sem komi sér vel í lítilli íbúð. „Okkur þykir líka alltaf svolítið vænt um þennan bekk. Orri ólst upp við að hafa hann í eldhúsinu heima hjá sér og hann og öll systkini hans sátu á honum. Þetta er svona fjölskyldubekkurinn þeirra og þau fá alltaf dálítið nostalgíukast yfir honum þegar þau koma til okkar.“ *emilia@frettabladid.is*



Freyja segir að leðrið á bekknum hafi upphaflega átt að nota í vesti. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Skordýra- og mítlaeitur úr jurtum

Mörg er sú plágan sem leitar á plönturnar okkar heimavið. Mítlar, oftast kallaðir spunamaurar, blaðlýs og önnur kvik óværa sem við viljum losna við. Og helst án þess að grípa til rótsterkra og umhverfisskaðlegra eiturefna af „kemíska taginu“. Hér eru nokkrar hugmyndir um hvað hægt er að gera með náttúrulegum efnum sem auðvelt er að nálgast í apótekum eða matvöruverslunum. Eða jafnvel í eigin garði.

**Rokgjarnar olíur**

Í mörgum tegundum plantna eru rokgjarnar olíur, sem í sjálfu sér eru allar náttúrulegar varnir þeirra gegn skordýrum og öðrum afbítum. Hvað hagnýtingu í lífrænni garðyrkju varðar vegur það þyngst í matinu á því hvað skuli velja að hægt sé að fá nægilegt magn á tiltölulega hagstæðu verði. Langsamlega er mest notað af sítrusolíu í þessum tilgangi. Hún fellur til og er framleidd í stórum stíl í tengslum við iðnað úr sítrusávöxtum, einkum sítrónum.

Sítrusolíuna er hægt að fá í stórum umbúðum, kútum og smátönkum á heimsmarkaðinum. Í garðyrkju var fyrst og fremst byrjað að nota hana sem náttúrulega skordýravörn í sítrusávaxtalundunum í sunnanverðum Bandaríkjunum. Þar virkaði hún vel gegn ýmsum skæðum plágum sem á herjuðu. En á undanförnum tuttugu árum hefur þessi notkun á sítrusolíu aukist í snörum takti við meðvitund manna um hollustuhætti og lífræna ræktun. Og að sjálfsögðu er sítrusolía líka eftirsótt bragðefni í sælgætis- og matvælaiðnaði. Sítrónudroparnir sem við kaupum í pönnukökubaksturinn eru blanda af sítrónuolíu og alkóhóli. Ein teskeið af sítrónudropum í hálfslítra úðaflösku með volgu vatni er eitthvað besta og virkasta eitrið gegn spunamítlum og öðru kviku á pottaplöntum. Setjið einn eða tvo dropa af mildum uppþvottalegi út í og bleytið plönturnar svo með þessu. Fyrir utan að þetta drepur öll kvikindin, fáum við frísklega sítrusangan í húsakynnin! – Og vélamenn og verkfræðingar fúlsa heldur ekki við sítrusolíunni óblandaðri, því hún er mjög gott og hættulítið leysiefni sem hreinsar og losar allt sem fast er, frá tyggigúmmíklessum upp í forherta ryðbolta. Sítrusolían er mjög þunn og smitandi. Hún er unnin úr berkinum af sítrónum, greipi eða appelsínum. Flestir kannast við það að hafa kreist appelsínu- eða sítrónubörk og séð olíuna spretta út í snarpri örgusu.

**Evkalyptusolía**

Evkalyptusolía er líka framleidd í stórum stíl og er tiltölulega ódýr, en kannski fer mestur hluti hennar í það að fullnægja þörfum sælgætisiðnaðarins fyrir bragðefnið í sterkar hálstöflur eins og „Fisherman's Friends“. Þó nokkur hluti hennar fer líka í margs konar ilm- og nuddolíur sem eiga að geta vakið fólk upp frá dauðum, eða allt að því! Evkalyptusolían er unnin úr berki og laufum evkalyptustrjánna. Hún er sótthreinsandi og hefur afar hemjandi áhrif á allar örverur sem ekki eru vinveittar evkalyptustrjánum og lifa í sambýli við þau. Evkalyptusolía er mjög virk gegn öllum kvikindum sem ásælast gróður. Hún drepur við snertingu eins og allar olíur sem minnst er á í þessu samhengi. Aðrar tegundir af rokgjörnum olíum sem nota má sem skordýraeitur og jafnvel sveppavörn á plöntur eru rósmarínolía, lavenderolía og tímíanolía. Hér hafa þessar olíur verið fáanlegar í smáglösum. Sama formúlan gildir: Notið 5-10 dropa af olíunum í hálfan lítra af mjög mildu sápuvatni og bleytið plönturnar með blöndunni.



Úr rabbarbarablöðum má gera magnað blaðlúsaeitur.

**Jurtaseyði**

Í garðinum getum við notað seyði af nokkrum jurtum til að vinna á skordýraplágum og jafnvel fyrirbyggja þær. Það eru einkum þrjár plöntutegundir sem koma til greina í þessu skyni. En það eru rabbarbarablöð, reinfang og stórnetla. Aðferðin er fólgin í því að við tökum eins mikið magn af hverri tegund og við getum troðið í ryðfrían pott og fyllum svo á með vatni eins og rúmast þar með. Svo er þetta soðið og látið malla í svosem hálftíma. Látum kólna og síum seyðið frá næsta dag. Það má láta grautinn í léreftstusku og vinda hann til að fá sem mestan mjöð. Þarna fáum við stofnupplausn og í hana látum við eina sléttfulla teskeið af grænsápu (brúnni sápu) í hvern lítra og blöndum vel saman. Af þessum magnaða miði tökum við svo einn hluta og blöndum saman við sjö til tíu hluta af hreinu vatni og bleytum gróðurinn. Það er oxalsýran í rabbarbarablöðunum sem drepur blaðlýs og slær töluvert á ýmsa blaðmaðka. Í stórnetlunni er það kísilsýran. En í reinfanginu er efni sem er náskylt pýretríni, sem er sterkt skordýraeitur og drepur við snertingu.


ÚTSALA!
ÚTSALA!
TEKK COMPANY
BÆJARLIND 14 -16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

White-Westinghouse

ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Ekkert blað?
Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja í það ef Fréttablaðið kemur einhverntímann ekki.
550 5600


FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

# Mikill félagsskapur í kringum bútasauminn

***Á Akureyri stunda fjölmargar konur bútasaum og aðra handavinnu, ein þeirra er Kristrún Geirsdóttir í Quiltbúðinni á Akureyri.***

„Bútasaumur er mjög félagslegt áhugamál. Við erum með klúbba, sækjum saman fundi og förum út á land til að sauma og spjalla saman,” segir Kristrún sem er eigandi Quiltbúðarinnar í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð á Akureyri. Margar konur iðka bútasaum en Kristrún segir aðra handavinnu ekki endilega tapa aðdáendum á kostnað hans.

„Mikið prjónaæði hefur verið upp á síðkastið en þær konur sem eru í bútasaumnum gera búta þegar þær hittast en prjóna svo kannski í sófanum heima,“ segir Kristrún sem hefur stundað bútasaum frá árinu 1997 þótt hún hafi minni tíma í handavinnuna eftir að hún opnaði verslunina fyrir þremur og hálfu ári. Kristrún segir konur á öllum aldri stunda bútasaum þótt þær eldri séu líklega duglegastar.

„Báðar dætur mínar, sem eru milli tvítugs og þrítugs, eru á kafi í þessu en algengasti aldurinn eru konur sem komnar eru á besta aldur,“ segir hún og bætir við að allir geti lært bútasaum. „Bútasaumur virðist flóknari en hann er í raun og veru. Ef maður eignast réttu græjurnar smellur þetta allt saman. Þetta er samt mikil nákvæmnisvinna en maður fær eitthvað út úr því þegar útkoman kemur í ljós.“

Kristrún telur bútasauminn eiga upptök sín í Ameríku og segir sauminn mikið fyrirtæki þar í landi. „Þetta hófst á því þegar konur voru að nýta efnisafganga. Formin heita alls kyns nöfnum og ég hef heyrt sögur af því að konur hafi verið að senda mönnum sínum teppi í stríðið og notuðu þá munstrin sem dulmál.“

Félagsskapurinn í kringum bútasauminn á Akureyri er mjög mikill en ekkert miðað við enn minni samfélög úti á landi. „Konur á minni stöðum á landinu hittast oft í viku og það myndast afar skemmtileg samfélög í kringum þetta. Við erum ekkert endilega að sauma þegar við hittumst heldur líka að spjalla og sýna hvorri annarri og fá hugmyndir.“ *- iáh*



„Þetta hófst með því að konur voru að nýta efnisafganga. Formin heita alls kyns nöfnum og ég hef heyrt sögur af því að konur hafi verið að senda mönnum sínum teppi í stríðið og notuðu þá munstrin sem dulmál.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA.IS

# Austurlensk áhrif

***Í Gallerí Kína Ármúla 42, er margt fallegt í boði fyrir heimilið.***



„Við erum með samblöndu af listmunum og heimilisvöru í góðu úrvali,“ segir Dong Qing Guan, eigandi Gallerí Kína og nefnir sem dæmi postulínvasa, potta, diska, málverk og myndir. Að sögn Qing eru munirnir allir handgerðir, margir hverjir búnir til af nafntoguðum, kínverskum listamönnum.

„Einn þeirra kom hingað til lands á síðasta ári til að vera viðstaddur sýningu á verkum sínum,“ segir Qing. „Hann málaði einnig á meðan dvöl hans stóð og eru myndirnar til sýnis í Gallerí Kína.



Qing bætir við að hann eigi það sameiginlegt með öðrum kínverskum listamönnum að beita sérstakri aðferð við gerð málverkanna. „Það býr líka ólík hugsun að baki kínverskri myndlist og þeirri evrópsku,“ heldur Qing áfram. „Markmiðið er að vekja almenna vellíðan hjá áhorfandanum og hafa á hann jákvæð áhrif. Myndirnar endurspegla þann ásetning.“

Þótt mikil vinna liggi að baki mununum er óhætt að segja að verðlagið sé tiltölulega lágt, en hægt er að finna fallega hluti á góðu verði. Er áhugasömum ennfremur bent á að nú gefst viðskiptavinum kostur á að kaupa tvo hluti á verði eins, af völdum vörum, og gildir það í takmarkaðan tíma.

- rve





allt matur
Alla föstudaga

# BERNHARD
## NOTAÐIR BÍLAR



Honda CRV Advance 07/2000 ek 51 þ.km., ssk., verð 1.290 þ. Sími 551 7171.

Honda Jazz LS 10/2002 ek. 41 þ.km., 5.g., verð 1.050þ. Sími 551 7171.

Opel Astra OPC 5/2006 ek. 6þ.km., 6.g., fallegur bíll, verð 2.450 þ. Sími 551 7171.

Peugeot 307 XR SW 11/2003 ek. 37 þ.km., sjálfsskiptur, verð 1.290 þ. Sími 551 7171.

Peugeot 407 SW 2,0 07/2005 ek 31 þ.km, sjálfsskiptur, verð 2,290 þ. Sími 551 7171

Toyota Rav 4 VVti Sport 07/2005 ek. 21 þ.km., sjálfsskiptur, verð 2.750 þ. Sími 551 7171.



Hyundai Santa Fe V6 03/2002 ek 65 þ.km., sjálfsskiptur, verð 1.750 þ. Sími 551 7171.

Honda Accord Sport 06/2005 ek. 27 þ.km., sjálfsskiptur, verð 2.290 þ. Sími 551 7171.

Audi A6 1.8T 20V 11/1998 ek. 112 þ.km., ssk., verð 1.290 þ. Sími 551 7171.

BMW 525 TD Touring 12/2002 ek. 90 þ.km., ssk., verð 2.950þ. Sími 551 7171.

Honda Accord Sport 2,0 12/2003 ek. 36 þ.km, ssk., verð 1.850 þ. Sími 551 7171.

Honda CivicV-Tec 1.6 H/B 03/2002 ek. 62 þ.km., 5g., verð 1.090þ. Sími 551 7171.



Honda CRV Advance 5/2003 ek. 77 þ.km., ssk., verð 2.290 þ. Sími 551 7171.

Honda CRV Rvsi 7/1998 ek 150 þ.km, ssk, verð 690 þ. Sími 551 7171

Honda HRV Smart 12/2004 ek 25 þ.km, ssk, verð 1,590 þ Sími 551 7171.

Honda HRV Smart 06/2005 ek 28 þ.km, 5.g. verð 1,590 þ. Sími 551 7171.

Honda Jazz LS 04/2005 ek 35 þ.km, 5.g, verð 1,390 þ. Sími 551 7171.

Honda Shuttle 2.3 Esi 06/1999 ek 116 þ.km, ssk, verð 990 þ. Sími 551 7171



Jeep Grand Cherokee Ltd 1996 ek 145 þ.km, ssk, verð 750 þ. Sími 551 7171.

Peugeot 206 SW 1600 11/2005 ek 9 þ.km, 5.g, verð 1,650 þ. Sími 551 7171

Peugeot 206 XR Présence 6/2004 ek 33 þ.km, 5.g, verð 1,150 þ. Sími 551 7171.

Peugeot 206 XR Présence 05/2005 ek 29 þ.km,, 5.g, verð 1,290 þ. Sími 551 7171.

Peugeot 307 SW 2.0 HDI „Diesel" 03/2006 ek 30 þ.km, 5.g, verð 2,190 þ. Sími 551 7171.

Peugeot 307 XR 07/2005 ek 26 þ.km, 5.g, verð 1,550 þ. Sími 551 7171.



Peugeot 407 SW 3,0 V-6 07/2005 ek 5 þ.km, ssk, verð 2,890 þ. Sími 551 7171

Skoda Octavia II Ambiante 02/2005 ek 38 þ.km, 1,490 þ. Sími 551 7171.

Subaru Legacy 2.0 GL Stw 06/2003 ek 70 þ.km, ssk, verð 1,490 þ. Sími 551 7171.

Volvo 850 2,0 20V 04/1996 ek 117 þ.km, ssk, verð 550 þ. Sími 551 7171

VW Passat Comfortline 04/2001 ek 72 þ.km, ssk, verð 1,125 þ. Sími 551 7171.

Nissan Titan 5,6 SE 2004 ek 48 þ.km, ssk, verð 3,190 þ. Sími 551 7171.



Toyota Corolla 1.4 VVTI 05/2003 ek 85 þ.km, 5.g, verð 1,190 þ. Sími 551 7171.

Nissan X-Trail Elegance 08/2003 ek 69 þ.km, ssk, verð 1,990 þ. Sími 551 7171.

Peugeot 406 1.8 STW 09/1999 ek 117 þ.km, 5.g, verð 495 þ. Sími 551 7171.

Renault Megan Scénic 4wd 10/2000 ek 75 þ.km, 5.g, verð 890 þ. Sími 551 7171.

Subaru Forester CS 08/2001 ek 86 þ.km, ssk, verð 1,190 þ. Sími 551 7171

Toyota Avensis Wagon Terra 01/1998 ek 158 þ.km, 5.g, verð 590 þ. Sími 551 7171.



Toyota Corolla Sport VVTI 1.6 02/2005 ek 28 þ.km, 5.g, verð 1,850 þ. Sími 551 7171.

Toyota Corolla Touring 4WD 10/1998 ek 161 þ.km, 5.g, verð 550 þ. Sími 551 7171.

Volvo S-40 Silverline 1.9 DTI „DIESEL" 11/2002 ek 170 þ.km, 5.g, verð 1,690 þ. Sími 551 7171.

Gas Gas EC 300 09/2005 ek 900 km, götuskráð verð 599 þ. Sími 551 7171.

Suzuki RM 125 Pastrana Replica 01/2006 verð 550 þ. Sími 551 7171.

Honda CRF 230F 09/2006 verð 480 þ. Sími 551 7171.

# www.bernhard.is

**Eirhöfði 11 110 Rvk • Bílakjarnanum • Sími 551-7171.**

**Opnunartímar: 10-18 mán-föstud. 11-16 • laugardaga.**

**Hjá Dóra í Mjódd**
**Erum að leita að röskum og snyrtilegum starfsmanni í fullt starf til afgreiðslu að heitum mat, undirbúningi, frágangi og öðrum eldhússtörfum. Einnig vantar okkur starfskraft frá 16.30-19.30 alla virka daga Frekari uppl. á staðnum eða í síma 557 3910 & 567 5318.**

**Grillturninn Sogavegi 3**
**Óskum eftir duglegum og heiðarlegum starfskrafti við afgreiðslu og grill. Upplýsingar í síma 867 7517 Ögmundur og á staðnum.**

**Regnboginn Leikskóli**
**Óskum eftir traustum og glöðum einstaklingi til starfa í 100 % stöðu. Einnig er laust síðdegisstarf frá kl. 15 til 17.15 2 -3 daga í viku, upplagt f. nema. Leikskólinn er staðsettur á Ártúnsholti. Uppl. veitir undirrituð í s. 557-7071 og 899-2056 eftir kl. 14 á daginn. Einnig má senda fyrirspurnir á regnbogi@regnbogi.is Leikskólastjóri**

**Starfsfólk óskast**
**á sólbaðsstofur Smart. Dagvaktir. Umsóknareyðublöð á staðnum. Sólbaðstofan Smart.**

**Bílstjóri óskast.**
**Óskum eftir bílstjóra með meirapróf frá aldrinum 25-45 ára. Það að vera líkamlega og andlega hraustur. Góð laun í boði fyrir réttan starfsmann. Upplýsingar í síma 898 9006.**

H&K

**Heitt og kalt - Þjónusta í sal**
**Okkur vantar starfsmann til þjónustu í sal sem fyrst. Dagvinna virka daga. Vinnutími samkomulag. Upplýsingar og umsóknareyðublöð á staðnum. Sími 533 3060 eldhus@heittogkalt.is, Heitt og kalt, Grensásvegi 10**

H&K

**Heitt og kalt - Umsjón í mötuneyti.**
**Okkur vantar starfsmann til að sjá um framsetningu matar og frágang í einu mötuneyta okkar. Reynsla og góð framkoma nauðsynleg. Upplýsingar og umsóknareyðublöð á staðnum. Sími 533 3060 eldhus@heittogkalt.is, Heitt og kalt, Grensásvegi 10**

**Lagerstörf og vörumeðhöndlun**
**Hýsing -vöruhótel, Skútuvogi 9, óskar eftir starfsfóli í móttöku og meðhöndlun og almenn lagerstörf. Vinnutími er 8-16:30. Annars vegar er um að ræða flokkun, talningu, meðhöndlun og merkingu vara, og hins vegar tiltekt pantana, staðsetningar, endursendingar o.fl. Nánari upplýsignar veitir Júlíus Kristjánsson á staðnum eða í síma 530-5697 á skrifstofutíma.**

**Hýsing - hurtownia**
**„Hýsing" - hurtownia towarów poszukuje pracowników do oznakowywania, liczenia i sortowania odziezy i obuwia. Godziny pracy od 8 - 16:30 oraz oferta pracy w nadgodzinach w najblizszym czasie. „Hýsing" wyplaca wynagrodzenie wyzsze niz stawki VR, a takze stosuje dodatkowo miesieczny system premiowania, który pozwala na podwyzszenie zarobków za dobre wyniki pracy. Wymagana jest minimalna znajomosc jezyka angielskiego w przypadku nieznajomosci jezyka islandzkiego.**
**Dokladniejszych informacji udziela Júlíus Kristjánsson pod adresem Skútuvogi 9, 104 Reykjavík**







Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

Vélstjóri óskast á ísfisktogara. Vélarstærð 1240 KW Uppl. í s. 843 4215 & 843 4133.

Óskum eftir vönum gröfumanni til starfa strax hjá Hlaðbæ Colas. Nánari Upplýsingar í síma 565 2030.

Matreiðslunemi, Apótek bar grill óskar að ráða matreiðslunema sem allra fyrst. Apótek er framsækin veitingastaður með mikin metnað sem gott er að læra skemmtilegt fag á Upplýsingar veitir Guðvarður í Síma 892 8583 eða á netfang apotek@veitingar.is

Óskum eftir verkamönnum og járnsmiðum til vinnu strax, góð laun í boði fyrir rétta menn, fjölbreytt og skemmtileg vinna. Uppl. í síma 660 1704.

**Góð aukavinna !**
Óska eftir fólki í símasölu á mjög góðri vöru 2-3 kvöld í viku, unnið frá kl. 18-22. Uppl. í s. 553 9600 frá kl. 12-22.

Vanur vélamaður óskast með meirapróf. Uppl. í s. 897 6705 & 434 1500.

**Sendibíll**
Óska eftir starfskrafti til aksturs á sendibíl á stöð. Uppl. í s. 695 4346.

Nuddari og snyrtifræðinemi óskast á Snyrtistofuna Hrund. Umsóknir sendast á hrund@hrund.is eða í s. 899 4025, Guðrún.

Starfsfólk óskast á sólbaðsstofu í miðbænum, í fullt starf og aukavinnu. Uppl. í s. 821 9812, Gunnar.

Vantar duglega einstaklinga í fullt starf á aldrinum 20-27 ára. Stundvísi og áreiðanleiki skilyrði. Uppl. í s. 860 2971 eða á gardlist.is

Vélamaður Vantar góðan gröfugæja á hjólagröfu í lagnavinnu og fl. Onyx ehf. S. 896 6676 - Trausti.

Skólafólk ath. veitingarstaður í miðborginni óskar eftir starfsfólki í sal, í afleysingar á virkum dögum og um helgar. Uppl. í s. 661 8758.

## Atvinna óskast

23 ára karlmanni vantar vinnu sem fyrst. Hef meirapróf og trailer réttindi en get unnið við hvað sem er. Uppl.í s. 663 5665.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Handsmíðað gullhálsmen m/fjólubláum steini tapaðist þann 9.des sl. í Iðnó. Hálsmenið hefur mikið tilfinningalegt gildi fyrir eigandann. Fundarlaun í boði. S. 557 7335, Þórunn.

## Tilkynningar

**Hrafnista Reykjavík Sundlaugarvörður**
**Sundlaugarvörður óskast við Endurhæfingardeild Hrafnistu Reykjavík. Um er að ræða 50% starf.Viðkomandi verður að standast kröfur sundlaugarvarðarprófs. Einnig er góð íslenskukunnátta skilyrði.**
**Upplýsingar gefur Magnea í 585-9529. Netfang magnea@hrafnista.is**

**Hrafnista Reykjavík Ræsting.**
**Starfsfólk óskast í ræstingu. Vaktavinna.**
**Upplýsingar gefur Magnea í 585-9529. Netfang magnea@hrafnista.is**

**Uppskriftir**
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

Óska eftir notaðri tvíburakerru upplýsingar. 8637121

**Parket-Flísar-Máling**
Lagtækur maður tekur að sér ýmiss verk og viðhald. Einnig á landsbygðinni. S. 862 1559.

## Einkamál

Vantar ódýrt húsn. ca:30-40 þ. 18 á kvk í skóla, fastar tekjur, reykl. reglus.og snyrtileg. s. 868 1690.

ATVINNA

# Kranamaður

Vanur kranamaður getur bætt við sig verkum.

**Upplýsingar í síma 840-1616.**

# Sölufólk óskast!

Sölufólk óskast til að selja merkið **Hjálparhöndin**, sem selt er til styrktar Kaffistofu Samhjálpar fyrir utangarðsfólk.

*Góð sölulaun í boði!*

Upplýsingar í síma 561 1000 og á www.samhjalp.is

SAMHJÁLP 2007

EYKT
FERKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

# Höfðatorg

Óskum eftir trésmiðum og trésmiðalærlingum í fjölbreytt trésmiðaverkefni, uppmæling. Óskum einnig eftir verkamönnum. Möguleiki á að útvega húsnæði fyrir starfsmenn utan af landi.

Um er að ræða 4-5 ára verkefni við uppbyggingu á Höfðatorgsreit í Reykjavík.

Áhugasamir hafi samband við:

Baldvin Björnsson verkstjóra, s. 822-4431
Sigurð Elinbergsson verkstjóra, s. 822-4427

TILKYNNINGAR

# Skokk – hlaup – ganga – stafganga.

Skokkhópur Víkings hittist þrisvar í viku, á mánudögum og miðvikudögum kl. 18.00 og laugardagsmorgnum kl. 10.00 við Víkina, félagsheimili Víkings í Fossvogsdal. Allir eru alltaf velkomnir og hver og einn velur sér hraða og vegalengd við hæfi. Þátttaka er öllum opin (utan hverfis sem innan) byrjendum sem lengra komnum, öllum að kostnaðarlausu.

Laugardaginn 13. janúar kl. 10.00 mun leiðbeinandi um stafgöngu mæta og kynna rétta notkun á stöfunum. Þeir sem eiga stafi eru hvattir til að koma með þá en einnig verður hægt að fá lánaða stafi á staðnum.

**Skokkhópur Víkings.**

# Smiðir

## Kraftafl ehf auglýsir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu

Upplýsingar í síma 840 1616

# Bókari óskast

Tímabundið starf. Sveigjanl. vinnutími

Starfsmaður óskast í 50% til 100% starf á bókhaldsstofu.

Mjög sveigjanlegur vinnutími í boði. Góð kjör í boði fyrir rétta aðila.

Verður að geta hafið störf strax.
Fyrirspurnir sendist á **bokhald2007@visir.is**




ICEWEAR

# FATAHÖNNÐUR/KLÆÐSKERI

**Dríla ehf - Icewear óskar eftir að ráða starfsmann á Vöruþróunar og tæknisviði.**

Starfið felst í stjórnun á Vöruþróunarsviði og vöruþróun á fatnaði sem er markaðssettur bæði innanlands og erlendis

**Menntunarkröfur:**
- Haldgóð undirstöðumenntun-Stúdentspróf.
- Fatahönnurnám og/eða Klæðskeramenntun
- tæknimenntun á sviði fataþróunar og undirbúnings fatnaðar fyrir framleiðslu.

**Hæfiniskröfur:**
- Reynsla af störfum í fataiðnaði og vöruþróun fatnaðar er kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að taka ábyrgð
- Áreiðanleiki og hæfni til að vinna undir álagi
- Skipulagshæfileikar og námkvæmni
- Þekking til að vinna tækniteikningar í Illustrator eða svipuðum teikniforitum er æskileg
- Gott vald á ensku.
- Góð almenn tölvuþekking

Um er að ræða spennandi og krefjandi starf í ört vaxandi fyrirtæki. Ferðalög erlendis er hluti af starfinu. Áhugasamir sendi umsóknir til Drífu ehf, Suðurhrauni 12 C, 210 Garðabæ, eða agust@icewear.is og gugga@icewear.is fyrir 15. janúar.

# Falskir femínistar sárreiðir sannleikanum

**UMRÆÐAN**
Endurminningar Margrétar

Fyrir jólin kom út endurminningabók Margrétar Frímannsdóttur, stórgóð bók sem lýsir baráttu hugsjónakonu í karlaveldi.

Hápunktur þessarar baráttu er þegar Margrét vann sigur á Steingrími J. í póstkosningu Alþýðubandalagsins. Það hefur verið nokkuð sérstakt að horfa upp á talsmenn VG tjá sig um endurminningar Margrétar. Foringinn setti kúrsinn eins og slíkra er siður en fótgönguliðarnir runnu í slóðina.

Um áramótin virðast þó nokkrir helstu skríbentar á vefritinu Múrnum þau Ármann Jakobsson, Finnur Dellsén, Huginn Freyr Þorsteinsson, Katrín Jakobsdóttir, Steinþór Heiðarsson og Sverrir Jakobsson hafa misst sig í galsa eða galskap öllu heldur. Þau segja Margréti minnislausa og að hún heimfæri endurminningar Thelmu Ásdísardóttur upp á sig sjálfa! Eflaust hefur þeim þótt þetta meinfyndið á meðan þau voru að berja þetta saman. En í alvöru talað, er ekki allt í lagi með þetta fólk?



**HRAFNKELL Á PROPPÉ**

Ég átti því láni að fagna að vinna með Margréti í Alþýðubandalaginu á Suðurlandi. Hún sýndi þar ótrúlega elju og sannaði að lokum eftirminnilega að með hugsjónir og baráttuþrek í farteskinu er hægt að koma miklu til leiðar. Jafnvel koma á þjóðfélagsbreytingum án þess að vera í hefðbundnum valdastéttum. Margrét bauð hefðunum birginn og vann bæði hug og hjarta hins almenna allaballa, þrátt fyrir að mæta mikilli andstöðu lykilmanna. Um þetta atriði þarf ekki að deila. Eftirmálarnir við formannskjör hennar segja allt sem segja þarf. Fyrsti landsfundur eftir að Margrét tók við sem formaður Alþýðubandalagsins einkenndist af átökum við gömlu valdaklíkuna. Á þeim fundi kom í minn hlut að stýra umræðu um umhverfismál þ.m.t. auðlindagjald. Eitthvað sem fyrirfram mætti halda að félagshyggjufólk mundi ekki deila mikið um. Það fór þó á annan veg eins og Margrét lýsir vel í bók sinni.

Það að fólk í VG sem segist vera femínistar, þ.m.t. varaformaðurinn Katrín, hæðist að þessari baráttu Margrétar bara af því dregin er óþægileg mynd af þeirra ástkæra foringja, er sorglegt. Ég var satt að segja að vona að slík foringjadýrkun hefði horfið með Davíð Oddssyni. Vonandi er að Steingrímur verði síðasta nátttröllið.

Við Múrverja er bara eitt að segja – skammist ykkar! Ef þið hafið snefil af sómatilfinningu og meinið eitthvað með jafnréttishjali ykkar, verið þá fólk til að biðja þessar tvær konur, Margréti og Thelmu afsökunar. Þetta þjóðfélag þarf svona kröftugar konur sem þora, geta og vilja ef einhverjar breytingar eiga að verða í þá átt að jafna rétt kynjanna og skapa réttlátara samfélag. Alla aðra hvet ég til að lesa báðar þessar áhrifaríku bækur.

*Höfundur er formaður samfylkingarfélagsins á Akranesi.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Rangfærslur ráðherra leiðréttar

**Stjórn félags íslenskra flugumferðarstjóra bregst við skrifum Sturlu Böðvarssonar.**

Samningar hafa nú tekist milli flugumferðarstjóra og Flugstoða um lífeyrismál eftir snarpa deilu. Flugumferðarstjórar hafa nú lagt deilurnar að baki, horfa fram á veginn og hlakka til að takast á við spennandi verkefni undir merkjum Flugstoða. Það er þó nauðsynlegt að leiðrétta rangfærslur sem birtust í grein samgönguráðherra, Sturlu Böðvarssonar, í Fréttablaðinu 5. janúar 2007. Í fyrsta lagi er þar enn haldið fram að flugumferðarstjórar hafi farið fram á launahækkanir sem nema tugum prósenta. Það er fjarri lagi enda færir ráðherrann engin rök fyrir fullyrðingunni frekar en áður. Í öðru lagi skrifar ráðherra formann FÍF einan fyrir kröfum flugumferðarstjóra, sem stenst ekki. Stjórn Félags íslenskra flugumferðarstjóra kom að sjálfsögðu fram gagnvart Flugstoðum og stjórnvöldum í umboði félagsmanna sinna. Að gefnu tilefni undirstrikaði almennur félagsfundur flugumferðarstjóra og staðfesti samhljóða umboð sitt og stuðning við störf formanns og stjórnarinnar 3. janúar og í kjölfarið var skrifað undir samkomulag. Þar með er þetta mál úr sögunni hvað FÍF varðar. Stjórn FÍF vonar að samskipti við stjórn Flugstoða og ráðherra í framtíðinni verði í anda þess samkomulags sem undirritað.

### Fyrsta fríkirkjan á Íslandi

**Guðmundur Magnússon, fyrrverandi fræðslustjóri á Austurlandi, skrifar um Fríkirkjuna.**

Í grein séra Hjartar Magna Jóhannssonar í Fréttablaðinu 2. janúar sl. segir orðrétt: „Aðeins 25 árum síðar 1899 var fyrsta grasrótar-trúfélagið stofnað, Fríkirkjan í Reykjavík, evangelískt lúterskt trúfélag í anda trúfrelsis og jafnræðis."

Ég trúi því ekki, að fríkirkjupresturinn í Reykjavík viti ekki betur. Fyrsta fríkirkjan á Íslandi var stofnuð í Reyðarfjarðarhreppi hinum forna í byrjun níunda áratugar 19. aldar eftir hatrammar deilur um val á presti í Hólmasókn. Þegar séra Hallgrímur Jónsson á Hólmum féll frá 1880, óskuðu nánast öll sóknarbörnin eftir því, að sonur hans, séra Jónas, sem hafði verið aðstoðarprestur föður síns í níu ár, fengi brauðið. Því höfnuðu bæði biskup og stiftyfirvöld, og þá var látið sverfa til stáls og ákveðið að stofna utanþjóðkirkjusöfnuð eða fríkirkju.

Á almennum fundi strax 1880 var samþykkt tillaga Jóns Ólafssonar um úrsögn úr þjóðkirkjunni og stofnuð skyldi frjáls og óháð fríkirkja. Jón og séra Lárus Halldórsson, fyrsti fríkirkjupresturinn eystra, voru báðir alþingismenn. Þeir fengu því framgengt, að ákvæði um trúfrelsi yrði sett í stjórnarskrána og að samþykkt voru lög um utanþjóðkirkjusöfnuði.

Fyrir harðfylgi séra Lárusar staðfesti konungur lögin, enda þótt aðalráðgjafi hans hefði lagt til hið gagnstæða. Seigla og baráttuvilji fólksins eystra var með ólíkindum. Nánar má lesa um sögu fyrstu fríkirkjunnar á Íslandi í Sögu Reyðarfjarðar, sem undirritaður skrifaði og kom út árið 2003. Mér þótti einnig mjög miður, að brautryðjendanna eystra var að engu getið á hundrað ára afmæli Fríkirkjunnar í Reykjavík. Vona ég, að hér sé um mistök eða gleymsku að ræða fremur en beina vanþekkingu.



# *Hvað er svona merkilegt við Teigsskóg?*

**UMRÆÐAN**
Náttúruvernd og samgöngur

Hvað er svona merkilegt við Teigsskóg? spurði þulan í RÚV um daginn, þegar umræðan beindist allt í einu að skógivaxinni hlíð vestan Þorskafjarðar. Spurningin hljómaði í mínum eyrum eins og brandari úr hugarskoti Jóns Gnarr.


ÞÓRHALLUR B. ÓLAFSSON

Málið snerist um vegabætur á því svæði, sem eitt sinn hét Gufudalssveit og náði frá Múla í Þorskafirði að Klettshálsi, en það er nú hluti af Reykhólahreppi, sem tekur yfir sama svæði og áður þekktist undir nafninu Austur-Barðastrandarsýsla. Helsti vegatálmi í Gufudalssveit er óefað Hjallaháls, sem er á milli Þorskafjarðar og Djúpafjarðar, allbrattur og oft illfær vegna snjóa á vetrum.

Skipulagsstjóri lagðist gegn vegi um skóginn vegna óafturkræfs skaða á umhverfi, en af öllum mönnum ógilti umhverfisráðherrann þann úrskurð og heimilaði vegagerðina af öryggisástæðum. Það er ekki ólíklegt, að bílstjórum þungra vörubíla finnist þreytandi og leiðinlegt að silast upp og niður brattann á hálsinum, jafnvel þótt til stæði að bæta hann. En voru menn í Vesturbyggð að flagga fyrir því að fá veg um Teigsskóg og losna þar með við Hjallaháls. Og talandi um að draga fána að hún, hafa ekki einhverjir ástæðu til að draga hann í hálfa stöng? Samkvæmt þessari áætlun sýnist mér bærinn Djúpidalur, eitt af fáum byggðum bólum í hinni upprunalegu Gufudalssveit, komast úr alfaraleið.

Teigsskógur, sá er nefndur var hér í upphafi þessara orða, liggur í austurhlíð hálsins nær langleiðina milli Grafar og eyðibýlisins Hallsteinsness. Hann er kannske ekki merkilegur í samanburði við friðaða skóga sunnar á landinu; hann er lágvaxinn og skreytir sig helst með fallegum reynitrjám, sem standa upp úr með öðrum lit, rétt eins og sjá má vestur í Vatnsfirði. Mikilvægi hans verður hins vegar að skoðast í réttu samhengi: sem sé í því samhengi, að hann er hluti af því, sem Hallgrímur Helgason rithöfundur kallaði „þetta stórkostlega en gleymda svæði Íslands“ (Fréttablaðið 8. jan.). Það eru óheillavænleg náttúruspjöll að leggja veg um hann, upphleyptan með gífurlegum ruðningi til beggja hliða, og nógu breiðan og sterkan til að þola umferð tugtonnatrukka. Það er dauðadómur yfir skóginum.

Það hefur komið fram góð hugmynd um lausn á þessu vandamáli: að leggja göng um Hjallaháls og jafnvel líka Gufudalsháls. Þessi hugmynd hefur komið fram hjá manni, sem er alinn upp á þessu svæði, Bergsveini Reynissyni bónda, en einnig var hún efni leiðara Fréttablaðsins 8. jan. Með því móti fæst lausn, sem er öllum til hagsbóta: samgöngur á vesturleiðinni stórbatna og landslagið heldur sér.

*Höfundur er læknir*

# Skítlegt eðli kvótakerfisins

**UMRÆÐAN**
Sjávarútvegur

Almennt gera landsmenn sér nú fyllilega grein fyrir algjöru árangursleysi kvótakerfisins í sjávarútvegi við að þjóna upphaflegu markmiði sínu, þ.e. að byggja upp þorskstofninn. Þorskveiðin nú er helmingi minni en fyrir daga kerfisins og landaður afli af Íslandsmiðum hefur ekki verið minni um árabil. Árangursleysið segir í raun allt sem segja þarf um kerfið og þau „fræði“ sem uppbyggingarstarfið hvílir á.

Æ fleiri sjá í gegnum þá blekkingu sem haldið hefur verið að þjóðinni að íslenska kvótakerfið skili einhverri gríðarlegri hagræðingu og þess vegna ætti þjóðin að sætta sig við ósanngirni og siðleysi kvótakerfisins. Á einum áratug hafa skuldir sjávarútvegsins aukist um 180 milljarða en tekjur greinarinnar hafa ekkert vaxið frá síðustu aldamótum.

Það hefur verið í tísku á síðustu árum að halda lærða fyrirlestra um bætt viðskiptasiðferði. Aldrei hef ég í þessu sambandi séð að fjallað hafi verið um það siðferði sem hefur viðgengist með aflaheimildir sem eru í raun og sanni sameign íslensku þjóðarinnar.

Í þessum viðskiptum hefur nánast viðgengist skítlegt siðferði þar sem gerðir samningar eru þverbrotnir. Loforð hafa ítrekað verið gefin íbúum byggðarlaga um að aflaheimildir verði ekki fluttar úr þeim þegar fyrirtæki hafa fest kaup á þeim en þau hafa oftar en ekki verið svikin með þeim afleiðingum að heilu byggðarlögin hafa staðið eftir án atvinnuréttar.


SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Á Siglufirði stóð ríkið sjálft fyrir mjög umdeildri sölu á fyrirtækinu Þormóði ramma fyrir á að giska 15 árum en í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem finna má á ágætri heimasíðu stofnunarinnar, http://www.rikisendurskodun,is, má lesa þungan áfellisdóm yfir því hvernig þáverandi fjármálaráðherra stóð að þeirri sölu. Í skýrslunni kemur m.a. fram að fyrirtækið hafi verið selt á hálfvirði og að stjórnvöld hafi hunsað það að ræða við kaupendahóp sem samanstóð af hátt í 200 Siglfirðingum. Í 5. grein kaupsamnings sem fjármálaráðherra gerði við kaupendur Þormóðs ramma var það skilyrði að kaupendur, sem vel að merkja reka fyrirtækið enn, skyldu skuldbinda sig til að nýta aflakvóta í þágu útgerðar og vinnslu á Siglufirði.

*Æ fleiri sjá í gegnum þá blekkingu sem haldið hefur verið að þjóðinni að íslenska kvótakerfið skili einhverri gríðarlegri hagræðingu og þess vegna ætti þjóðin að sætta sig við ósanngirni og siðleysi kvótakerfisins.*

Stjórnendur fyrirtækisins hafa ekki uppfyllt þetta skilyrði hingað til og nú berast fréttir af því að ganga eigi lengra í að svíkja gerðan kaupsamning. Uppsagnir á áhöfnum skipa fyrirtækisins hafa verið boðaðar og eru skýringarnar sagðar vera þær að til standi að endurnýja skipaflota félagsins sem er kominn til ára sinna. Þessar skýringar eru hreint fráleitar þar sem ekki er von á nýju skipunum fyrr en í fyrsta lagi á næsta og þarnæsta ári.

Eina haldbæra skýringin á þessum uppsögnum er því sú að fyrirtækið ætli að leigja aflaheimildirnar. Ekki ætla ég að skera úr um hvort brot á kaupsamningi sem gerður var við ríkið varði við lög en óumdeilt er að forráðamenn fyrirtækisins hafa ekki staðið við gerða samninga og loforð.

Það er áhugaverð spurning hvort íslenskir viðskiptamenn telji eðli þessara viðskipta sem gerð eru með eigur almennings, þ.e. kvótann, vera að einhverju leyti frábrugðið eðli annarra viðskipta og þess vegna sé í góðu lagi að svíkja gefin loforð. Dæmin eru fjölmörg, s.s. sala Guðbjargarinnar frá Ísafirði og loforð sem gefin voru Stöðfirðingum um áframhald fiskvinnslu í plássinu.

Við í Frjálslynda flokknum vonumst til þess að landsmenn sýni það í verki í komandi kosningum að þeir vilji vinda ofan af þessu spillta vitleysiskerfi sem hefur orðið þjóðinni til mikils tjóns. Engum er betur treystandi til þess en Frjálslynda flokknum undir forystu margreynds aflaskipstjóra, Guðjóns Arnars Kristjánssonar.

*Höfundur er alþingismaður*

# Bændur í Húnaþingi taka upp evru

**UMRÆÐAN**
Upptaka evrunnar

Mikil umræða hefur verið um ókosti krónunnar okkar á undanförnum vikum og einkum nefnt að vextir eru hér mjög háir, að krónan sveiflast mikið og að hagstjórn er erfið í litlu, opnu hagkerfi.


ANDRI TEITSSON

Og víst er hagstjórnin erfið. Seðlabankinn hækkar vexti til að draga úr eftirspurn. En hvað gerist? Háir vextir laða að erlent fjármagn, gengi krónunnar hækkar, verð á nýjum bílum lækkar. Ekki nema von að hagstjórnin gangi illa.

Tilgangur hagstjórnar er að hafa áhrif á framboð og eftirspurn lykilþátta efnahagskerfisins svo sem vinnuafls, fjármagns, fjárfestinga og neyslu. Grunnhugsunin er sú að aukin spurn eftir takmörkuðum gæðum leiði til verðhækkunar og þar með verðbólgu og þar með lakari lífskjara. En þá vaknar lykilspurning: ERU GÆÐIN TAKMÖRKUÐ? Flestir merkustu hagfræðingar heims hafa komið frá Bandaríkjunum eða Bretlandi þ.e. stærstu hagkerfunum og frá sjónarhóli þeirra eru gæðin áreiðanlega takmörkuð, a.m.k. til skemmri tíma litið. En frá sjónarhóli smáþjóðar eru þau það EKKI, það er meira en nóg til í heiminum af peningum og vinnuafli fyrir Íslendinga og flæðið er svo til frjálst hingað. Þetta höfum við nýtt okkur í uppsveiflu undanfarinna ára. Og svo bregður við að samfara aukinni eftirspurn hefur verðið á aðföngum lækkað en ekki hækkað! Því að útlenskt vinnuafl og peningar eru mun ódýrari en íslenskt. Er nema von að uppsveiflan verði lífleg? Og ég spyr; er hagstjórnin kannski ekki bara ógerleg heldur líka óþörf? Og hvað gerist í niðursveiflu í litlu samfélagi sem ekki hefur sjálfstæðan gjaldmiðil? Hinn mikli „hagstjórnarvandi“ Mývetninga sem hlaust af lokun Kísiliðjunnar leystist af sjálfu sér með að hluti vinnuaflsins fór til Reyðarfjarðar.

Utanríkisráðherra á hrós skilið fyrir að hamra á þeim möguleika að þjóðin taki upp evru án þess að ganga í Evrópusambandið. Aðrir stjórnmálamenn og embættismenn hafa verið duglegri að hugsa um vandamál en lausnir í því máli. Björn Rúnar Guðmundsson hagfræðingur hjá greiningardeild Landsbankans skrifaði góða grein um málið í Fréttablaðið 13. des. sl. Hann lýsir því sem raunhæfum kosti að taka upp evru með því að hætta að mestu innlendri peningamálastjórn og skipta út íslenskum seðlum fyrir evrur.

Bændur í Húnaþingi eru byrjaðir að taka upp evruna þótt ekki hafi þeir fulltrúa í stjórn sameiginlegs seðlabanka Evrópu. Veiðifélag Víðidalsár hefur áratugum saman gert leigusamninga að hluta í erlendri mynt. Leigutakinn selur veiðileyfin að hluta til úr landi og dregur með þessu úr gjaldeyrisáhættu sinni. Bóndinn fær hluta tekna sinna í erlendri mynt og getur fjármagnað nýju dráttarvélina með erlendum lánum. Þannig lækkar hann vaxtabyrði sína án þess að taka áhættu af gengi krónunnar.

SVÞ hafa hugleitt hvort verslanir ættu að taka við evrum og ASÍ hefur hugleitt að gefa fólki kost á launum í evrum. Þegar fólkið og fyrirtækin verða einn dag öll búin að taka upp evruna munu stjórnmálamenn og embættismenn kannski segja eins og Grettir sterki forðum að „verður það er varir og svo hitt er eigi varir“.

*Höfundur rekur sauðfjárbú í Húnaþingi og er formaður stjórnar NordVest verðbréfa hf. í Reykjavík (sem reyndar er alveg ótengt Norðurlandi vestra!)*

# *Misskilið frelsi*

**UMRÆÐAN**
Umferðin

Áramótum heita margir því að breyta líferni sínu til bættrar heilsu og langlífis. Fyrir þá hina sömu má benda á að ein markvissasta og árangursríkasta leiðin til almennrar heilsubótar og langrar ævi er tiltölulega einföld. Það er einfaldlega það að temja sér bætta hegðun í umferðinni og tileinka sér óvæga sjálfsgagnrýni í þeim efnum.

Umferðarslys kosta að meðaltali 25 mannslíf á hverju ári. Hálft annað hundrað slasast alvarlega og stór hluti þess fjölda örkumlast. Talið er að umferðarslys og umferðaróhöpp kosti þjóðina 15–20 milljarða á hverju ári. Það sætir því ekki furðu að Karl Sigurbjörnsson biskup skuli líkja slysaöldu síðastliðins árs við hamfarir. Í langflestum tilfellum eru þetta hamfarir af manna völdum, afleiðingar glæfralegrar hegðunar þar sem heppnin, sem reynist oft á tíðum eini mögulegi bjargvætturinn við slíkar aðstæður, bregst á ögurstundu.

Hundruð einstaklinga bætast á hverju ári við þann hóp fórnarlamba sem sjaldnast heyrist af en það eru aðstandendur. Aðstandendur líða ómældar þjáningar sem koma hart niður á lífi þeirra. Það er erfitt að meta afleiðingar þeirra þjáninga fyrir samfélagið í heild en ótal dæmi eru um skerta starfsorku og skert þrek þeirra til þess að takast á við áður einföld verkefni. Þessi orð eru því miður studd reynslu þúsunda Íslendinga og hundruð bætast við á hverju ári.

Dánartölur og fjöldi þeirra sem örkumlast í umferðinni eru ekki og mega aldrei verða sjálfsagður fórnarkostnaður fyrir eitthvað frelsi til að gera hvað sem mann lystir í umferðinni. Það er aðeins eitt frelsi sem á að gilda í umferðinni. Það er frelsið til að geta ekið um án þess að eiga á hættu að einstaklingur haldinn misskilinni frelsisþrá slasi mann eða deyði vegna ofmats á sjálfum sér og aðstæðum. Lög og reglur eru settar til þess að koma í veg fyrir slíkt.

Það er margt sem krefst úrbóta í umferðaröryggismálum þjóðarinnar og það er vonandi að umferðaröryggi verði mál málanna í komandi kosningum. Seint verður hægt að eyða of miklu fjármagni í umferðaröryggismál því þeir peningar skila sér margfalt til baka í bættum lífsgæðum, auknum lífslíkum og bættri heilsu þjóðarinnar.


EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

Þegar lagt var upp með núgildandi umferðaröryggisáætlun stjórnvalda var þetta haft að leiðarljósi. Samgönguráðherra hefur m.a. boðað uppbyggingu stofnbrauta í nágrenni höfuðborgarinnar, bæði á Suðurlandsvegi og Vesturlandsvegi. Hann hefur jafnframt sett í gildi reglugerð um hert viðurlög og sektir við umferðarlagabrotum auk þess sem fjármagni hefur verið veitt úr umferðaröryggisáætlun stjórnvalda til aukins umferðareftirlits. Ljóst er að þessum fjármunum er vel varið en betur má ef duga skal.

Um leið og ég óska þess að enn meira fjármagn verði m.a. veitt til uppbyggingar vegakerfisins er mikilvægt að umferðaröryggi sé haft sem leiðarljós við hönnun vega. Fjöldi vega á Íslandi krefst tafarlausra úrbóta. Gæta verður þess að fjármunum sé ekki eitt í einstaka framkvæmdir umfram það sem reynslan sýnir að þurfi til að fullnægja ströngustu öryggiskröfum miðað við núverandi og væntanlegan umferðarþunga. Annars skapast sú hætta að áfram standi óbreytt, ófullkomin og hættuleg umferðarmannvirki annars staðar.

Nú eru aðeins örfáir dagar liðnir af nýju ári. Þegar þessi orð eru rituð sýnir skiltið við Suðurlandsveg 0 – að enginn hafi látist af völdum umferðarslyss á árinu. Við höfum möguleika á að halda þeirri tölu óbreyttri. Það er undir okkur sjálfum komið hvað sem líður lélegum eða góðum vegum, hálku eða ekki hálku því ábyrgðin er okkar ökumanna. Grundvallaratriði er að akstri sé hagað samkvæmt aðstæðum. Að ökumenn séu með óskerta athygli við aksturinn. Að tekið sé tillit til annarra vegfarenda. Að hvorki símar, syfja né vímuefni skerði athyglina og að bílbelti séu notuð. Ef við heitum þessu og stöndum við það þá fjarlægjum við þá hættu sem kostaði 30 manns lífið á síðasta ári.

*„Það er aðeins eitt frelsi sem á að gilda í umferðinni. Það er frelsið til að geta ekið um án þess að eiga á hættu að einstaklingur haldinn misskilinni frelsisþrá slasi mann eða deyði vegna ofmats á sjálfum sér og aðstæðum.“*

*Höfundur er upplýsingafulltrúi Umferðarstofu*

550 5600
Hringdu ef blaðið berst ekki
FRÉTTABLAÐIÐ
- mest lesið

# POPP OG KÓK

## OG NÝJUSTU MYNDIRNAR




TILBOÐ 10.-31. JANÚAR

**NÝ MYND + ELDRI + POPP + 2L. COKE**

# 850 KR.

# BÓNUSVÍDEÓ

*Leigan í þínu hverfi*

*EF MYNDIRNAR YOU, ME AND DUPREE EÐA THE SENTINAL ERU EKKI INNI ÞÁ FÆRÐU HANA FRÍA TIL ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING NÆST ÞEGAR ÞÚ KEMUR GEGN FRAMVÍSUN "100%" KORTS. GILDIR Í EINN MÁNUÐ FRÁ AUGLÝSINGU OG AÐEINS Á ÞEIM SÖLUSTAÐ ÞAR SEM MYNDIN VAR EKKI INNI.

TILBOÐIÐ GILDIR 10.-31. JANÚAR UM ÚTLEIGU Í EINN SÓLARHRING - MEÐ FYRIRVARA UM INNSLÁTTARVILLUR OG MYNDABRENGL.

## Kjarni málsins

> Fjöldi nemenda í menntaskólum og fjölbrautaskólum á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

# menntun

*nám, fróðleikur og vísindi*

**NEMANDINN:** LÁRA KRISTÍN UNNARSDÓTTIR

# *Skoðar málnotkun á MSN*

Lára Kristín Unnarsdóttir leggur þessa dagana lokahönd á BA ritgerð sína við íslenskuskor Háskóla Íslands. „Ég ákvað að skoða talmálsleg áhrif í netspjalli,“ segir Lára. „Ég er sem sagt að skoða hvernig áhrif úr talmáli koma fram í rituðum texta þegar fólk spjallar saman á netinu í gegnum spjallforrit á borð við MSN. Mér þótti þetta spennandi viðfangsefni því þarna eiga sér stað samræður í rauntíma sem eru lítið frábrugðnar þeim samtölum sem fólk á í gegnum síma eða augliti til auglits. Munurinn er sá að samræðan er skrifuð og því kemur þarna fram ritmál sem er ólíkt öðrum skrifuðum texta,“ útskýrir Lára sem hefur undanfarnar vikur grandskoðað MSN-samræður nokkurra einstaklinga. „Ég óskaði eftir að fá send MSN-samtöl og fékk að lokum efni frá um það bil 20 manns. Þetta eru þeirra samtöl við um 300 einstaklinga á öllum aldri svo þetta var fjölbreyttur pakki.“

Að sögn Láru hafa samræður af þessu tagi lítið verið skoðaðar hingað til. „Ég skoða meðal annars hvernig hinum talmálslega blæ er komið inn í ritaðan texta skilaboðanna. Fólk notar sviptákn, broskarla og fýlukarla, til að gæða textann lífi og koma merkingu og tilfinningu skilaboðanna betur til skila. Þá líkja einstaklingar einnig eftir áherslum og blæbrigðum talmálsins með því að skrifa orðin eftir framburði þeirra til dæmis „nottla“ eða „eilla“ og líkja eftir tónblæ raddarinnar með því að skrifa „miikið“ í staðinn fyrir „mikið“ til áhersluauka,“ segir Lára og bætir því við að ritun orða eftir framburði sé eitt helsta einkenni þessa samskiptaforms.



Mikið hefur verið rætt um hvort ný tækni ógni stöðu málsins. Lára segir að erfitt sé að spá fyrir um hvort sú málnotkun sem á sér stað í spjallforritunum smitist yfir í annan ritaðan texta. „Það má sjá mikil áhrif frá netspjallinu á bloggsíðum og þar nota margir svipaðan stíl. Það er hins vegar óvíst hvort það sé komið til að vera en vissulega væri gaman að skoða það betur seinna,“ segir Lára.

■ **Skólinn**

## Brekkuskóli á Akureyri



Brekkuskóli er fjölmennasti grunnskólinn á Akureyri með um 570 nemendur. Skólinn varð til árið 1997 við sameiningu Barnaskóla Akureyrar og Gagnfræðaskóla Akureyrar og því má segja að skólinn byggi á gömlum grunni.
Fyrstu árin eftir sameiningu starfaði skólinn í tveimur til þremur byggingum, þar með talið gamla barnaskólahúsinu og gamla gagnfræðaskólahúsinu, uns glæsileg nýbygging var tekin í gagnið árið 2005. Skólastjóri Brekkuskóla er Karl Erlendsson.

■ **Námsstyrkir**

## Landsvirkjun styrkir lokaverkefni

Landsvirkjun auglýsir þessa dagana eftir umsóknum um styrki vegna meistara- og doktorsverkefna. Á árinu 2007 hyggst Landsvirkjun verja samtals 3 milljónum króna í námsstyrki og verður styrkjunum úthlutað í apríl næstkomandi. Hver styrkur verður að lágmarki 400 þúsund krónur.
Með námsstyrkjunum er markmiðið að efla menntun og hvetja til rannsókna á ýmsum sviðum sem tengjast starfsemi Landsvirkjunar. Umsækjendur þurfa að leggja fram lýsingu á verkefninu, meðmæli leiðbeinanda og rökstuðning fyrir því að verkefnið tengist starfsemi Landsvirkjunar.



Allar nánari upplýsingar og eyðublöð má nálgast á vefsíðu Landsvirkjunar: www.lv.is

■ **Fyrirlestur**

## Tölvuleikur sem viðskiptahugmynd



Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP heldur opinn fyrirlestur í Háskólabíói, sal H3 á morgun, 12. janúar, klukkan 12.30. Fyrirlesturinn er haldinn á vegum viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands.

CCP hefur meðal annars hannað netleikinn EVE-Online. Þegar fyrirtækið var stofnað árið 1997 var markmiðið að þróa nýjar tegundir tölvuleikja, þar sem þúsundir gætu spilað þrívíddarleiki í rauntíma á Netinu. Viðskiptahugmyndin gekk út á að selja spilurum leikinn og rukka eftir það mánaðarlegt áskriftargjald fyrir að viðhalda og þróa áfram leikjaheiminn.

■ **Málstofa**

## Að virkja nemendur til náms

Á morgun, 12. janúar, stendur viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands fyrir málstofu. „Að virkja nemendur til náms: Óhefðbundnar leiðir í kennsluháttum“ er yfirskrift málstofunnar sem hefst klukkan 14 í stofu 101 í Odda.



Málstofan er hluti af málstofuröð um kennslu og kennsluhætti sem haldin er innan háskólans. Málstofan er öllum opin en frummælendur eru: Róbert Ragnar Spanó, prófessor við lagadeild, Stefán B. Sigurðsson, prófessor og deildarforseti við læknadeild og Ingjaldur Hannibalsson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild. Í málstofunni verður fjallað um hvernig nýta megi óhefðbundnar leiðir í kennsluháttum til að virkja nemendur til náms.

■ **Útgáfa**

## Menntun yngri barna

Annað hefti 15. árgangs Uppeldis og menntunar kom út fyrir skemmstu. Að þessu sinni er meginþema ritsins menntun yngri barna. Fjórar rannsóknargreinar eru í ritinu og fjalla þær um þróun og einkenni íslenskrar umönnunarstefnu, samstarf í leikskólum við foreldra barna af erlendum uppruna, rannsókn á áhrifum eðlisfræðiverkefna á leikskólabörn og leikskólann frá sjónarhóli barna.



Viðhorfsgreinarnar í blaðinu eru eftir erlenda fræðimenn sem voru gestir á alþjóðlegri ráðstefnu um menntun yngri barna sem haldin var í Kennaraháskólanum á nýliðnu ári.
Ritstjóri Uppeldis og menntunar er Jóhanna Einarsdóttir en ritið er gefið út af Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands í samvinnu við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri.



**SAMSPIL** Í kennslustundunum hjá Pétri taka allir þátt. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Tónlistin sameinar alla

**Pétur H. Jónsson hefur kennt tónmennt í Austurbæjarskóla um árabil við góðan orðstír.**

Krökkunum í Austurbæjarskóla þykir alltaf gaman að mæta í tónmennt til Péturs. Í skólastofunni leynast alls kyns hljóðfæri sem gaman er að prófa og í tímunum fá allir að spreyta sig á spilamennskunni. Sjálfur segir Pétur að hópandinn sem myndast þegar krakkarnir spila saman sé engu líkur og hvergi sé hægt að virkja nemendur á jafn skemmtilegan hátt og í gegnum tónlistina.

„Tónlistin liggur svo þétt að tjáningu og aðferðum barnanna við að kynnast umhverfinu að þau bara verða að fá tækifæri til þess að kynnast henni,“ segir Pétur. „Börn hugsa á skapandi hátt og þurfa ekki að finna hugsunum sínum farveg í orðum og setningum eins og við fullorðna fólkið. Tungumálið er tæki sem þau ná ekki valdi á fyrr en seinna og þess vegna njóta þau þess að tjá sig í gegnum tónlistina.“

Í fjölmenningarlegum skóla eins og Austurbæjarskóla, þar sem nemendur hafa fjölmörg ólík móðurmál, skiptir máli að allir geti „talað saman“ og það gera krakkarnir meðal annars með aðstoð tónlistar. „Tónlistin skapar reglu og samhengi,“ segir Pétur. „Hún auðveldar hverjum og einum að vera hluti af félagsskapnum og þegar við spilum saman eru allir hluti af sömu heild. Við náum til allra í gegnum samspil, takt og hreyfingu og þess vegna er tónlistin gríðarlega gagnleg,“ segir Pétur sem nýtir tónlist frá öllum heimshornum í kennslu sinni. „Við vinnum til dæmis mikið með salsa því þar er svo skemmtilegur taktur og mörg lítil ásláttarhljóðfæri sem henta börnum vel. Afrískar trommur koma einnig við sögu,“ segir Pétur og bendir á að hægt sé að læra margt af afrískri menningu. „Þar taka allir þátt. Sjáðu bara gospelmessurnar. Þar ríkir svo mikil gleði og allir eru með, fólk kallar fram í og gefur sig allt í tónlistina. Þannig eru krakkar og þá eiginleika reyni ég að virkja í skólastofunni.“

Pétur lætur sér ekki nægja að hafa mótandi áhrif á krakkana í Austurbæjarskóla heldur hefur hann einnig lokið við að skrifa kennslubók í tónmennt sem væntanlega mun nýtast í mörgum skólum. „Ritstjórinn minn hjá Námsgagnastofnun segir að bókin komi út um leið og brumið á trjánum í vor,“ segir Pétur og hlær. „Bókin heitir Hljóðspor og þar er slóðin rakin frá Afríku með þrælunum vestur um haf. Saga þeirra er sögð í gegnum tónlistina, blús og gospel og svo kemur hvíti maðurinn til sögunnar,“ segir Pétur en í bókinni er saga tónlistarinnar rakin, fram undir lok sjöunda áratugarins. „Krakkarnir læra um helstu stefnur á þessum árum, kynnast Bítlunum, hippunum og rokkinu og læra í leiðinni heilmikið um sögu tuttugustu aldarinnar,“ segir Pétur.

Nýtt íslenskt rit um leshömlur kom út á dögunum:

# Vantaði yfirlitsrit á íslensku

Háskólinn á Akureyri hefur gefið út bókina Lexíu eftir Rósu Eggertsdóttur, sérfræðing við skólaþróunarsvið kennaradeildar Háskólans á Akureyri, og Þóru Björk Jónsdóttur, kennslu- og sérkennsluráðgjafa hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga. Um er að ræða yfilitsrit um dyslexíu eða leshömlun eins og kosið hefur verið að kalla viðfangsefnið á íslensku.

Að sögn Rósu hefur bókin verið í smíðum í rúm fjögur ár. „Við höfum báðar lengi haft áhuga á þessu viðfangsefni enda hefur lítið sem ekkert verið skrifað um þetta efni á íslensku. Okkur fannst því vanta gott yfirlitsrit fyrir fræðimenn, kennara og foreldra og jafnvel líka fyrir þá sem eiga við þennan vanda að stríða.“

Þegar Rósa og Þóra hófust handa við skrifin komust þær fljótlega að því að viðfangsefnið var gríðarlega umfangsmikið. „Í upphafi vildum við gjarnan skrifa annars vegar um fræðin og hins vegar um ráðgjöf og heppilegar kennsluaðferðir. Svo ákváðum við að einskorða okkur við það að gera grein fyrir þeim hugmyndum og kenningum sem fræðimenn hafa sett fram um þetta mál,“ segir Rósa og bendir á að enn sé margt á hluldu varðandi leshömlun.

„Greiningarprófin sem við höfum ganga fyrst og fremst út frá því að um sé að ræða röskun í hljóðkerfisvitund en það eru fleiri kenningar til og þetta er í rauninni mjög flókið fræðasvið. Þá er líka erfitt að segja til um tíðni leshömlunar því meðan menn hafa ekki sameinast um skilgreininguna er erfitt að segja hvert hlutfallið er,“ segir Rósa og bendir á að talið sé að um 7 til 10 prósent allra hafi dyslexíu og enn fleiri hafi einhver minni vandamál tengd lestri.

Bókin er fyrst og fremst ætluð kennurum, fræðimönnum og kennaranemum sem og öllum þeim sem langar að fræðast betur um leshömlur. Þá hentar bókin einnig foreldrum sem vilja skilja betur vanda barna sinna svo lengi sem þeir eiga sjálfir ekki í vanda með lestur og er það von höfunda að leshamlaðir fái betri þjónustu og skilning á vanda sínum í framtíðinni. - þo




**LEXÍA EFTIR RÓSU EGGERTSDÓTTUR OG ÞÓRU BJÖRK JÓNSDÓTTUR** Bók um leshömlur, ætluð fræðimönnum, kennurum og foreldum barna sem eiga við leshömlun að stríða.

# ÍHLUTIR & UPPFÆRSLUR

## FRÁBÆRT ÚRVAL • FRÁBÆR TILBOÐ

EV - Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3.5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við upphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann. Birt með fyrirvara um villur og breytingar.




### Roadster

Vandaður 1GB minnislykill frá OCZ sem lokast inn í sjálfan sig þannig að það er ekkert lok til að týna. Ekki nóg með það heldur er minnislykillinn líka handhæg lyklakippa.

- Hágæða vara frá OCZ
- Snilldar hönnun ekkert lok
- Einnig handhæg lyklakippa
- 1GB hraðvirkt og öruggt minni
- Minnsti USB minnislykillinn!

**2.990**




### Uppfærsla 1

- 3100+ Sempron64 örgjörvi
- Gigabyte K8N móðurborð
- 512MB DDR400 OCZ minni
- 128MB GeForce 6100 skjástýring
- 7.1 Dolby Digital DTS hljóð
- Netkort, FireWire, SATA, ofl.

**16.900**

EV3 5.663 Á MÁN | ENGIR VEXTIR Í 3 MÁN




### 256MB 7600GT

Eitt besta 7600GT skjákortið á markaðinum með SilentPipe2 tækni sem gerir kortið 100% hljóðlaust og ótrúlega kalt

**16.900**




### Móðurborð

Gigabyte 965P S3 móðurborð fyrir Intel Core 2 örgjörva með SATA2 Raid stýringar, 4 Dual channel minnisraufar, 7.1 DTS hljóð, Gigabit Netkort, Vista Premium Ready

**14.900**




### 520W aflgjafi

Ótrúlegur gjörsamlega ofur hljóðlátur og vandaður aflgjafi frá OCZ þar sem þú tengir bara þá kapla sem þú ætlar að nota

**9.990**




### 3800+ DUAL CORE

GigaByte turnuppfærsla er hentug og hagkvæm leið til að uppfæra eldri tölvur á á einfaldan hátt

- 3800+ AM2 A64 Dual Core
- GigaByte nForce430 móðurb.
- 1GB DDR2 667MHz OCZ minni
- 250GB Sata2 16MB WD harðd.
- 128MB GeForce6 6100 skjást.
- 7.1Dolby Digital DTS hljóðkort
- Gigabit netkort og FireWire
- GigaByte GZ hljóðlátur turn

**49.900**

EV5 9.980 Á MÁN | ENGIR VEXTIR Í 5 MÁN




### CREATIVE SBS580

5.1 hljóðkerfi með 5 hátölurum og góðu bassaboxi samtals 46W RMS

**6.990**




### X-FI Audio hljóðkort

Einstakt hljóðkort frá Creative með 24 Bita Crystalizer sem gefur ótrúlega vídd í tónlist

**6.490**




### 250GB Harðdiskur

250GB Western Digital ATA 7200RPM hljóðlátur harður diskur með 8MB buffer

**6.990**



### 1GB DDR400 minni

Hágæða minni frá OCZ með ultra Performance kopar kæliplötu

**9.990**




### CREATIVE WEBCAM

Creative Live! Cam Vista vefmyndavél sem er Skype Certified með 15fps video og USB1.1

**1.990**

## TÖLVUTEK

Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is



### Canon iP4300 prentari

Frábær 5 hylkja ljósmyndaprentari frá Canon. Prentar beint á geisladiska

**11.900**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Kristinn Þorsteinsson**
Bollatanga 16, Mosfellsbæ,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi þriðjudaginn 2. janúar. Verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 12. janúar klukkan 13.00.

**Þórey Ásthildur Kolbeins**

| | |
|---|---|
| **Sveinn Friðrik Jónsson** | **Sigríður Svanhvít Halldórsdóttir** |
| **Hildur Elísabet Jónsdóttir** | **Lárus Þorsteinn Þórhallsson** |
| **Þorsteinn Þorvaldur Jónsson** | **Kristjana Sölvadóttir** |
| **Leiknir Jónsson** | **Guðbjört Kvien** |
| **Hilmir Þór Jónsson** | **Ragnheiður Vídalín Gísladóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Ólafur Sveinsson**
Brunnum 19, Patreksfirði,

sem lést þann 4. janúar síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Patreksfjarðarkirku laugardaginn 13. janúar kl. 14.

**Hulda Ólafsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Ingveldur Hafdís Ólafsdóttir** | **Steindór Tómas Halldórsson** |
| **Sveinn Ólafsson** | **Steinunn Sturludóttir** |
| **Aðalsteinn Már Ólafsson** | **Ingibjörg Rósa Guðmundsdóttir** |
| **Ellen Ólafsdóttir** | |
| **Birna Jóhanna Ólafsdóttir** | **Vilhjálmur Ólafsson** |
| **Haraldur Ólafsson** | **Arnbjörg Pétursdóttir** |
| **Sesselja Guðrún Arthúrsdóttir** | **Þórir Bjarnason** |

**barnabörn og barnabarnabörn**
**Klara Sveinsdóttir**
**Valgerður Sveinsdóttir**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur, afi og bróðir,*

**Sturla Erlendsson**
Hjarðarhaga 11, Reykjavík

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju í Reykjavík föstudaginn 12. janúar kl. 15.

**Þóra Þórhildur Guðjónsdóttir**
**Sara Sturludóttir**
**Sölvi Sturluson**
**Björk Sturludóttir**
**Erlendur Sigurðsson**
**barnabörn og systkini.**



✝

*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Guðmundar Jóhannssonar**
húsasmíðameistara, Hraunbæ 103, Reykjavík.

Einnig viljum við þakka Frímúrarareglunni og Meistarafélagi húsasmiða fyrir þann sóma sem félögin sýndu honum við útför hans, og starfsfólki Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar fyrir góða umönnun frá haustdögum.

| | |
|---|---|
| **Margrét Guðmundsdóttir** | **Friðrik Ágúst Helgason** |
| **Jóhann Bogi Guðmundsson** | |
| **Gerður Guðmundsdóttir** | **Þór Whitehead** |
| **Dröfn Guðmundsdóttir** | **Sigurður Skúlason** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Friðrik Helgason**
Ísafirði,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 8.1. Útför hans fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 13. janúar kl. 11.

| | |
|---|---|
| **Friðrik Sigurðsson** | **Sigríður M. Gunnarsdóttir** |
| **Rannveig Sigurðardóttir** | **Hólmgeir Hreggviðsson** |
| **Pálína Sigurðardóttir** | **Guðni Geirsson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

**GUNNAR SMÁRI EGILSSON ATHAFNAMAÐUR ER 46 ÁRA Í DAG**

*„Ég veit ekki hvort það er vegna þess að þingmenn hafa stjórnarskrárbundinn rétt til að segja ósatt, en ég efast alltaf um að þeir meini nokkuð með því sem þeir segja. Í raun er fráleitt að gera ráð fyrir að þeir segi satt. Og jafnvel fyndið.“*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 11. JANÚAR 1928

## *Trotskí dæmdur í útlegð*

Á þessum degi árið 1928 var Leon Trotskí sendur í útlegð til Alma-Ata í Sovétríkjunum. Ári síðar gerði Stalín hann brottrækan úr Sovétríkjunum. Trotskí hét réttu nafni Lev Davidovich Bronstein og fæddist í Úkraínu árið 1879. Hann varð handgengur kenningum Marx á unglingsárum. Árið 1898 var hann handtekinn fyrir byltingarstarfsemi og tveimur árum síðar sendur í útlegð til Síberíu. Hann slapp þaðan árið 1902 og flúði til Englands undir dulnefninu Leon Trotskí og kynntist Lenín sem skipaði Trotskí utanríkisráðherra.Árið 1918 setti hann Rauða herinn á fót og þótti líklegur arftaki Leníns en tapaði fyrir Stalín í valdabaráttunni. Það kastaðist fljótlega í kekki milli þeirra og Trotskí var rekinn úr Kommúnistaflokknum árið 1927. Stalín dæmdi Trotskí fyrir landráð og í ágúst 1940 myrti flugumaður harðstjórans hann með ísöxi.





✝

*Ástkær eiginmaður minn,*

**Pétur Traustason**
augnlæknir,

lést að heimili sínu 9. janúar.

**Theodóra Smith.**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Vilhjálmur Ólafsson**
frá Kollsá II, Safamýri 44, Reykjavík,

lést á heimili sínu mánudaginn 8. janúar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ólöf Björnsdóttir.**



✝

*Eiginmaður minn , faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Steingrímur Jónsson**
flugvirki,

andaðist fimmtudaginn 4. janúar.
Útförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| **Molly Jónsson** | |
| **Jón Steingrímsson** | **Guðrún Ólafsdóttir** |
| **Skorri Steingrímsson** | |
| **og barnabörn.** | |



✝

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóna Gróa Aðalbjörnsdóttir**
Mýrarvegi 111, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 8. janúar. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 18. janúar kl. 13.30. Þeir sem vilja minnast hennar láti líknarstofnanir njóta þess.

| | |
|---|---|
| **Eygló Sigurliðadóttir** | **Birgir Pálsson** |
| **Una Sigurliðadóttir** | **Þórir Haraldsson** |
| **Björn Sigurliðason** | |


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson · Hermann Jónasson · Geir Harðarson · Bryndís Valbjarnardóttir

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**
**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar




**ÚR DEGI VONAR** Leikrit Birgis Sigurðssonar var fyrst sýnt á níutíu ára afmæli Leikfélags Reykjavíkur og fer nú aftur á svið tuttugu árum síðar í leikstjórn Hilmis Snæs Guðnasonar. Hér eru Margrét Helga Jóhannsdóttir og Þröstur Leó Gunnarsson í hlutverkum sínum í eldri uppfærslunni.

**GUÐJÓN PEDERSEN:** AFMÆLISDAGSKRÁ VIÐ LI

# Endurlit og fra

Leikfélag Reykjavíkur fagnar 110 ára afmæli sínu í dag en það er eitt elsta starfandi menningarfélag landsins. Leikfélagið starfaði óslitið í Iðnó við Vonarstræti þar til árið 1989 er öll starfsemi félagsins fluttist í Borgarleikhúsið sem Reykjavíkurborg byggði í samvinnu við félagið sem nú annast rekstur þess. Tilgangur félagsins var og er að vekja áhuga á góðri leiklist og sýna sjónleiki í Reykjavík.

Leikhússtjórinn Guðjón Pedersen segir að tímamót sem þessi séu bæði kjörin til endurlits og framsýni. „Með verkefnavalinu í vetur höfum við verið að gera hvoru tveggja. Nú á afmælisdaginn frumsýnum við verk sem fyrst var sýnt á níutíu ára afmæli félagsins, Dag vonar eftir Birgi Sigurðsson,“ útskýrir Guðjón og áréttar að í því felist ákveðin endurskoðun. „Við könnum þar með hugmyndina um íslenska klassík – er hún til og hvernig stenst hún í dag,“ segir hann. Síðar á þessu leikári verður aftur litið um öxl en þá verður söngleikurinn Grettir færður á fjalirnar á ný.

„Leikfélag Reykjavíkur hefur ávallt leitast við að vera í tengslum við grasrótina líka og nýlega tókum við forskot og frumsýndum verk eftir kraftmikið ungt leikskáld frá Skotlandi, Anthony Neilson,“ segir Guðjón og vísar þar til nýlegrar sýningar á verki hans, Ófögru veröld, en annað verk eftir Neilson, Lík í óskilum, verður sýnt síðar á þessu afmælisári.

Guðjón segir að fleira sé á döfinni í tilefni af tímamótunum, til dæmis standi til að rifja upp sögu félagsins í máli og myndum, gera hlut tónlistarinnar í starfi þess góð skil með sérstakri dagskrá og minnast nokkurra leikara félagsins. „Við munum dreifa þessum viðburðum frekar en að halda bara upp á daginn í dag,“ segir Guðjón og tekur undir að því sé fremur um samfellda veislu að ræða heldur en einstakt kaffiboð.

Guðjón metur stöðu Leikfélags Reykjavíkur mjög sterka í íslensku samfélagi. „Við merkjum það á okkar leikhúsgestum. Tölurnar segja okkur að 155 þúsund manns sóttu okkur heim á síðasta ári og það bendir til þess að Íslendingum þyki vænt um þetta félag og séu spenntir fyrir starfsemi þess. Ég held að við getum verið afar stolt og þakklát okkar leikhúsgestum.“

Þetta er sjöunda árið sem Guðjón stýrir Borgarleikhúsinu en hann áréttar að aðrir verði að dæma um hvaða mark hann setur á starf þess. „Við höfum verið að vinna mjög fjölbreytt starf hér í húsinu og höfum leitast við að höfða til sem flestra.“ Hann tekur dæmi af nýjungum á borð við dansleikhúskeppnir og öflugt samstarf



**MARGT Á DÖFINNI** Guðjón Pedersen leikhússtjóri segir fjölbreytta afmælisdagskrá fram undan.

## MERKISATBURÐIR

1918 Bjarndýr ganga á land í Núpasveit í Öxarfirði. Næstu daga gengu þau á land um allt Norður- og Austurland, frá Húnaflóa austur í Mjóafjörð.

1927 Eignir Charlie Chaplin kyrrsettar vegna skilnaðar hans við Litu Grey Chaplin. Chaplin bjó í 42 ár í Bandaríkjunum en var aldrei bandarískur þegn og þegar hann hugðist snúa heim 1952 var honum meinuð landganga vegna þess að hann væri kommúnisti.

1937 Óeirðir brjótast út í verkfalli í verksmiðju General Motors í Flint í Michigan. Verkfallinu lauk með sigri verkalýðsfélaganna og bílaframleiðendur neyddust til þess að samþykkja tilvist þeirra.

1944 Togarinn Max Pemberton ferst út af Snæfellsnesi með allri áhöfn, 29 manns.

# Minningarsjóður Indriða

Aðstandendur Indriða Guðmundssonar klæðskera hafa stofnað minningarsjóð í nafni hans. Indriði lést í Kaupmannahöfn þann 30. desember síðastliðinn, fertugur að aldri.

Í fréttatilkynningu frá aðstandendum sjóðsins segir að tilgangur hans sé að styrkja margvísleg verkefni og viðburði í anda Indriða. Menntun, útgáfa, sýningar og rannsóknir tengdar fataiðn, klæðskurði, búningagerð og sjónlistum munu koma til með að fá styrkveitingu úr sjóðnum. Umsjón með honum hafa Arndís Arnórsdóttir viðskiptafræðingur og Oddný Kristjánsdóttir klæðskeri. Framlög til sjóðsins má leggja inn á bankareikning hans, 513-14-607174, kennitölu 240963-7449.

Útför Indriða fer fram klukkan ellefu í dag.



**INDRIÐI GUÐMUNDSSON** Fjölskylda og vinir Indriða hafa stofnað minningarsjóð í nafni hans.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# 50 ára afmæli

15. janúar næstkomandi verður **Halldór Jökull Ragnarsson** fimmtugur. Í tilefni þessara tímamóta ætla Halldór og Björk að taka á móti fjölskyldu, vinum og velunnurum á Nordica hótel laugardaginn 13. janúar kl. 17.00-20.00.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**



STABRAUT

# msýni

við leikhópa á borð við Vesturport sem sýnt hefur tvær sinna sýninga þar. Þá hefur félagið einnig átt farsælt samstarf við Sönglist og Íslenska dansflokkinn sem eru þar með starfsemi sína.

Fleira er þó í farteskinu að sögn Guðjóns sem kveðst bjartsýnn á framhaldið. Nánari upplýsingar um starfsemi Leikfélags Reykjavíkur og hússins við Listabraut má finna á heimasíðunni www.borgarleikhus.is.

kristrun@frettabladid.is






## HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

**Óskað er eftir tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins sem veitt verða í annað sinn 22. febrúar nk.**

**Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.**

Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk sem á skilið að fá hraustlegt klapp á bakið og er þess verðugt að fá slík verðlaun.

Allir koma til greina, allt frá óþekktum einstaklingum til félagasamtaka eða þjóðþekktra karla og kvenna sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum til fyrirmyndar.

**Samfélagsverðlaunin verða veitt í sex flokkum:**

**1. Hvunndagshetjan**
Einstaklingur sem sýnt hefur einstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

**2. Uppfræðari ársins**
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar og aðrir uppfræðarar sem hafa skarað framúr og látið gott af sér leiða.

**3. Framlag til æskulýðsmála**
Félagasamtök sem hafa sinnt börnum af sérstökum metnaði og alúð.

**4. Til atlögu gegn fordómum**
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

**5. Heiðursverðlaun**
Einstaklingur sem hefur helgað líf sitt baráttu fyrir betra samfélagi.

**6. Samfélagsverðlaunin**
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.

Sendið tilnefningar með því að fara inn á **visir.is,** með tölvupósti á netfangið **samfelagsverdlaun@frettabladid.is** eða bréfleiðis merkt **Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík**. Frestur til að skila inn tilnefningum rennur út **23. janúar**. Dómnefnd mun taka allar innsendar tilllögur til skoðunar. Verðlaunahafar verða kynntir og verðlaun afhent við hátíðlega athöfn **22. febrúar.**

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ






# STUÐ MILLI STRÍÐA Púkinn á fjósbitanum

**ROALD EYVINDSSON** BERST VIÐ INNRI DJÖFLA



Ég hef lengi haft það orð á mér að vera einkunnaóður. Sjálfur vil ég ekki kannast við það og hef sannfært mig um að háar einkunnir séu bein afleiðing af góðum heimalærdómi, en ekki óseðjandi metorðagirni.

Þegar ég hóf nýlega nám í fréttamennsku ákvað ég að sanna það fyrir sjálfum mér og öðrum með því að svitna ekki yfir bókunum til að kreista fram einhverjar níur heldur slappa af og njóta námsins.

Það markmið breyttist hins vegar heldur betur á fyrsta skóladegi þegar kennarinn dembdi á okkur óundirbúnu prófi úr uppáhaldsfaginu mínu, stærðfræði. Þótt ég sé nú almennt talinn ágætur námsmaður verður seint sagt að ég sé líklegur til mikilla afreka í stærðfræði og þurfti sem dæmi að hafa mikið fyrir því að klóra mig fram úr henni í menntaskóla, með aðstoð aukakennara og annarra hjálparhellna. Síðan þá hef ég haldið mig frá stærðfræðibókum eins og brennt barn sem forðast eldinn.

Mér varð því heldur brugðið þarna í fyrsta tíma með prófið í höndunum og er ekki frá því að ég hafi fengið létt aðsvif, þar sem ég horfði á tölurnar dansa á blaðinu eins og tryllta maurafylkingu. Það er eiginlega allt í móðu eftir það og ég man ekki almennilega eftir mér fyrr en tveimur tímum síðar. Ekki tók þó betra við þegar einkunnirnar lágu fyrir og ljóst að ég reið ekki feitum hesti frá viðureign minni við stóru, ógurlegu tölurnar.

Þá var engu líkara en eitthvert ógurlegt afl, sem hafði bærst innra með mér, losnaði skyndilega úr læðingi með áður óþekktum krafti. Með öðrum orðum reis einkunnapúkinn fílefldur úr dvala og krafðist fórna. Nú neitar helvítið að láta sig hverfa og fitnar með hverri fórn. Sem hefur orðið til þess að ég hef þurft að éta fyrri staðhæfingu ofan í mig. Ætli það leynist þá bara ekki lítill kúristi í mér þegar öllu er á botninn hvolft. Svona á stærð við meðalstóran maur.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






Þú getur **SPARAÐ**
**57.000 kr. á ári**
**með því að vera með yfirdráttinn hjá S24***

Hvernig væri nú að láta peningana fara að vinna fyrir þig?

Sæktu um núna!
**www.s24.is**

S24 …og þú hagnast

533 2424 – Sætún 1

*M.v. 1 milljón króna yfirdrátt á ári og 18,25% vexti hjá S24 og 23,95% vexti hjá ónefndum fjármálafyrirtækjum
*M.v. að umsækjandi uppfylli skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar


SPARAÐU MEÐ DEBETKORTINU
Þú kaupir
3.250 KR.
Þú borgar
4.000 KR.
í sparnað
750 KR
EIGÐU AFGANGINN er nýjung sem gerir þér kleift að leggja fyrir í hvert skipti sem þú borgar með debetkorti Glitnis. Þú velur að hækka upphæðina sem þú kaupir fyrir upp í næstu 100, 500 eða 1.000 kr. og mismunurinn leggst sjálfkrafa inn á sparireikning að þínu vali. Þú kemst ekki hjá því að spara í hvert skipti sem þú notar debetkortið.
EIGÐU AFGANGINN
Skráðu þig í EIGÐU AFGANGINN á www.glitnir.is
EINS EINFALT
OG AÐ LÍTA
TIL HLIÐAR
GLITNIR
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
Fáðu nánari upplýsingar um EIGÐU AFGANGINN hjá ráðgjöfum í næsta útibúi, í Þjónustuveri í síma 440 4000 eða á www.glitnir.is.

**!** **Kl. 16.00**
*Sigþrúður Pálsdóttir, Sissú, opnar sýninguna „Menjar tímans“ í Skotinu, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, á 6. hæð í Grófarhúsinu við Tryggvagötu 15.*

# menning
menning@frettabladid.is

# *Um stolin þjóðkvæði og frumleikakröfuna*

Nigel Watson er enn á ný kominn í heimsókn til Íslands, en hann er eins og flækingsfuglarnir, fer víða og tekur ástfóstri við suma staði. Nigel var áhrifamikill í leikhúslífi hér á áttunda áratugnum en hann rak þá leikhóp með Ingu Bjarnason. Nú er hann hér til að kenna við þjóðfræðiskor Háskóla Íslands. Nigel Watson hefur starfað sem flytjandi, leikhúsmaður, tónlistarfræðingur, kennari og kennismiður hér og þar í heiminum í fjóra áratugi. Hann hefur sótt landið heim reglulega, flutt einleiki og sagnakvæði hér og kennir nú í janúarmánuði hraðnámskeið um blústónlist og samberandi tónlistarfræði. Hann er um þessar mundir gistikennari við háskólann í Glamorgan og er að skrifa doktorsritgerð um samband velskra trúboða á nítjándu öld við fólk af Khasi og Jaintia ættbálkum á Norðaustur-Indlandi.



Í kvöld mun hann halda fyrirlestur á vegum Félags þjóðfræðinga á Íslandi í húsi Sögufélagsins við Fischersund kl. 20. Þar spyr hann um rétt flytjenda á að tileinka sér frásagnir og söngva úr hvaða hefð sem er. Eru í því fólgnar gripdeildir á óáþreifanlegum menningararfi annarra eða er þess háttar tileinkun einmitt frjó rót skapandi misskilnings? Í heimi þar sem alþjóðleg valda- og viðskiptatengsl minna enn mjög á nýlendutímann krefst saga alþjóðlegra menningartengsla nánari rannsóknar sem og sambandið milli ritaðrar og munnlegrar sagnahefðar.

-pbb



**MYNDLIST** Myndin er tekin á vinnustofu Gísla Sigurðssonar. Frá vinstri: Gunnar Einarsson bæjarstjóri, Gísli Sigurðsson og Jóna Sæmundsdóttir, formaður menningar- og safnanefndar.

# Sólarljóð í myndum

Listmálarinn, blaðamaðurinn, ritstjórinn og ferðabókahöfundurinn Gísli Sigurðsson hefur gefið Garðabæ, þar sem hann býr, myndröð eftir sjálfan sig sem gerð er eftir Sólarljóðum.

Verður opnuð sýning á gjöfinni í dag af Gunnari Einarssyni bæjarstjóra kl. 15 í félagsmiðstöðinni Garðabergi.

Myndröðin byggist á efni úr Sólarljóðum. Í Sólarljóðum segir höfundurinn frá dauða sínum og því þegar sólin hverfur honum og sortnar, en áfram heldur ferðin. Málverkaröðin var sýnd á einkasýningu Gísla Sigurðssonar á Kjarvalsstöðum árið 1986.

Þessi veglega gjöf Gísla verður til sýnis í félagsmiðstöðinni Garðabergi, Garðatorgi 7 (á hæðinni fyrir ofan bókasafnið), út janúar 2007.

Garðaberg er opið virka daga (nema þriðjudaga) frá kl. 12.30-16.30 og allir eru velkomnir þar inn að skoða sýninguna.

- pbb

# Fræðasjóðir auglýsa

Launasjóður fræðiritahöfunda auglýsti fyrir helgi eftir umsóknum en meginhlutverk hans er að auðvelda samningu „bóka og verka í stafrænu formi til eflingar íslenskri menningu“. Rétt til að sækja um í sjóðinn hafa höfundar alþýðlegra fræðirita, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku. Starfslaunin eru veitt til hálfs árs, eins ár, tveggja ára eða þriggja og miðast við laun háskólakennara. Þeir sem sækja um verða að sækja um á eyðublöðum sem liggja fyrir á vef www.rannis.is og geta ítarlega um tilgang verks og vinnutilhögun. Umsóknarfrestur rennur út 23. febrúar. Sjóðurinn hefur gert möguleg mörg mikilvæg verk á undanförnum árum og er fræðasamfélagið samtaka í að lofa tilurð hans.

Annar sjóður í opinberri vörslu sem líka hefur stutt rannsóknarsamfélagið íslenska er Þjóðhátíðarsjóður. Hann hefur einnig auglýst eftir umsóknum um styrki fyrir þetta ár. Þjóðhátíðarsjóður var stofnaður í tilefni af 1100 ára búsetu á Íslandi þremur árum eftir minnishátíðina 1974. Hann hefur til umráða 20 milljónir ár hvert fram til 2011. Er þá talið samkvæmt auglýsingu að hann hafi lokið hlutverki sínu þó fræðasamfélagið sé einhuga um að starfsemi sjóðsins sanni á afgerandi hátt þá brýnu þörf sem hann leysti úr, rétt eins og nágranni hans í sjóðakerfinu, Kristnihátíðarsjóður, en þessi sjóðir hafa lagt grunn að víðfeðmu rannsóknarstarfi á íslenskri menningarsögu. Eins og með fræðiritahluta Rannís verður að sækja um á þar til gerðum eyðublöðum sem fá má í Seðlabankanum í Skuggahverfinu í Reykjavík og á vef bankans en þar var sjóðnum komið fyrir. Umsóknarfrestur er til 28. febrúar.

- pbb



**MATTHÍAS JOCHUMSSON** Ævisögu hans hefði Þórunn Valdimarsdóttir ekki getað tekið saman án stykja úr launasjóði fræðihöfunda.

# Breytt áætlun



**JUDITH INGÓLFSSON**

Fiðluleikarinn Reka Zilvay sem leika átti með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tónleikum í Háskólabíói 18. janúar næstkomandi forfallast en í hennar stað mun Judith Ingólfsson fiðluleikari leika með sveitinni. Efnisskráin tekur einnig breytingum, í stað fiðlukonserts eftir Bartók leikur Judith fiðlukonsert nr. 5 í D-dúr eftir W.A. Mozart. Engar breytingar hafa verið gerða á síðari hluta efnisskrárinnar, en þá mun Sinfóníuhljómsveitin leika 7. sinfóníu Bruckners. Judith Ingólfsson er íslenskum tónleikagestum að góðu kunn og hefur margsinnis komið fram á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands, síðast árið 2003.

# Færeysk list í Hafnarborg

**Á sýningunni „Einsýna List“ eru verk eftir sex færeyska listamenn og verður hún opnuð í Hafnarborg kl. 17 í dag. Einn þeirra, Astri Luihn, segir að þjóðirnar tvær geti lært margt hver af annarri.**

Færeyskir listamenn, einkum málarar, hafa lengi sótt innblástur í stórbrotið umhverfið og hafið sem umlykur eyjarnar. Verkin á sýningunni „Einsýna List“ sýna svo ekki verður um villst að landslagið er enn áhrifavaldur í færeyskri myndlist þótt málverkin hafi vissulega módernískt yfirbragð og myndefnin séu fjölbreyttari.

Myndlistakonan Astri Luihn hefur sýnt töluvert hér á landi en hún blandar saman dúkristu og málverki með sérstakri tækni sem hún sjálf hefur þróað, þannig að úr verður áhugaverð samtímalist. „Við erum virkilega ánægð með að fá að sýna hér,“ segir Astri og útskýrir að farandsýning þessi nú komin að endastöð sinni. „Sýningin er sett upp í samvinnu við Norðurlandahúsið í Færeyjum, Listasafnið í Þrándheimi og Nordatlantens Brygge í Kaupmannahöfn svo þetta er fjórði sýningarstaður hennar.“

Astri segir að það sé ávallt fræðandi og skemmtilegt að ferðast til Íslands. „Hér á landi er mjög opin umræða um menningu og listir. Mér finnst listalífið hér áhugavert, til dæmis á þeim vettvangi sem ég starfa, það er í grafíklist og málaralist. Við höfum líka margt að bjóða hvert öðru. Í Færeyjum er listafólk hefðbundnara en hér á landi – það getur verið bæði gott og slæmt eins og nýjungagirni hér á landi getur verið hvoru tveggja.“ Hún segir að samvinna listafólks frá Færeyjum og Íslandi sé alltaf að aukast með árunum. „Við höfum alltaf nóg að ræða um og það gagnast öllum að við skulum upplifa og gagnrýna verk hvers annars.“

Astri tekur dæmi af vídeólist og innsetningum sem ekki séu algengir miðlar meðal færeysks listafólks. „Flestir færeysku listamennirnir eru málarar en unga fólkið er farið að kanna meira og byrjað að sýna til dæmis innsetningar. Menningarpólitíkin í Færeyjum hamlar því samt og flestir ungu listamannanna kjósa að búa erlendis, einkum í Danmörku,“ útskýrir Astri.



**MYNDLIST EDWARDS FUGLÖ** Listamaðurinn fæst við mannskepnuna sjálfa.

Listamennirnir á sýningunni eru að mörgu leyti ólíkir en eiga það sameiginlegt að vera óhræddir við að gera tilraunir með tækni, form og myndbyggingu. Viðfangsefnin eru maðurinn og umhverfi hans en þorpin eru nú manngerður hluti landslagsins þar sem náttúran ríkti áður ein.

Elsti listamaðurinn á sýningunni, Ingálvur av Reyni, er fæddur 1920. Hann var einn af frumherjum hins óhlutbundna málverks í Færeyjum og er talinn til helstu litameistara sinnar kynslóðar á Norðurlöndum. Ingálvur lést fyrir rúmu ári en sonur hans, Eyðuns av Reyni tekur einnig þátt í sýningunni og er staddur hér á landi af því tilefni.

Eyðun málar landslagsverk en bak við kraftmikla pensilskrift hans ríkir þó ákveðið jafnvægi.

Málarinn Sigrun Gunnarsdóttir vinnur næsta naív verk. Málverk hennar eru hlaðin táknum og oft eru þetta myndir af mönnum og dýrum, sem ósjálfrátt leiða hugann að kyrralífsmyndum en starfsbróðir hennar Torbjørn Olsen málar altaristöflur og portrett, náttúruna og húsin í nágrenni vinnustofunnar og rannsakar þannig nánasta umhverfi sitt og síbreytilega birtuna í endurteknum tilraunum.

Edward Fuglø er yngstur listamannanna og að sögn Astri sá eini sem ekki hefur sýnt hérlendis áður. Maðurinn sjálfur er iðulega viðfangsefnið í verkum hans, sem geta verið kaldhæðin og súrrealísk og stundum pólitísk.

Sýningin stendur til 4. febrúar og er opin alla daga nema þriðjudaga, frá kl. 11 til 17 en á fimmtudögum er opið til kl. 21.

- khh

**Brilljantín kynnir POWER OF LOVE (Hið fullkomna deit)**
Verkið er aðeins sýnt í viku. Frumsýning Sun 14. jan kl. 20 / Mið 17. jan kl. 20 / Fim 18. jan kl. 20 / Fös 19. jan kl. 20 / Lau 20. jan kl. 20 / Sun 21. jan kl. 20

**Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER**
Frumsýning Fös 26 jan kl. 20 / Lau 27 jan kl. 20 / Fös 2 feb kl. 20 / Lau 3 feb kl. 20

AUSTURBÆR
**Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is**

Flagari í framsókn The Rake's Progress IGOR STRAVINSKY

**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY**
**Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus**
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni
**FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**
**ATH! ALLIR 25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL**
www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
Landsvirkjun
ÍSLENSKA ÓPERAN

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



**Stóra sviðið kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.
Lau. 13/1 **nokkur sæti laus,** lau. 20/1 **nokkur sæti laus,** lau. 27/1, fös. 2/2, fös. 9/2.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 13/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 14/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 20/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 21/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 27/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 28/1 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, sun. 4/2 **kl. 14:00**, sun. 11/2 **kl. 14:00**.

**BAKKYNJUR** eftir Evripídes.
6. sýn. í kvöld fim. 11/1 **örfá sæti laus,** 7. sýn. fös. 12/1 **örfá sæti laus,** 8. sýn. fim. 18/1 **nokkur sæti laus,** fös. 19/1, fös. 26/1. - Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn "Hvers vegna láta konurnar svona"? í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýningarnar 11.,12. og 18. janúar. Enginn aðgangseyrir.

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Fös. 12/1 **kl. 16:30 nokkur sæti laus,** lau. 13/1 **uppselt**, þri. 16/1 **kl. 20:00 uppselt,** mið. 17/1 **kl. 14:30 uppselt,** lau. 20/1, mið. 24/1 **kl. 14:30 uppselt.**
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kassinn kl. 20:00**

**SÆLUEYJAN** eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
Frumsýning fös. 19/1 **uppselt**, lau. 20/1 **örfá sæti laus,** fös. 26/1, lau. 27/1, **örfá sæti laus.**

**Kúlan**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
Lau. 13/1 kl. **11:00 uppselt, kl. 12:15 nokkur** sæti laus og **kl. 14:00 uppselt,** sun. 14/1 **kl. 11:00 uppselt, kl. 12:15 örfá sæti laus** og **kl. 14:00 uppselt,** lau. 20/1 kl. **11:00 nokkur sæti laus,** kl. 12:15 **nokkur sæti laus** og kl. 14:00 **uppselt,** sun. 21/1 kl. **11:00 uppselt, kl. 12:15** og **kl. 14:00,** lau. 27/1 **kl. 11:00, kl. 12:15** og **kl. 14:00.**

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Fös 12/1 kl. 20 3. sýning Rauð kort
Sun 21/1 kl. 20 4.sýning Græn kort
Fös 26/1 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 28/1 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Lau 13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20
Fim 25/1 kl. 20
Fös 2/2 kl. 20
Sun 11/2 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPS. Fim 17/5 kl. 20
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 Sun 20/5 kl. 14
Sun 20/5 kl. 20
Miðaverð 4.800

**MEIN KAMPF**
Sun 14/1 kl.20 AUKASÝNING
Lau 20/1 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 27/1 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

**DAGUR VONAR**
Í kvöld kl. 20 Afmælissýning UPPSELT
Fös 12/1 kl. 20 UPPSELT
Fim 18/1 kl. 20
Sun 21/1 kl. 20
Fös 26/1 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

**AMADEUS**
Sun 14/1 kl. 20
Lau 20/1 kl. 20
Síðustu sýningar

**FOOTLOOSE**
Í kvöld kl. 20
Fim 18/1 kl. 20
Lau 27/1 kl. 20
Síðustu sýningar

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 14/1 kl. 14
Sun 21/1 kl. 14
Sun 28/1 kl. 14

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Lau13/1 kl. 20
Fös 19/1 kl. 20
Fim 25/1 kl. 20
Síðustu sýningar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

# Um heimilisbrag og hlutadýrkun

Litprentuð ljósmyndabók Gunnars Sverrissonar með myndasyrpum af íslenskum heimilum sem þær Elsa Ævarsdóttir og Halla Bára Gestsdóttir völdu, kom út fyrir jól hjá forlagi Nennu. Hún er með inngangi á ensku og íslensku, er með mjúkum spjöldum, fallega prentuð og vönduð í öllum frágangi. Litið er inn á heimili, hvergi er mann að sjá, heldur eru myndir Gunnars kyrralífsmyndir, flestar teknar við náttúrulegt ljós sýnist manni, jafnvel ljós inni í híbýlum ekki nýtt til að kýla upp drama rýmis og hluta: það er sólbjartur morgun og enginn heima.

Mér taldist til að heimsótt væru tuttugu heimili. Bækur sem þessar eru skilgetin afkvæmi innréttingablaðanna: hingað hafa borist um langa hríð slík blöð, bresk, frönsk, þýsk og norræn. Ytra eru þau málgögn iðnaðar í hverju landi. Ítölsku blöðin eru til dæmis uppfull af flísum sem við sjáum aldrei. Hér heima hafa Hús og híbýli og Veggfóður elt þessa bylgju sem þróaðist út úr almennari lífsstíls- og skemmtiblöðum. Heimsókn í ráðherrabústaðinn við Tjarnargötu, heimsókn á Bessastaði var upphafið hér á landi að slíkum myndasyrpum og birtust í Vikunni. Það sem vekur raunar helst athygli manns við Heimilisbrag Gunnars og þeirra er söguleysið: mestallur húsbúnaður sem þar sést er frekar nýr af nálinni, eldra húsnæði hefur undantekningalaust verið gert upp og breytt. Íslensk myndlist er öll í yngri kantinum á veggjum þessara tuttugu heimila (Pétur Gautur vinsæll) og ljósmyndir eru að auka hlut sinn sem veggskraut en þar erum við hefðarlaus – fólk þekkir ekki íslenska ljósmyndara. Eldri mublur sjást varla. Hvorki millistríðsárahúsgögnin, kunnugleg íslensk húsgögn né danskt dót frá miðri öldinni. Hér er flestallt nýtt og keypt úr þremur búðum í Reykjavík á síðustu fimm árum .




**BÆKUR**
**Heimilisbragur**
Icelandic interior

Ljósmyndir eftir Gunnar Sverrisson og ritstjórn annast Elsa Ævarsdóttir og Halla Bára Gestsdóttir
Nenna

★★★

Snotur bók um heimili á Íslandi í aldarbyrjun, samræmd tísku síðmódernismans.

Kristján B. Jónasson bókmenntafræðingur vekur athygli á hlutadýrkun okkar á spjallsíðu sinni (www.kristjan.blog.is): „Sú gjörbylting hefur orðið á háttum okkar að almennt er fólk flinkt í að tala um húsgögn. Því hafði ég aldrei kynnst áður en ég fór til útlanda og hitti fólk sem hrósaði teppum eða skápum eða pennasetti í annarra manna húsum og fannst sjálfsagt að maður áttaði sig sjálfur á slíkum smáatriðum,“ segir hann í færslu 8. desember. Þetta er eins og hver önnur firra: hér var mikil endurnýjunarþörf á húsgögnum eftir stríðið samfara stækkun borgar og þorpa. Frægar eru sögurnar þegar sænsku bátarnir komu hingað að lestar voru þar fullar af nýjum húsgögnum. Enn eru til húsmunir hér sem keyptir voru af loftárásaútsölum stríðsáranna. Og víða á heimilum eldri kynslóðarinnar eru millistríðsárahúsgögnin framleidd á verkstæðum þess tíma. Þjóðin kunni að nefna hluti fyrir daga Frikka Weiz; silfur og plett, postulín frá ólíkum verksmiðjum Evrópu er enn til í skápum hér sumt yfir hundrað ára gamalt. Stell frá nafntoguðum verksmiðjum þekktu allir: Bing og Gröndal og Arabíu. Hér hafði fólk talað um húsmuni í áraraðir, nei, aldir áður en Kristján B. Jónasson varð til – sem hugmynd.

Hitt er rétt hjá Kristjáni að bækur eins og Heimilisbragur Nennu er heimild rétt eins og bók Péturs Ármannssonar um íslensk hús, Heimili og húsagerð 1967-1987 (1987 ) Íslenzk hús (1959) – mætti endurprenta þær báðar – að ógleymdum öllum árgöngum af Húsum og híbýlum.

Heimilisbragur er fallega gerð bók og áhugaverð öllum sem sinnu hafa um sitt nánasta umhverfi. Stíll hennar er nokkuð uppstilltur og amstur dagsins þaðan fjarri. Þverskurður heimilanna er einsleitur sem ber frekar vitni um smekk ritstjóranna en allra hinna. Bókin er samt merkilegur vitnisburður og hefur reynst gestum og gangandi áhugaverð um jól og áramót sem skoða hana fram og tilbaka sér til skemmtunar.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

# Tómasarverðlaunin

Reykjavíkurborg hefur auglýst eftir handritum til að keppa um Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar skálds. Verðlaunin eru veitt fyrir bókmenntaverk – nánar tiltekið ljóðabók, en verðlaunin voru í upphafi veitt fyrir leikrit, sögu eða ljóð. Þau nema 600 þúsundum.

Dómnefnd er skipuð Kolbrúnu Bergþórsdóttur bókmenntafræðingi sem er tilnefnd af borgarráði, Sveini Yngva Egilssyni bókmenntafræðingi sem er tilnefndur af Rithöfundasambandi Íslands og Þorsteini Davíðssyni lögmanni sem er fulltrúi menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur. Vekur skipan hans nokkra athygli, en ekki er vitað til að Þorsteinn hafi sinnt bókmenntum sérstaklega í störfum sínum eða fjallað um ljóðagerð á sínum starfsvettvangi.

Handritum skal skilað til skrifstofu menningarmála fyrir 1. maí nk. og þau merkt Bókmenntaverðlaunum Tómasar Guðmundssonar með nafni höfundar í lokuðu umslagi. Í fyrra hlaut verðlaunin Ingunn Snædal og naut ljóðabók hennar mikilla vinsælda og seldist í nokkrum prentunum fyrir árslok.

-pbb



**TÓMAS GUÐMUNDSSON** Reykjavíkurborg efnir til handritasamkeppni í nafni borgarskáldsins.



**DANSÆÐI Í DAPURLEGUM SMÁBÆ** Halla Vilhjálmsdóttir og Lovísa Gunnarsdóttir í hlutverkum sínum í Footloose.

# Síðustu sýningar

Örfáar sýningar eru eftir af söngleiknum Footloose sem sýndur er í Borgarleikhúsinu. Verkið byggist á dansmyndinni Footloose eftir Dean Pithcford sem kom út árið 1984. Fjórtán árum síðar var söngleikurinn settur á svið á Broadway og hefur hann verið sýndur víða um heim.

Verkið var frumsýnt hér á landi í sumar og hefur notið mikillar hylli, einkum meðal yngri áhorfenda.

Með aðalhlutverk fara Halla Vilhjálmsdóttir og Þorvaldur Davíð Kristjánsson en auk þess taka fjölmargir leikarar, dansarar og söngvarar þátt í sýningunni.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**JANÚAR**
8 9 10 **11** 12 13 14
**Fimmtudagur**

### SÝNINGAR

- 09.00 Í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er **Jón Reykdal** en **Listvinafélag** kirkjunnar stendur fyrir henni.
- 10.00 Á sýningunni **Uncertain States of America** í **Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi,** sýna 45 vonarstjörnur bandarískrar samtímalistar það besta sem er að gerast í bandarískri samtímalist í dag. Sýningarstjórar eru **Hans Ulrich Obrist** og **Daniel Birnbaum**. Sýningin stendur til 21. janúar.
- 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá **Musée des beaux-arts** í **Bordeaux** í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**. Sýning á verkum **Jóns Stefánssonar** listmálara má sjá í sal tvö en hann var nemandi Matisse.
- 13.00 Myndlistamennirnir **Jóhann Torfason** og **Hlynur Helgason** sýna verk sín í **Listasafni ASÍ** við **Freyjugötu**. Sýningarnar standa til 28. janúar.
- 14.00 Myndlistamennirnir **Hekla Dögg Jónsdóttir, Daníel Björnsson, Sirra Sigrún Sigurðardóttir og Ásdís Sif Gunnarsdóttir** taka þátt í jólasýningu Kling & bang gallerís sem nefnist Ljósaskipti. Sýningin stendur til 28. janúar.

### SÍÐUSTU FORVÖÐ

- 12.00 Galleríið **Art Iceland. com** stendur fyrir smámyndasýningu í húsakynnum sínum á **Skólavörðustíg 1a**. Tuttugu listamenn taka þátt í sýningunni sem stendur til 14. janúar og er opin milli 12-18.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.







ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

Stöð 2 og Stöð 2 bíó á

ÁSKRIFTARTILBOÐ

aðeins kr. 4.999 á mánuði*

FRÁBÆR DAGSKRÁ Í JANÚAR

Stöð 2 hefur aldrei verið betri

*gegn eingreiðslu / þú horfir til 5. mars
















GOTT FÓLK McCANN





## GOTT GLÁP

**STRANGER THAN FICTION** Will Ferrell sýnir á sér nýja hlið í góðri gamanmynd um árekstur skáldskapar og raunveruleika.

**LITTLE MISS SUNSHINE** Þessi litla, sæta mynd hefur komið skemmtilega á óvart og slegið í gegn úti um allan heim. Ekta „fílgúdd” mynd sem lætur engan ósnortinn.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN HULDAR FREYR ARNARSON HLJÓÐMAÐUR

# *9 Songs er tilgangslaus mynd*

**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?** Foreldrar sem sýnd verður í næstu viku. Frábær mynd.
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?** Í fyrradag sá ég Le Samourai eftir Jean-Pierre Melville sem fjallar um leigumorðingja (Samourai) í nútímalegum búningi. Mæli með henni.
**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?** Blue Velvet eftir David Lynch. Sá hana þegar ég var ellefu ára. Hún hafði það mikil áhrif á mig að ég ákvað að vinna við kvikmyndagerð.
**Hefur þú grátið í bíó?** Já, verð eiginlega að viðurkenna það.
**Uppáhalds íslenska persónan?** Óskar, Einar og Karítas í Foreldrum.
**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:** Robert De Niro.
**Mesta hetja hvíta tjaldsins:** Kirk Douglas í Paths of Glory eftir Stanley Kubrick.
**Mesti skúrkurinn:** Jack Nicholson í Shining eftir Stanley Kubrick.
**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?** Þær eru nokkrar, en sú sem ég sá nýverið er 9 Songs eftir Michael Winterbottom. Algjörlega tilgangslaus mynd. Annars hefur kauðinn leikstýrt ágætis myndum.
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?** Það myndi vera ævintýramynd með kómedíu og thriller ívafi sem væri gerð eftir sögu Chucks Palahniuk – Lullaby. Þar léki ég fréttamann sem rannsakar furðulega vöggudauða. Kemst síðan að því að sama vögguvísan sem fengin var að láni hjá ákveðnu bókasafni var lesin fyrir öll látnu börnin kvöldið fyrir dánardaginn. Audrey Tautou, „Amelie”, myndi vera mótleikari minn. Hún hefði átt barn sem lést af sama vöggudauða. Og saman myndum við reyna að finna frumrit og öll afrit af vögguvísunni áður en heimurinn eftirstendur af heyrnleysingjum. Woody Allen leikstýrir.





## AF HVÍTA TJALDINU
**Þórarinn Þórarinsson**

# *Mistækur og þjófóttur meistari*

Ferill leikstjórans Brian De Palma hefur verið ansi brokkgengur og þrátt fyrir að hann hafi í gegnum tíðina sýnt ótvíræða meistaratakta liggja eftir hann óhóflega margar myndir sem eru óttalegt drasl. Hann hefur haft hljótt um sig frá því að hann sendi Femme Fatale frá sér árið 2002 en stígur nú út úr skugga vondra dóma sem sú mynd fékk með The Black Dahlia.

Kallinn ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur þar sem myndin er gerð eftir glæpasögu James Ellroy og samanburður við hina frábæru L.A. Confidential er því óhjákvæmilegur.

De Palma er að þessu sinni með góðan efnivið og ágæta leikara með sér þannig að ef hann klúðrar þessu þá fer maður að hallast að því að kallinn sé endanlega útbrunninn. Fyrir utan Carlito´s Way (1993) og Mission Impossible (1996) hefur De Palma ekki gert neitt af viti frá því að The Untouchables hjóluðu í Al Capone árið 1987. The Bonfire of the Vanities (1990), Raising Cain (1992), Snake Eyes (1998) og Mission to Mars (2000) eru sorglega slappar myndir og fyrir utan stöku tilþrif í myndatöku er fátt í þeim sem bendir til þess að við stjórnvölinn sé leikstjóri Carrie (1976), Dressed To Kill (1980), Scarface (1983), Body Double (1984), The Untouchables og Carlito´s Way.

Scarface er líklega, að öðrum myndum ólöstuðum, besta mynd leikstjórans en þar fer Al Pacino eftirminnilegum hamförum í hressilegri og blóðugri glæpamynd. Samstarf hans og Pacinos var honum svo aftur heilladrjúgt í Carlito´s Way en þar fyrir utan er De Palma yfirleitt bestur þegar hann fæst við hrylling og blóðsúthellingar og Sisters (1973) og Carrie standa til dæmis enn ágætlega fyrir sínu.

Þá má De Palma eiga það að hann er ófeiminn við að flakka á milli kvikmyndagreina þó oft þyki skorta nokkuð á frumleikann hjá honum en í því sambandi verður það ekki af honum tekið að þegar hann stelur þá gerir hann það býsna vel. Eitt eftirminnilegasta atriði The Untouchables, þar sem barnavagn rennur niður tröppur í kúlnahríð, er til dæmis tekið beint úr Beitiskipinu Potemkin eftir Eisenstein. Í Dressed to Kill sækir hann markvisst í Psycho og þegar Angie Dickinson er slátrað með rakhníf í lyftu stælir hann sturtuatriði Hitchcocks með látum. Þá er Body Double meira og minna öll stæld upp úr Vertigo Hitchcocks sem hefur haft mikil áhrif á De Palma.

Á góðum degi er Brian De Palma fantagóður leikstjóri og yfirleitt glittir alltaf í einhverja meistaratakta hjá honum, jafnvel þegar hann gerir mistök. Kannski er það þess vegna sem maður á svo erfitt með að fyrirgefa honum klúðrin. Mér þykir þó enn vænt um kallinn en The Black Dahlia gæti þó ráðið úrslitum um það hvort ég sný endanlega við honum baki og láti mér nægja að horfa á Scarface á fimm ára fresti og The Untouchables, Carrie, Carlito´s Way, Body Double og Dressed To Kill með tíu til fimmtán ára millibili.








**MEL GIBSON** Gaf sig allan í Apocalypto og það var nokkuð af honum dregið eftir að hafa dvalið mánuðum saman í regnskógum Mexíkó við tökur sem drógust á langinn.

# Regnskógarpíslir Gibsons

**Stórmyndin Apocalypto eftir Mel Gibson verður frumsýnd á Íslandi í dag. Hér hverfur hann aftur um 500 ár eða svo og segir blóði drifna sögu um ástir og örlög þegar hillir undir lok hinnar fornu menningar Maja.**



**APOCALYPTO** Rudy Youngblood leikur ungan frumbyggja sem lendir í klóm blóðþyrstra Asteka og neytir allra bragða til þess að sleppa þar sem líf ungs sonar hans og þungaðrar eiginkonu eru í húfi.

Gibson tók Apocalypto upp í regnskógum Mexíkó og gaf sig, eins og áður, allan í verkið. „Við byrjuðum að skrifa þetta fyrir tveimur og hálfu ári. Klippivinnan er búin að vera alger geðveiki þar sem tíminn sem gafst í eftirvinnsluna var knappur. Tökurnar voru svo erfiðar að þær fóru fjóra mánuði fram yfir áætlanir sem kom niður á frágangsvinnunni. Við urðum því að klippa myndina hratt en ég held að okkur hafi tekist þetta mjög vel.“

Gibson bætir því við að það hafi á köflum verið erfitt að halda sér gangandi meðan á tökum stóð og hann hafi stundum verið að þrotum kominn. „Þetta var stundum erfitt og maður gat orðið ansi pirraður þar sem það sá aldrei fyrir endann á þessu.“

### Sjálfsögð villimennska

Gibson dvelur nokkuð við grimmilegar mannfórnir í Apocalypto og hlífir áhorfendum ekki við villimennskunni þar sem gerendurnir sjá sjálfir ekkert villimannlegt við gjörðir sínar enda voru fórnirnar leið þeirra til að nálgast guði sína. „Ég lagði áherslu á þetta við leikarana í þessum atriðum. Að þeir væru ekki illmenni og ég vildi aldrei að þeir litu á sig sem slíka. „Þið eruð hluti af menningu og eruð að gera það sem ykkur ber. Það er bara þannig. Þið vitið ekki betur og ólust upp við þetta.““

Ofbeldi og pyntingar eru ekki það eina sem Apocalypto á sameiginlegt með Píslargöngu Krists. „Það eru vissulega tengingar þarna á milli, ekki síst hvað varðar þær tilfinningar sem bærðust innra með mér við handritsgerð beggja mynda. Svo reyndi ég í báðum tilfellum að hafa eins lítið um samtöl og ég gat til þess að leggja áherslu á hið sjónræna. Svo eru auðvitað framandi tungumál töluð í báðum myndum.“

### Framandi tungur ómissandi

Gibson fullyrðir að Apocalypto hefði hljómað illa hefði hún verið á ensku. „Þetta eyðilagði myndir fyrir mér þegar ég var krakki. Þá horfði ég á flottar hugmyndir hrynja til grunna þegar leikararnir fóru með hallærislegar línur. Þetta fór alveg með mig og kippti mér inn í raunveruleikann,“ segir Gibson og nefnir sem dæmi að víkingur í bíómynd geti ekki verið ógnvekjandi tali hann með amerískum hreim. „Hann yrði hins vegar ógnvekjandi ef hann myndi segja þetta á germönsku og þú þyrftir að lesa það sem hann segir. Hann á að vera hræðilegur og það gildir það sama um þessa gaura í Apocalypto.“

### Fer eigin leiðir ósmeykur

Gibson er þekktur fyrir flest annað en að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Hann fer sínar eigin leiðir og hlustar ekki á efasemdaraddir og úrtölur og hefur hingað til ekki tapað á því. Píslarganga Krists sló í gegn fyrir nokkrum árum og honum tókst með henni að laða fjöldann í kvikmyndahús þvert ofan í hrakspár þeirra sem töldu útilokað að fá fólk á bíómynd sem var töluð á löngu útdauðu tungumáli. Hann segir þetta þó ekki kitla hégómann.

„Tja, ég vona að fólk láti sjá sig núna. Þetta snýst samt ekki um réttlætingar heldur að gera það sem maður vill gera eins og maður vill gera það. Þú öðlast ákveðið sjálfstæði með því einfaldlega að vera, í einu og öllu, samkvæmur sjálfum þér. Það skapar samt enginn list fyrir einhverja útvalda, ekki ef um raunverulega listamenn er að ræða. Þú reynir alltaf að ná til eins margra og þú mögulega getur í öllu sem þú gerir.“

### Mad Max frægur í regnskóginum

Gibson tók Apocalypto upp í Catemaco, leifunum af síðasta regnskógi Mexíkó, og Veracruz og hefur ekki áður unnið að gerð kvikmyndar á stað þar sem jafn fáir vissu hver hann var. „Ég var nú ekki alveg óþekktur. Alls ekki. Þó litla stúlkan í þorpinu hafi ekki haft hugmynd um hver ég er þá nýtur Mad Max öfgakenndra vinsælda í Mexíkó,” segir Gibson sem ætlar að snúa aftur, fullur þakklætis, og sýna heimafólki, sem margt kemur við sögu, myndina.

### Andlegt og líkamlegt erfiði

Gibson fer ekki leynt með að gerð Apocalypto reyndi á hann andlega og líkamlega og ætlar nú að taka sér gott frí. „Já, maður þarf smá tíma til að slaka á, ná sér niður og jafna sig eftir svona lagað áður en maður fer að velta nýjum hugmyndum fyrir sér. Næsta mynd verður á ensku, svona til tilbreytingar. Ég veit að ég ræð við það,“ segir Gibson og hlær.

Gibson hefur ekki sinnt leiklistinni að ráði undanfarið og hann hefur ekki borið kvikmynd uppi í nokkur ár og finnur ekki sérstaka löngun til þess. „Ég bíð þess ekki í neinni örvæntingu að stökkva fyrir framan tökuvélina. Komi hins vegar eitthvað gott upp, veki áhuga minn og ég hafi tíma til þess að gera það þá mæti ég samstundis. En ég nýt þess í botn að leikstýra og mér finnst það skemmtilegra.“

# Skuggahliðar Los Angeles

Bandaríski glæpasagnahöfundurinn James Ellroy hefur haldið merkjum gömlu meistara harðsoðnu hefðarinnar á lofti með glæsibrag í verkum sínum þar sem drungalegur „film noir“ andi svífur yfir vötnum. Curtis Hanson kvikmyndaði glæpasögu hans, L.A. Confidential með miklum glæsibrag árið 1997 og nú hefur Brian De Palma afgreitt aðra bók Ellroys, The Black Dahlia, og afraksturinn verður frumsýndur á Íslandi á morgun.

Ellroy byggði þessa sögu sína á sönnu sakamáli en spann utan um það sögu um spillingu, ást, þráhyggju, græðgi og hnignun mannlegra gilda. Árið 1947 fannst vægast sagt illa útleikið lík hinnar 22 ára gömlu Betty Short í Los Angeles. Betty var smástirni í Hollywood og hafði háleit markmið um að sigra heiminn á hvíta tjaldinu áður en sjúkur morðingi batt enda á þá drauma hennar. Morðgátan er enn óleyst en hefur verið fólki og þá ekki síst blaðamönnum, rithöfundum og handritshöfundum endalaus uppspretta vangaveltna og samsæriskenninga.

Fjörutíu árum eftir að glæpurinn var framinn byggði Ellroy svo metsölureyfara sinn á málinu, ekki síst í þeirri von að með bókinni gæti hann skrifað sig frá skuggum eigin fortíðar en móðir hans var myrt árið 1958.

Í The Black Dahlia reyna tveir ungir lögreglumenn og fyrrverandi hnefaleikarar, Lee Blanchard (Aaron Eckhart) og Bucky Bleichert (Josh Hartnett) að hafa hendur í hári morðingjans. Við rannsóknina flækjast þeir í vef lyga og spillingar og málið gengur nærri þeim báðum og hefur áhrif á einkalíf þeirra.

Blanchard fær málið á heilann og óeðlilegur áhugi hans á Betty ógnar sambandi hans við hina fögru Kay (Scarlett Johansson) á meðan Bleichert fellur fyrir Madeline Linscott (Hillary Swank) sem tengist fórnarlambinu á óheppilegan hátt.



**JOSH HARTNETT OG AARON ECKHART** Reyna að hafa uppi á morðingja ungrar kvikmyndaleikkonu í The Black Dahlia.



**SCARLETT JOHANSSON OG HUGH JACKMAN** Lifa og hrærast í heimi sjónhverfinga í The Prestige.

# Blekkingar Nolans

Leikstjórinn Christopher Nolan er með áhugaverðari leikstjórum sem starfar í Hollywood um þessar mundir og þótt hann sé aðeins 37 ára gamall hefur hann fest sig rækilega í sessi með myndunum Memento, Insomnia og ekki síst Batman Begins þar sem hann færði leikarann Christian Bale í búning Leðurblökumannsins og blés nýju lífi í þessa fornfrægu myndasöguhetju.

Sýningar á nýjustu mynd hans, The Prestige, hefjast á Íslandi á morgun en þar egnir hann saman áðurnefndum Bale og Hugh Jackman í hlutverkum tveggja töframanna sem eru í bullandi samkeppni við upphaf 20. aldarinnar.

Jackman leikur Robert Angier sem er með sviðstöfrabrögðum sínum að verða vinsæll skemmtikraftur en Bale leikur félaga hans og kollega Alfred Borden. Sá er hugmyndaríkt séní sem á öllu erfiðara með að láta hugmyndir sínar og brellur njóta sín í sviðsljósinu.

Þegar magnaðasta töfrabragð þeirra félaga mislukkast með skelfilegum afleiðingum skilja leiðir og þeir verða svarnir óvinir sem leggja ofurkapp á að skyggja hvor á annan og fletta ofan af brellum hins.

Samkeppnin stigmagnast þegar þeir neyta báðir allra bragða til að slá hinum við og notast meðal annars við nýjustu rafnagnstækni. Persónulegur núningurinn er ekki síður rafmagnaður og metingur þeirra stofnar öllum í kringum þá í lífshættu áður en yfir lýkur.

Auk þeirra Jackmans og Bale fara þau Michael Caine og Scarlett Johansson með veigamikil hlutverk ásamt Andy Serkis (Gollum í Hringadróttinssögu) og sjálfum David Bowie sem leikur rafmagnsbrautryðjandann Nikola Tesla.

**FRUMSYNDAR UM HELGINA**

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM

**Apocalypto**
Internet Movie Database - 7,6 /10
Rottentomatoes.com -65% = Fersk
Metacritic.com - 68/100

**The Prestige**
Internet Movie Database - 8,1 /10
Rottentomatoes.com -73% = Fersk
Metacritic.com - 66/100

**The Black Dahlia**
Internet Movie Database - 5,6 /10
Rottentomatoes.com -36% = Rotin
Metacritic.com - 49/100


TONVINNSLUSKOLI.IS • SKRÁNINGARSÍMI: 534 9090





NÚ FER KENNSLA EINNIG FRAM Í FOLDASKÓLA Í GRAFARVOGI

TONVINNSLUSKOLI
ÞORVALDAR BJARNA

BARNA- OG UNGLINGANÁMSKEIÐ HALLA OG HEIÐA KENNA

Frábært námskeið fyrir krakka sem vilja læra söng og leik, framsögn og framkomu, dans og samhæfingu söngva og dansa. **Heiða úr Idolinu** og **Halla Vilhjálms** úr **X-factor** kenna. Námskeiðinu lýkur með upptöku í hljóðveri. 10 vikur, verð 39.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

SELMA OG VALGERÐUR KENNA ÞÉR AÐ SYNGJA

Söng- og framkomunámskeiðið er tilvalið fyrir alla sem langar til að læra söng og fagmannlega framkomu. **Selma Björns** og **Valgerður Guðnadóttir** kenna, en námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

GÍTARNÁMSKEIÐ MEÐ VIGNI OG GUNNARI

Erum með gítarnámskeið fyrir byrjendur, lengra komna, leikskólakennara og foreldra. Markmið námskeiðanna eru að nemendur læri undirstöðuatriði gítarleiks og öll helstu gítargripin. Leiðbeinendur eru **Vignir Snær** (Írafár), **Gunnar Þór Jónsson** (Sóldögg) o.fl. Nánari upplýsingar á www.tonvinnsluskoli.is.



SKRÁNING ER HAFIN

BLUES- OG JAZZSÖNGUR MEÐ ANDREU GYLFA

Námskeiðið er sérsniðið fyrir þá sem hafa einhverja reynslu af söng og vilja læra eitthvað nýtt. **Andrea Gylfa** kennir en meðal hljóðfæraleikara eru **Kjartan Valdemarsson** og **Vignir Snær.** Námskeiðinu lýkur með hljóðrituðum tónleikum. 10 vikur, verð 59.900,- (veittur er 15% staðgreiðsluafsláttur).



SKRÁNING ER HAFIN

SKRÁNING ER HAFIN

SÖNG-, HLJÓÐFÆRA- OG LAGASMÍÐANÁMSKEIÐ BARNA OG UNGLINGA FARA FRAM BÆÐI Í **FOLDASKÓLA** OG **SNÆLANDSSKÓLA**

KÍKTU Á TONVINNSLUSKOLI.IS OG VELDU ÞÉR NÁMSKEIÐ

> Athugaðu ...

*... að tölvan er kannski besta hjálpartæki eldhúslífsins. Á netinu finnurðu ógrynni girnilegra uppskrifta fyrir öll tækifæri; allt frá sælkeraveislum til skyndilausna.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN GUÐRÚN JÓHANNESDÓTTIR FRAMKVÆMDASTJÓRI KOKKU

# Fékk djúpsteikta átu úr maga fisks



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?** Kvöldmáltíðarinnar sem hann Steini eldar fyrir fjölskylduna á hverjum degi. Það er sama á hverju gengur, það er alltaf gott að koma heim.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:** Ég hef borðað svo mikið af góðum mat um ævina að það er erfitt að gera upp á milli. Mér var síðast boðið út að borða á veitingastaðinn Le Jules Verne sem er staðsettur í Eiffel-turninum í París. Hann er nú rekinn af meistarakokkinum Alain Ducasse, frábær matur og ekki síðra útsýni.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Hnetur. Ég hef gert margar tilraunir og smakkað flestar tegundir en eina hnetan sem ég hef klárað er heslihneta sem ég tíndi af tré í Þýskalandi.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:** Við eigum engin leyndarmál, enda dugleg að deila reynslu af matseld með viðskiptavinum Kokku.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Nammi, ég er sérstaklega veik fyrir dísætu íslensku nammi eins og App-ollo-lakkrís og Freyju-möndlum.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?** Súrmjólk, ég get ekki byrjað daginn án hennar.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?** Góðan hníf og eldfæri (og Steina). Svo yrði maður að reyna að lifa af landsins gæðum.
**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?** Ég hef það fyrir reglu að borða ekkert sem mér finnst skrýtið en ég hef smakkað ýmislegt sem mér hefur fundist áhugavert. Það kom mér til dæmis á óvart að þykja briskirtlar góðir. Ég smakkaði ís með bjórbragði hjá Friðriki V. síðasta sumar, svo hef ég borðað djúpsteikta átu sem kom úr maga fisks og ýmislegt fleira skemmtilegt.



## VÍNVIÐURINN
Einar Logi Vignisson

# Kóngurinn af Casablanca

Skemmtileg viðurnefnin sem menn fá í vínbransanum. Eða taka sér sjálfir, vel studdir af markaðsfólki sínu. Chilemaðurinn Pablo Morandé er þannig kallaður „Kóngurinn af Casablanca" og er þar vísað til frumherjastarfs hans í vínrækt í Casablanca-dal í Chile. Þetta viðurnefni er þó sparlega notað og kom t.a.m. aldrei upp í samtali sem ég átti nýlega við einn skemmtilegasta sölu- og markaðsmann sem vínþróunarlandið hefur heimsótt, Francisco Vicuna frá Morandé. Chile hefur árum saman verið í efsta eða næstefsta sæti yfir þau lönd sem mest selst frá í vínbúðum. Þetta eru Chile-menn afar ánægðir með. Francisco spurði mig hverjar ég teldi ástæður vinsælda Chile-vínanna. Ég tjáði honum að fyrir utan hagstætt verð og mikil gæði ódýrustu vínanna teldi ég hina jákvæðu og eilítið rómantísku ímynd Chile hafa hjálpað. Sú ímynd væri ekki síst að þakka vinsældum suður-amerískra höfunda á borð við skáldkonuna Isabel Allende. Þetta þótti Fransesco ekki góð kenning enda ekki hrifinn af Isabel.

„Salvador Allende, afi hennar, var mikill vinur afa míns og ég þekki fjölskylduna vel en er ósammála þeim í pólitík. Á Vesturlöndum er það nú svo að menn vilja ekki skilja hversu alvarlegt ástandið var orðið undir lok stjórnartíðar Allendes og hversu gríðarlegt átak þurfti til að rífa landið upp úr þeim hörmungum sem óstjórn hans hafði komið landinu í. Framfarir í efnahagslífinu hafa orðið ævintýralegar. Það eru ekki nema fimmtán ár síðan víngerð í Chile var léttvæg og leiðinleg. Heimamarkaðurinn veitir lítið aðhald, 70% af neyslunni heima er kassavín og það var útflutningurinn sem bjargaði okkur. Kröfur erlendis voru miklu meiri og um leið og frumherjunum tókst að brjótast inn á erlenda markaði fóru hjólin að snúast hratt. Bylting hefur orðið í vínrækt en neysluvenjur heima fyrir hafa breyst hægt. Enginn er spámaður í sínu föðurlandi!"

Pablo Morande var áður yfirvíngerðarmaður hjá einu stærsta fyrirtæki Chile, Concha Y Toro. Hann stofnaði sitt eigið fyrirtæki 1996 og hefur á aðeins áratug komið því í hóp virtustu vínfyrirtækja Chile. Var m.a. kosinn maður ársins af kollegum sínum í Chile árið 2004. Pablo hefur verið leiðandi í lífrænni ræktun og er t.a.m. hið stórkostlega toppvín hans House of Morandé lífrænt ræktað. „Dýrt en skemmtilegt," segir Francisco. „Líftími vínviðarins er helmingi styttri í lífrænni ræktun en með hefðbundnum aðferðum vegna þess að ekki er hægt að grípa inn í hlutina með sömu meðulum."




**Á BOTNINN HVOLFT:** Mesta neysla hérlendis á vínum frá Chile er í kassavínum og einföldum vínum. Bæti fólk 500 kalli við fara hlutirnir hins vegar verulega að gerast eins og Morandé Grand Reserve Vitisterra Merlot (1.690 kr.) er dæmi um.

# Heldur í matarhefðirnar

**Elizabeth Ortega Lucio heldur í matarhefðir heimalands síns. Hún kemur frá Kólumbíu en hefur búið hér á landi í tíu ár.**

Elizabeth segir ekki erfitt að nálgast hráefni í matseldina hér á landi. „Það er ekkert vandamál. Ég reyni að elda mikið af kólumbískum mat, þó að það sé kannski ekki alla daga," segir hún.

Kólumbísk matargerð á sér ekki neitt ákveðið sérkenni, að sögn Elizabeth. „Fólk í norðurhluta Kólumbíu eldar aðeins öðruvísi mat en í suðurhlutanum þaðan sem ég kem. Hver sýsla á sér einhvern sérstakan rétt," útskýrir hún. Baunir koma þó reglulega fyrir, enda deilir Elizabeth hér uppskrift að grænum linsubaunum með lesendum. „Svínakjötið í uppskriftinni er bara til að gefa gott bragð. Í Kólumbíu notum við chorizo-pylsu, en hún fæst ekki hérna," segir Elizabeth.

Að hennar sögn er kólumbískur matur ekki endilega bragðsterkur. „Þegar ég var lítil var mamma mín alltaf með eitthvað sterkt á borðinu, til að bæta í matinn. Hver og einn getur þá bætt út í eins og hann vill, það eru ekki allir hrifnir af sterkum mat," segir Elizabeth.



**KÓLUMBÍSK MATARGERÐ Í HÁVEGUM HÖFÐ** Elizabeth og sonur hennar, Viktor Már Eyjólfsson Ortega, kunna bæði að meta kólumbíska matargerð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**GRÆNAR LINSUBAUNIR**
**250g grænar linsur**
**250 g svínakjöt**
**1 dós niðursoðnir tómatar**
**1 laukur**
**Kúmen**
**4 matskeiðar ólífuolía**
**Salt og pipar**
**Hrísgrjón með lauk**
**250g af jasmin hrísgrjónum**
**1 laukur**
**5 matskeiðar ólífuolía**
**½ teskeið safran**
**Salt**
**Plantains bananar**

Ásamt linsuréttinum býður Elizabeth upp á uppskrift að hrísgrjónum með lauk og plantains banönum. Plantains banana segir hún hægt að nálgast í Sælkerabúðinni eða versluninni Filippseyjum. Þeir eru mjölkenndir og notaðir í matargerð víða í Rómönsku Ameríku.

Vel þroskaðir bananar eru afhýddir og skornir eftir endilöngu í þunnar sneiðar. Steiktir í heitri olíu.

Leggið baunirnar í bleyti í miklu vatni í minnst fimm klukkutíma. Skiptið um vatn, og sjóðið þær í miklu vatni. Hlutföllin eru um þrír hlutar vatns á móti einum hluta af baunum. Skerið kjötið í bita og bætið í, kryddið með salti og pipar eftir smekk og látið sjóða í um 45 mínútur eða þar til baunirnar eru vel mjúkar. Skerið lauk og tómata smátt og steikið í olíunni á pönnu. Bætið út í þegar um tíu mínútur eru eftir af suðutíma.

Steikið laukinn í olíunni, bætið grjónunum út í þegar laukurinn er brúnaður og steikið í um þrjár til fjórar mínútur. Bætið um 75 cl af köldu vatni út í. (Þrír hlutar af vatni á móti einum af grjónum.) Sjóðið við vægan hita og setjið lokið á pottinn þegar vatnið hefur gufað upp. Sjóðið áfram þar til grjónin eru mjúk.

sunna@frettabladid.is

EINS EINFALT
OG AÐ LESA BLAÐIÐ
AFTUR Á BAK

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 7741

# Bjargvættur sósunnar

Þegar sósan, súpan eða kássan stefnir í bragðlaus óefni getur heimagert soð bjargað málunum. Hrefna Rósa Jóhannesdóttir, yfirkokkur í Sjávarkjallaranum, sagði hægt að gera afbragðs gott kjötsoð á fjórum klukkutímum og kjúklingasoð á um það bil klukkutíma. Fisksoð og grænmetissoð taka einungis um hálftíma.

„Í grænmetissoð notar maður það rótargrænmeti sem manni finnst gott, brúnar það í potti og sýður í vatni í hálftíma," sagði Hrefna. „Fyrir kjötsoð er gott að brúna beinin inni í ofni á svona 180 gráðum fyrst. Þá fer öll aukafita af þeim. Beinin eru svo sett í pott með vatni og maður sýður grænmeti með síðasta hálftímann," sagði hún. Hrefna mælir með harðgeru grænmeti á borð við lauk, steinseljurót, sellerírót og gulrætur, sem er brúnað á pönnu fyrst. „Svo má setja lárviðarlauf, timjan og hvítlauk út í," bætti Hrefna við.

„Fyrir humarsoð er gott að brúna beinin, en fyrir fisksoð er mikilvægt að skola beinin vel áður en þau eru soðin," sagði Hrefna. Eftir að beinin eru sigtuð frá má láta soðið sjóða enn þá meira niður. „Þá tekur það ekki jafn mikið pláss í frystinum, og maður fær kraftmeira soð," benti Hrefna á. Soðið er því næst látið kólna. Fitan flýtur þá upp svo hægt er að fjarlægja hana með skeið. Soðið er svo fryst og notað eftir hentugleikum. - sun



**HREFNA RÓSA JÓHANNESDÓTTIR** Segir lítið mál að frysta heimagert soð, sem svo er hægt að grípa til eftir hentugleikum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SJÓNVARPSTÆKI HEYRNARTÓL BÍLHÁTALARAR BÍLTÆKI ÚTVÖRP HLJÓMBORÐ BÍLMAGNARAR MYNDAVÉLAR HÁTALARAR DVD SPILARAR FERÐATÆKI ELDAVÉLAR LCD SJÓNVÖRP ÞVOTTAVÉLAR PLASMA SJÓNVÖRP MYNDBANDSTÆKI ÍSSKÁPAR MP3 SPILARAR MAGNARAR REIKNIVÉLAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR KAFFIVÉLAR BLANDARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR SAMLOKUGRILL HRÆRIVÉLAR STRAUJÁRN VÖFFLUJÁRN RYKSUGUR RAKVÉLAR HÁFAR

BROT AF ÞVÍ BESTA

**Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárblásarar og fleira frá kr. 995**

**Sjónvörp með allt að 200.000 króna afslætti**

**NAD hljómtæki með miklum afslættti**

**Þvottavélar á frábæru verði**

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**

Skoðið tilboðin á www.ht.is

**TAKMARKAÐ MAGN**

**Fyrstur kemur – fyrstur fær!**

**Heimilistæki**

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | SELFOSS |
|---|---|---|
| SÆTÚNI 8 | GLERÁRGÖTU 36 | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 480 3700 |

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna

ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost Indesit VESTFROST Whirlpool

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Sigursælir sjóræningjar

**Sjóræningjamyndin Pirates of the Caribbean: Dead Man´s Chest og stjörnur hennar, Johnny Depp og Keira Knightley, voru áberandi á hinum árlegu People´s Choice-verðlaunum sem voru afhent í Bandaríkjunum.**

„Ég veit að ég hef sagt þetta áður en sú staðreynd að þessi verðlaun koma frá fólkinu gerir þetta enn merkilegra,“ sagði Johnny Depp, sem var valinn besti karlleikarinn en hann var staddur í London. „Takk fyrir að leyfa mér að halda vinnunni minni. Þið ráðið.“

Pirates of the Caribbean var valin besta myndin og samvinna þeirra Depp og Knightley var verðlaunuð sem sú besta.

Jennifer Aniston var valin besta leikkonan og Halle Berry var kjörin besta konan í hasarmynd. Patrick Dempsey fékk verðlaun sem besti sjónvarpsleikarinn fyrir hlutverk sitt í Grey´s Anatomy og Eva Longoria, sem leikur í Desperate Housewifes, var kjörin besta sjónvarpsleikkonan. „Ef það væri ekki fyrir ykkur myndi ég aldrei vinna nein verðlaun,“ sagði Longoria.

Click var valin besta gamanmyndin og Cars besta fjölskyldumyndin. Two and a Half Men var kjörinn besti gamanþátturinn og Grey´s Anatomy varð fyrir valinu sem besti dramaþátturinn.


**ROBIN WILLIAMS OG HALLE BERRY** Robin Williams tók léttan dans við Halle Berry þegar hann tók á móti verðlaununum sem fyndnasti gamanleikarinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**SÁTTUR** Patrick Dempsey var mjög sáttur við verðlaun sín sem besti sjónvarpsleikarinn.


**HEROES** Leikararnir í Heroes fögnuðu mjög þegar þátturinn þeirra var kjörinn besti nýi dramaþátturinn.


**ELLEN DEGENERES OG PORTIA DE ROSSI** Ellen og kærasta hennar, Portia De Rossi, voru ánægðar eftir að Ellen var kjörin fyndasta gamanleikkonan.


**KYNÞOKKAFULL** Hin kynþokkafulla Carmen Electra lét sig ekki vanta á People´s Choice-verðlaunahátíðina.


**IDOL FÉKK VERÐLAUN** Randy Jackson tekur á móti verðlaunum sem American Idol fékk sem besti raunveruleikaþátturinn.


**ANISTON** „Vinurinn“ fyrrverandi, Jennifer Aniston, var kjörin besta leikkonan.


**KVENNABÓSI** David Schwimmer er kominn með nýja kærustu sem hann fór með á stefnumót á dögunum. Hann virðist sífellt vera með nýja og nýja dömu upp á arminn.

## Kominn með nýja

David Schwimmer er kominn með enn eina kærustuna. Samkvæmt dagblaðinu New York Post fór Friends-leikarinn kunni á stefnumót með glæsilegri dökkhærðri stúlku á dögunum og þau höfðu ekki verið lengi saman þegar þau voru farin að láta vel að hvort öðru. Schwimmer er fertugur og hefur átt ótal kærustur síðan fjögurra ára sambandi hans og ísraelskrar leikkonu lauk árið 2001. Þá voru átta mánuðir síðan hann bað hennar. New York Post veit engin deili á nýju kærustu Schwimmers en sögunni fylgir að þau hafi haldið saman heim á leið eftir að stefnumótinu og kossaflensinu lauk.


útsala
50-70% afsláttur
nú bjóðum við 20%
viðbótarafslátt af öllum útsöluvörum
oasis
KRINGLAN I SMÁRALIND I DEBENHAMS
www.oasis-stores.com


# Britney og Paris verst klæddar

Britney Spears og Paris Hilton voru jafnar í efsta sæti á lista tískumógúlsins Mr. Blackwell yfir verst klæddu stjörnu heims.

Sagði hann fatnað Spears og Hilton vera án nokkurs klassa og í engu samræmi við tískuna. Í öðru sæti á listanum var Camilla Parker-Bowles, eiginkona Karls Bretaprins. Mr. Blackwell líkti henni við konunglegt tískuslys og sagði að hattarnir hennar væru hryllilegir og ættu heima langt aftur í fornöld.

Leikkonan Lindsay Lohan lenti í þriðja sæti og á eftir henni kom söngkonan Christina Aguilera. Fleiri sem komust á listann voru Mariah Carey, Paula Abdul, Sharon Stone, Tori Spelling, Sandra Oh úr Grey´s Anatomy og Meryl Streep. „Maður gæti grátið vegna Streep,“ sagði Blackwell. „Ekki er hægt að neita fallegum ferli hennar en fötin hennar eru ekki eins fögur sjón.“

Blackwell var þó jákvæður gagnvart tíu öðrum stjörnum sem allar hafa að hans mati frábæran og sjálfstæðan fatasmekk: Kate Winslet, Angelina Jolie, Helen Mirren, Barbra Streisand, Beyoncé Knowles, Nancy Pelosi, Karólína prinsessa af Mónakó, Heidi Klum, Katie Holmes og Marcia Cross falla í þann flokk.


**BRITNEY SPEARS** Söngkonan Britney Spears þykir ekki hafa klætt sig fallega að undanförnu að mati Blackwells.

**PARIS HILTON** Hótelerfinginn Paris Hilton deildi toppsætinu með Britney.

**KATE WINSLET** Leikkonan breska þykir hafa afar fágaðan fatasmekk.

# Bítlatexti á uppboð

Handskrifaður texti við Bítlalagið While My Guitar Gently Weeps verður seldur á uppboði í Bandaríkjunum næstkomandi mánudag.

Talið er að allt að 56 milljónir króna fáist fyrir textann, sem höfundur lagsins, George Harrison, skrifaði. Í textanum eru setningar sem voru ekki hafðar með í lokaútgáfu lagsins, sem var tekið upp árið 1968.

Neðst á textablaðinu stendur síðan: „Leiðtogi hljómsveitarinnar segist ekki ætla að spila lengur.“ Talið er að George hafi þar verið að vísa í annaðhvort John Lennon eða Paul McCartney sem báðir töldu sig leiðtoga Bítlanna. Er setningin vísun í það slæma andrúmsloft sem var í Bítlunum á þessum tíma.



**BÍTLARNIR** Handskrifaður texti við Bítlalagið While My Guitar Gently Weeps verður seldur á uppboði á næstunni.






**BARNANÍÐINGUR** Gary Glitter afplánar nú þriggja ára dóm í Víetnam en gæti losnað út í maí. Hann hefur áður verið dæmdur fyrir níðingsverk í Kambódíu og Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Gæti losnað út í maí

Tónlistarmaðurinn Gary Glitter gæti losnað úr fangelsi í Víetnam á næstu mánuðum. Glitter var dæmdur í þriggja ára fangelsi í mars á síðasta ári fyrir kynferðislega misnotkun á tveimur víetnömskum stúlkum. Yfirmenn í fangelsinu þar sem Glitter afplánar refsinguna segja að hann sé á lista yfir fanga sem komi til greina að losni út fyr í tilefni af árlegum hátíðahöldum þar í landi. Á þessum árstíma stytta Víetnamar jafnan dóma þeirra sem hafa hegðað sér vel í fangavistinni. Ef Glitter fær dóm sinn styttan gæti hann losnað út í maí. Talið er víst að Glitter verði þá rekinn úr landi.




**LADDI** Skemmtikrafturinn Laddi, Þórhallur Sigurðsson, hefur gefið út tvöfalda safnplötu.

# Vinsælustu lög Ladda

Tvöföld safnplata með Ladda, Hver er sinnar kæfu smiður, kemur út á mánudag. Á plötunum tveimur er að finna öll vinsælustu lögin í flutningi Ladda og spanna þau langan feril hans.

Á plötunum eru lög af sólóplötum Ladda, vinsælustu lögin með Halla og Ladda og jafnframt lög með HLH-flokknum. Safnplatan inniheldur 47 lög og eru þau tekin af þeim sautján plötum sem Laddi hefur sungið inn á. Á meðal laga á plötunum tveimur eru: Austurstræti, Þú verður tannlæknir, Jón Spæjó, Tóti tölvukall, Hvítlaukurinn, Í vesturbænum, Tvær úr Tungunum, Það var úti á Spáni og Súperman.










## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan **Angelina Jolie** segist ekki hafa gagnrýnt ættleiðingu **Madonnu** á barni frá Malaví þrátt fyrir fregnir þess efnis í frönsku tímariti. „Það var margt rangt haft eftir mér í þessari blaðagrein. Ég sagði líka marga jákvæða hluti sem voru ekki hafðir með. Við þurfum að einbeita okkur að nútíðinni og hvetja alla til að vera hjálpsamir til að öll börn geti aðlagast vel sínum nýju heimilum,“ sagði Jolie.



Leikkonan **Hilary Swank** er orðin ástfangin á nýjan leik eftir að hún skildi við eiginmann sinn **Chad Lowe** á síðasta ári. Swank, sem vill ekki greina frá nafni ástmannsins, hefur verið orðuð við umboðsmann sinn **John Campisi**. „Hann er ekki áberandi persóna og ég vil virða það,“ sagði Swank.



Breski leikarinn **Clive Owen** verður andlit fyrirtækisins Lancôme í kynningarherferð vegna nýs hrukkukrems fyrir karlmenn. Owen mun einnig auglýsa ilminn Hypnose Homme fyrir fyrirtækið. „Clive Owen er ótrúlega hæfileikaríkur, gáfaður og sjarmerandi maður,“ sagði framkvæmdastjóri Lancôme.



Framleiðsla er hafin á fyrstu mynd leikstjórans **James Cameron** í tíu ár, eða síðan hann sendi frá sér stórvirkið Titanic. Myndin nefnist Avatar og verður vísindaskáldsaga. Fjallar hún um særðan sjóliða sem er sendur nauðugur til fjarlægrar plánetu. Þar þarf hann að berjast fyrir lífi sínu við innfædda. „Það tók mig tíu ár að finna eitthvað nógu erfitt og áhugavert,“ sagði Cameron, sem er afar spenntur fyrir verkefninu.













**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | B.i. 16 | FRÁIR FÆTUR Ísl tal. | kl. 5:40 | Leyfð |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | THE DEPARTED | kl. 7:40 - 10:30 | B.i. 16 |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 6 | B.i. 16 | BOSS OF IT ALL | kl. 5:30 | B.i.7 |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| EMPLOYEE OF THE MONTH | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:20 - 5:40 | Leyfð |
| STRANGER THAN FICTION | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30 | Leyfð | FRÁIR FÆTUR VIP | kl. 3:20 - 5:40 | |
| STRANGER THAN FICT.. VIP | kl. 8 - 10:30 | | HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 3:20 - 5:40 | Leyfð |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 - 10:30 | B.i.16 | DÉJÁ VU | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | B.i.16 | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal | kl. 3:20 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| STRANGER THAN FICTION | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð | |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 10:20 | B.i.16 | |
| FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal | kl. 5:40 | Leyfð | DIGITAL |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal | kl. 5:40 - 8 | Leyfð | DIGITAL |
| DÉJÁ VU | kl. 10:30 | B.i.12 | DIGITAL |
| THE HOLIDAY | kl. 8 | B.i. 7 | |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| EMPLOYEE OF THE MONTH | kl. 8 - 10:10 | Leyfð |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 8 | B.i. 16 |
| SAW 3 | kl 10:30 | B.i. 16 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| STRANGER THAN FICTION | kl 8 | Leyfð |
| HAPPY FEET M/- Ísl tal | kl. 6 | Leyfð |
| FLAGS OF OUR FATHERS | kl 5:40 - 8 | B.i.16 |

Skráðu þig á SAMbio.is

www.SAMbio.is 575 8900




**ÓLI PALLI** Ólafur Páll Gunnarsson er maðurinn á bak við Rokkland 2006.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Uppgjör ársins 2006

Sjötta platan í Rokklands-seríunni, Rokkland 2006, kemur út á mánudag. Þetta er fyrsta útgáfa Senu á árinu 2007.

Rokklands-plöturnar eru hugsaðar sem nokkurs konar framlenging útvarpsþáttarins Rokkland sem hefur verið á dagskrá Rásar 2 óslitið síðan 1995. Hingað til hafa plöturnar komið út fyrir jólin en nú var ákveðið að breyta af vananum. „Við ákváðum að hafa þetta sem fyrstu útgáfu ársins. Það er lógískt að gera þetta svona. Nú er árið búið og þetta er uppgjör eftir það,“ segir Ólafur Páll Gunnarsson, umsjónarmaður Rokklands, sem sér um lagaval og samsetningu platnanna. Andrea Jónsdóttir aðstoðaði hann við textaskrif í veglegum bæklingi sem fylgir með auk þess sem þeir Arnar Eggert Thoroddsen og Ágúst Bogason komu þeim lítillega til aðstoðar.

Á fyrri plötunni eru nokkur af bestu lögum síðasta árs að mati Óla Palla, þar á meðal Crystal Ball með Keane, Young Folks með Peter, Bjorn & John og White Tiger með Pétri Ben. Á þeirri síðari eru nokkur af bestu lögum tíunda áratugarins, þar á meðal Teardrop með Massive Attack, Black Hole Sun með Soundgarden og Ný batterí með Sigur Rós.

Upphaldslag Ólafs á plötunum er Exodus með færeysku rokksveitinni 200. „Það er frábært lag sem enginn ætti að láta framhjá sér fara, algjör hittari. Það er eins og blanda af AC/DC og Purrki Pillnikk,“ segir hann. - fb

# Carlo Ponti látinn

Ítalski kvikmyndaframleiðandinn Carlo Ponti, eiginmaður leikkonunnar Sophiu Loren, er látinn, 94 ára gamall. Ponti framleiddi margar sígildar myndir, þar á meðal La Strada eftir Fellini, Dr. Zhivago og Blowup.



**PONTI OG LOREN** Carlo Ponti og eiginkona hans Sophia Loren árið 1976.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ponti kvæntist Loren árið 1957 þegar hún var aðeins 22 ára. Giftingin var síðar dæmd ógild en árið 1966 giftust þau aftur.

Ponti uppgötvaði Loren þegar hún tók þátt í fegurðarsamkeppni þegar hún var aðeins fimmtán ára. Ponti var þá dómari keppninnar, 37 ára gamall. Hann ruddi leið Loren til frægðar og hvatti hana til að læra ensku.

Hann breytti nafni hennar úr Sophia Lazzaro og tryggði henni hlutverk í nokkrum ódýrum ítölskum myndum. Árið 1962 fékk Loren Óskarinn fyrir hlutverk sitt í Two Women sem var framleidd af Ponti. Fjórum árum síðar var Ponti sjálfur tilnefndur fyrir Dr. Zhivago.

## Með netið í vasanum

iPhone frá Apple inniheldur mynd- og mp3-spilara, síma og þráðlausa nettengingu. Síminn fer á markað í Bandaríkjunum í júní en fæst hér á landi í árslok.

Síminn flytur sig af farsímaneti yfir á tölvunet eftir hentugleikum.

Innbyggður iPod þar sem hægt er að spila bæði tónlist og myndbönd á breiðum snertiskjá

Hægt er að fara á netið með Safari-vafranum.

Rafhlaðan endist í fimm stundir í tali eða 16 stundir í tónlistarspilun.

Myndavél með tveggja megapixla upplausn.




Þegar síminn er lagður að eyranu slokknar á snertihnöppum á skjáborðinu.

Síminn snýr skjámyndinni eftir því hvort honum er snúið á hæð eða breidd.

Skipta má yfir í nær- og fjærmynd með því að draga fingurna eftir skjánum.

AP

# iPhone boðar byltingu

**Miklar vonir eru bundnar við nýja iPhone-símann frá Apple sem sameinar síma, lófatölvu, mynd- og Mp3-spilara í eitt tæki, sem býr þar að auki yfir þráðlausri internettengingu. Bylting í fjarskiptatækni, segir þróunarstjóri Apple á Íslandi.**

Lengi hefur verið beðið eftir tæki sem sameinar síma, tónhlöðu, myndspilara og lófatölvu í eitt og ef marka má Steve Jobs, forstjóra Apple, er framtíðin komin með iPhone. Steingrímur Árnason, þróunarstjóri Apple á Íslandi, segir að það sé ekki orðum aukið. „Þetta er alhliða samskiptatæki eins og úr framtíðarkvikmyndum. Það er fyrst og fremst verið að höfða til þeirra sem nota stóru iPod-ana og símann í fleira en samtöl.“

Steingrímur segir að nútímamaðurinn þurfi í síauknum mæli að hafa internettengingu við höndina og farsímar hafi ekki leyst það vel, það sé bæði dýrt og kosti fyrirhöfn. „Nú verður breyting á því. iPhone verður keyrður áfram með stýrikerfinu okkar þannig að þetta er ekki takmarkað apparat. Þá er hann með þráðlausa nettengingu þannig að fólk getur farið á kaffihús og skoðað vísi.is eða kíkt á tölvupóstinn.“



**STEINGRÍMUR ÁRNASON** Telur ekki ólíklegt að iPhone komi til með að kosta um 50 þúsund krónur hér á landi þegar hann kemur á markað í árslok.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áður hefur verið reynt að þróa tæki sem átti að leysa önnur af hólmi, meðal annars gaf Apple út lófatölvu um árið en hafði ekki erindi sem erfiði. „Það er fyrst núna sem tæknin er orðin raunhæf,“ segir Steingrímur. „Þetta er ekki tilraunakennt tæki heldur hefur það verið lengi í þróun. Það óvenjulega við það er að það er miklu minna en tæknilegustu símar frá öðrum fyrirtækjum, þeir eru eins og múrsteinar í samanburði. Þetta er vissulega bylting.“

iPhone fer á markað í Bandaríkjunum í júní og kostar 500 til 600 dollara þar ytra, það er 36 til 43 þúsund krónur. Síminn verður fáanlegur á Íslandi í árslok en Steingrímur segir erfitt að segja til um verðið að svo stöddu. „En það er ekki ólíklegt að það verði í námunda við 50 þúsund krónur.“

bergsteinn@frettabladid.is

# Scorsese tilnefndur

Martin Scorsese hefur hlotið sína sjöundu tilnefningu til leikstjóraverðlaunanna Directors Guild of America, fyrir mynd sína The Departed.

Á sama tíma hlutu leikstjórar fjögurra annarra mynda sínar fyrstu tilnefningar. Bill Condon var tilnefndur fyrir Dreamgirls, Jonathan Dayton og Valerie Farir fyrir Little Miss Sunshine, Stephen Frears fyrir The Queen og Alejandro Gonzalez Inarritu fyrir Babel.

Verðlaunin eru talin gefa góða vísbendingu um hver hlýtur óskarinn fyrir bestu leikstjórn í lok febrúar. Alls 52 af þeim 58 leikstjórum sem hafa unnið Directors Guild-verðlaunin hafa fengið óskarinn.

Scorsese, sem hefur aldrei unnið óskarinn, hefur áður verið tilnefndur til Directors Guild fyrir myndirnar The Aviator, Gangs of New York, The Age of Innocence, Goodfellas, Raging Bull og Taxi Driver.

**MARTIN SCORSESE** Leikstjórinn virti hlaut nýverið sína sjöundu tilnefningu til Directors Guild of America-verðlaunanna.



## > Kári á leið til AGF

Landsliðsmaðurinn Kári Árnason mun að öllum líkindum skrifa undir samning við danska úrvalsdeildarfélagið AGF um helgina en Helgi Sigurðsson lék með þessu félagi áður en hann kom heim. Núverandi félag Kára, Djurgarden, og AGF eru sögð hafa komist að samkomulagi um kaupverð í dönskum fjölmiðlum og ef ekkert óvænt kemur upp á verður skrifað undir samning um helgina. Unnusta Kára er í námi í Árósum og því vildi Kári eðlilega færa sig um set og honum er að verða að ósk sinni.



**sport**

sport@frettabladid.is

JÓNATAN ÞÓR MAGNÚSSON RÁÐINN ÞJÁLFARI KVENNALIÐS AKUREYRAR: SEGIR VERKEFNIÐ MJÖG KREFJANDI

# *Ekki þekktur fyrir þolinmæði og umburðarlyndi*

Handboltakappinn Jónatan Þór Magnússon er á leið heim eftir skamma viðdvöl hjá St. Raphael í Frakklandi. Jónatan á enn eftir að fá sig lausan frá franska félaginu en hann er einmitt staddur ytra þessa dagana til að ganga frá starfslokum og pakka niður. Gangi allt að óskum næstu daga mun hann í kjölfarið ganga í raðir Akureyrar. Samhliða því mun Jónatan þjálfa kvennalið félagsins sem situr á botni DHL-deildar kvenna án stiga.

„Þetta er krefjandi og skemmtilegt verkefni. Ég hef ekki þjálfað stelpur áður og það er svo sannarlega krefjandi verkefni að koma liðinu í gang. Annars held ég að stelpurnar hafi haft gott af smá breytingu enda búnar að hafa sama þjálfarann lengi,“ sagði Jónatan sem er ákaflega kappsfullur maður. Hvernig telur hann að honum gangi að þjálfa stelpur? „Ég er búinn að þjálfa þær nokkrum sinnum síðustu daga og veit um hvað málið snýst. Annars hef ég nú ekki verið þekktur fyrir þolinmæði og umburðarlyndi þannig að þetta verður áhugavert,“ sagði Jónatan léttur og hló dátt.



Jónatan hefur verið meira og minna meiddur þann tíma sem hann hefur verið í Frakklandi og ekki sér fyrir endann á meiðslunum og því yrði það algjör bónus ef Jónatan léki eitthvað með Akureyrarliðinu á þessari leiktíð.

„Það er hundfúlt að vera meiddur og ég mun láta skoða meiðslin frekar eftir helgi en ég gæti verið frá í heilt ár vegna meiðslanna,“ sagði Jónatan sem er ánægður með að vera kominn aftur heim til Akureyrar þar sem honum líður best.

„Það verður ofboðslega gott þegar þessu er öllu lokið og við getum farið að slaka á aftur á Akureyri. Þetta var ævintýri en öll ævintýri taka enda og við erum mjög sátt við að koma aftur heim enda er alltaf best heima,“ sagði Jónatan Þór.

2007 GERMANY HANDBALL WORLD CHAMPIONSHIP

**8** DAGAR Í HM Í ÞÝSKALANDI

Þýska landsliðið:

## Kehrmann og Baur klárir

**HANDBOLTI** Það er að rofa til í herbúðum þýska landsliðsins fyrir HM en hornamaðurinn Florian Kehrmann og miðjumaðurinn Markus Baur eru að verða klárir í slaginn og munu að öllu óbreyttu leika með liðinu á HM sem og reynsluboltarnir Christian Schwarzer og Stefan Kretschmar.

Vináttulandsleikur:

## Grænland lagði Ástralíu

**HANDBOLTI** Fyrsti leikur Íslands á HM þann 20. janúar næstkomandi er gegn Ástralíu.

Ástralar virðast ekki líklegir til afreka á mótinu ef mið er tekið af úrslitum í leik liðsins gegn Grænlandi þar sem nágrannar okkar Íslendinga skelltu Áströlum með níu mörkum, 34-25.

Ísland mætti Ástralíu á HM í Portúgal árið 2005 og vann þann leik með 40 marka mun og spurning hvort liðið gerir betur að þessu sinni.



**LÝKUR KEPPNI** Luis Garcia hefur lokið keppni í vetur.

Enski fótboltinn:

## Luis Garcia ekki meira með

**FÓTBOLTI** Spánverjinn Luis Garcia hjá enska úrvalsdeildarliðinu Liverpool hefur spilað sinn síðasta leik á tímabilinu en hann sleit krossbönd í 3-6 tapinu á móti Arsenal í enska deildarbikarnum. Luis Garcia verður frá í að minnsta kosti sex mánuði en Sílebúinn Mark Gonzalez verður einnig frá í þrjár vikur vegna meiðsla sem hann hlaut í þessum martraðarleik. Luis Garcia skoraði 3 mörk í 17 deildarleikjum í vetur.

- óój

# Fjórir menn ákveða laun formanns KSÍ en aðeins sex vita upphæðina

**Leynd hvílir yfir launamálum formanns KSÍ. Fjórir einstaklingar ákveða hversu há laun formaðurinn skal hafa og þeirra á meðal eru varaformaður KSÍ og gjaldkeri sambandsins. Einungis sex einstaklingar vita hver launin eru og einn þeirra er framkvæmdastjórinn og formannsefnið, Geir Þorsteinsson.**

**FÓTBOLTI** Aðeins sex einstaklingar vita hversu há laun formaður Knattspyrnusambands Íslands, KSÍ, hefur hverju sinni og laun formannsins eru ákveðin af framkvæmdastjórn KSÍ en formaður þeirrar stjórnar er formaður KSÍ, Eggert Magnússon. „Þetta tekur ekki langan tíma og Eggert víkur af fundi á meðan við ákveðum launin,“ segir Eggert Steingrímsson, gjaldkeri KSÍ, og meðlimur í framkvæmdastjórn KSÍ síðustu átta ár.

Laun formannsins eru ákveðin þannig að Eggert Steingrímsson leggur til ákveðna tölu á fundi sem hinir aðilarnir í framkvæmdastjórn KSÍ, að Eggerti Magnússyni undanskildum, verða að samþykkja.

Í framkvæmdastjórn KSÍ sitja Eggert Magnússon, sem er formaður, Eggert Steingrímsson, gjaldkeri KSÍ, Halldór B. Jónsson, varaformaður KSÍ, Jón Gunnlaugsson og Lúðvík S. Georgsson.

Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, er eini aðilinn fyrir utan þessa fimm sem veit hver laun formanns KSÍ eru að því er Eggert Steingrímsson segir. Stjórn KSÍ veit ekki hver laun formannsins eru, ekki frekar en félögin í landinu.

Sú nefnd sem heldur utan um öll fjármál Knattspyrnusambandsins og hefur eftirlit með þeim, að því er Geir Þorsteinsson staðfesti í gær, heitir síðan fjárreiðunefnd.



**VALDAMIKLIR** Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri og formannsefni KSÍ, og Eggert Magnússon, formaður KSÍ, eru valdamestu mennirnir í íslenska boltanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Athygli vekur að tveir meðlimir framkvæmdastjórnarinnar sitja í þeirri nefnd. Formaður fjárreiðunefndar er Eggert Magnússon og með honum sitja Eggert Steingrímsson, Geir Þorsteinsson og Pálmi Jónsson.

Með öðrum orðum þá vita aðeins sjö manns hvernig fjármálum sambandsins er nákvæmlega háttað og þessir sömu aðilar virðast einnig hafa eftirlit með fjármálum knattspyrnusambandsins.

„Það var ákveðið á ársþingi fyrir um tólf árum að greiða formanni laun og síðan var líka bifreiðakostnaður inn í því. Þá var sett tala inn í fjárhagsáætlun sem hefur tekið eðlilegum breytingum.“ sagði Eggert Steingrímsson, gjaldkeri KSÍ og meðlimur í framkvæmdastjórn sambandsins, við Fréttablaðið í gær en hver er það sem ákveður launin á endanum?

„Laun formanns eru ákveðin samkvæmt tillögu gjaldkera og þá er mið tekið af launaþróuninni í landinu. Framkvæmdastjórnin tekur síðan ákvörðun og það er framkvæmdastjórnin sem veit hver þessi laun eru sem og framkvæmdastjóri KSÍ.“

Sú breyting hefur orðið á að ekki er lengur getið um laun formanns í ársreikningi KSÍ og launin eru heldur ekki inn í fjárhagsáætlun. „Eru laun ekki trúnaðarmál?“ sagði Eggert en getur framkvæmdastjórn KSÍ þar með sett formann KSÍ á nákvæmlega þau laun sem þeim sýnist án vitundar félaganna?

„Ég lít nú þannig á að ég sé ábyrgari í mínum aðgerðum en það. Við gætum það en þá þyrftu fimm eða sex manns að vera mjög óheiðarlegir. Ég legg það ekki í vana minn og ég veit að félagar mínir eru það ekki heldur. Okkur er treyst fyrir þessu.“

Eggert Steingrímsson hefur setið í framkvæmdastjórninni í átta ár en litlar breytingar hafa orðið á stjórninni í gegnum tíðina að því er Eggert segir. Hann staðfesti enn fremur að framkvæmdastjórnin ákveddi einnig laun framkvæmdastjóra sambandsins sem í þessu tilviki er Geir Þorsteinsson.

henry@frettabladid.is

### FRAMKVÆMDASTJÓRN KSÍ

- Eggert Magnússon, formaður
- Eggert Steingrímsson
- Halldór B. Jónsson
- Jón Gunnlaugsson
- Lúðvík S. Georgsson

### FJÁRREIÐUNEFND KSÍ

- Eggert Magnússon, formaður
- Eggert Steingrímsson
- Geir Þorsteinsson
- Pálmi Jónsson

Miklar sviptingar í karlakörfunni þar sem Haukar og Þór styrkja sig:

# Átján evrópskir leikmenn í deildinni

**KÖRFUBOLTI** Baráttan harðnar á botni Iceland Express-deildar karla í körfubolta og nú hafa tvö af þremur neðstu liðunum, Haukar og Þór, bætt við sig evrópskum leikmönnum. Þórsarar fá mann í stað Bol Johnston sem yfirgaf liðið um jólin en Haukar bæta hins vegar við sig þriðja erlenda leikmanninum.

Haukar hafa fengið til sín serbneska miðherjan Predrag Novakovic sem er 23 ára gamall, 208 sm á hæð og 106 kg á þyngd. Novakovic hefur spilað í Grikklandi, Slóveníu og Makedóníu auk heimalandsins en hann hóf feril sinn hjá Partizan Belgrad. Novakovic lék síðast með Tos Sam Jas frá Skopje í Makedóníu og var þá með 16,9 stig og 9,1 frákast að meðaltali í leik.

Þórsarar ákváðu að semja við „þekkta stærð“ en þeir fengu til sín hinn 198 sm og 195 kg enska framherja David Aliu sem hefur leikið með Tindastól og Hamar/Selfoss hér á landi. Aliu var með 15,7 stig og 5,0 fráköst í 6 leikjum með Tindastól veturinn 2004-05 og 20,7 stig og 8,9 fráköst að meðaltali í 9 leikjum með Hamar/Selfoss í fyrra.

Slæmu fréttirnar fyrir Þorlákshafnarbúa eru þær að hann hefur aðeins þrisvar sinnum verið í sigurliði í þessum 15 leikjum. Aliu lék fyrir áramót með Leicester Riders í ensku deildinni og var þá með 7,8 stig og 4,9 fráköst að meðaltali á 18,9 mínútum í leik.

Með þessum þremur leikmönnum eru Bosmann-leikmenn Iceland Express-deildarinnar orðnir 18 talsins og eru öll lið deildarinnar nema ÍR með erlenda evrópska leikmenn innan sinna raða. - óój

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*DHL-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| HAUKAR-ÍBV | 35-28 (18-13) |

**Mörk Hauka (Skot:)** Hanna Guðrún Stefánsdóttir 10 (10), Harpa Melsted 7 (10/1), Ramune Pekarskyte 6 (9), Erna Þráinsdóttir 4 (6), Sandra Stojkovic 4 (7), Ausra Geciene 1 (1), Sigrún Brynjólfsdóttir 1 (1), Erna Halldórsdóttir 1 (1), Nína Kristín Björnsdóttir 1 (5).
**Varin skot**: Guðrún Bryndís Jónsdóttir 10, Helga Torfadóttir 6.
**Hraðaupphlaup:** 19 (Hanna 10, Ramune 3, Harpa 3, Erna Þ. 2, Erna H. 1, Sandra 1.
**Fiskuð víti:** Erna Þ.
**Utan vallar:** 2 mínútur
**Mörk ÍBV (skot):** Pavla Plaminkova 9/7 (17/7), Pavla Nevartilova 7 (9) , Hekla Hannesdóttir 4 (6), Sæunn Magnúsdóttir 4 (8), Renata Horvath 3 (4), Sædís Magnúsdóttir 1 (1), Valentina Radu 0 (6).
**Varin skot:** Branka Jovanovic 11.
**Hraðaupphlaup:** 7 (Renata 2, Hekla 2, Sæunn 2, Nevartilova)
**Fiskuð víti:** Nevartilova 5, Hekla, Sæunn.
**Utan vallar:** 2 mínútur

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **VALUR** | **10** | **8** | **1** | **1** | **269:225** | **17** |
| HAUKAR | 12 | 8 | 0 | 4 | 354:308 | 16 |
| **GRÓTTA** | **11** | **8** | **0** | **3** | **286:254** | **16** |
| STJARNAN | 9 | 7 | 0 | 2 | 284:194 | 14 |
| **ÍBV** | **10** | **5** | **1** | **4** | **269:262** | **11** |
| FRAM | 11 | 3 | 3 | 5 | 257:288 | 9 |
| **HK** | **10** | **3** | **0** | **7** | **258:309** | **6** |
| FH | 11 | 2 | 1 | 8 | 241:295 | 5 |
| **AKUREYRI** | **10** | **0** | **0** | **10** | **190:283** | **0** |

*Iceland Express-deild kvk:*

| | |
|---|---|
| GRINDAVÍK-HAMAR | 96-50 |
| KEFLAVÍK-BREIÐABLIK | 128-44 |

*Enski deildarbikarinn:*

| | |
|---|---|
| WYCOMBE-CHELSEA | 1-1 |

Easter (77.)- Wayne Bridge (36.).



**FRÁBÆR** Hanna Guðrún Stefánsdóttir fór á kostum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

DHL-deild kvenna:

## Hraðlest Hauka lagði ÍBV

**HANDBOLTI** Haukar unnu öruggan sjö marka sigur á ÍBV, 35-28, í DHL-deild kvenna á Ásvöllum í gær. Leiksins verður helst minnst fyrir 24 tapaða bolta Eyjastúlkna og 19 hraðaupphlaupsmörk Haukastúlkna því mistök gestanna gerðu heimastúlkunum lífið auðvelt.

Undirbúningur ÍBV-liðsins hefur líklega í kjölfar erfiðs ferðalags farið fyrir ofan garð og neðan því sóknarskipulagið var í molum. ÍBV-liðið tapaði 15 boltum í fyrri hálfleik og fékk á sig 11 hraðaupphlaupsmörk fyrir hlé. Haukaliðið var fyrir vikið fimm mörkum yfir, 18-13, í hálfleik. Seinni hálfleikurinn hófst á sömu nótum og sigurinn var því aldrei í hættu.

Eyjaliðið er sundurlaus og stemningslaus her, liðið var aðeins með 9 leikmenn á skýrslu og það þurfti ekki stórleik hjá Haukum til að vinna auðveldan sigur. - óój

Íslandsmót para í keilu:

## Magna Ýr og Róbert unnu

**KEILA** Magna Ýr Hjálmtýsdóttir KFR og Róbert Dan Sigurðsson ÍR urðu í fyrsta sinn Íslandsmeistarar para í keilu í fyrrakvöld þegar þau unnu fráfarandi og margfalda meistara Sigfríði Sigurðardóttur KFR og Björn Guðgeir Sigurðsson KR 3-0 í úrslitum. Þau Sigfríður og Björn höfðu unnið mótið þrisvar sinnum á síðustu fjórum árum og voru efst inn í úrslitin en gáfu þá eftir í baráttu við hina ungu og efnilegu spilara. Magna er aðeins 17 ára og Róbert Dan er einu ári eldri. Dagný Edda Þórisdóttir og Hafþór Harðarson úr KFR tryggðu sér 3. sætið í mótinu. - óój

Fjölmiðlar voru of fljótir á sér að segja frá endalokum Beckham á Bernabeu:

# Nýr samningur enn á borðinu

**FÓTBOLTI** Framtíð David Beckham hjá Real Madrid virtist ráðin samkvæmt fréttum sem fóru eins og eldur um sinu um netfjölmiðla í gær. Þá var haft eftir Predrag Mijatovic, yfirmanni íþróttamála hjá Real, að félagið myndi ekki semja aftur við Beckham og enski miðjumaðurinn gæti farið á frjálsri sölu frá liðinu þegar samningur hans rennur út í júní.

Þegar leið á daginn komu talsmenn Real Madrid fram og neituðu þessu og sögðu að vitlaust hafi verið haft eftir Mijatovic. Við sama tækifæri kom fram að viðræðum við Beckham verði haldið áfram og að á næstu tveimur dögum sé áætlaður fundur með umboðsmönnum Beckham. David Beckham hefur fengið lítið að tækifærum á þessu tímabili og lítið hefur gengið hjá Real-liðinu þegar hann hefur spilað sem sést á því að liðið hefur tapað 7 af 9 leikjum sínum með hann í byrjunarliðinu.

Beckham kom til Real Madríd sumarið 2003 en hefur ekki enn unnið stóran titil með félaginu. - óój



**FALLANDI STJARNA** David Beckham hefur þurft að dúsa mikið á varamannabekknum hjá Real Madrid í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Spænski fótboltinn:

## Eto'o byrjar að æfa á mánudag

**FÓTBOLTI** Kamerúnski framherjinn Samuel Eto´o mun mæta á sína fyrstu æfingu með Barcelona á mánudag eftir að hafa verið frá í þrjá mánuði vegna hnémeiðsla. „Við höfum lagt á það áherslu að hann fari varlega af stað því hann getur ekki beðið eftir því að fara að skora aftur fyrir Barcelona. Við höfum ákveðið að hann megi mæta aftur á æfingu eftir helgi," sagði Ramon Cugat, læknir spænska liðsins. Það er því ljóst að samkeppnin mun harðna í framhaldinu hjá Eiði Smára sem hefur byrjað alla leiki Barcelona upp á síðkastið. -óój



## > ANTHONY HOPKINS



Fæddist 31. desember 1937 í Wales. Hann fluttist til London 1965 og lék í sinni fyrstu sjónvarpsmynd tveimur árum síðar. Hann vakti athygli fyrir frammistöðu sína í sjónvarpi og var ekki lengi að fá tilboð um að leika í stórum kvikmyndum. Hann var aðlaður af bresku krúnunni og hefur leikið í ótalmörgum þekktum myndum en sú þekktasta er Silence of the Lambs, en hann hlaut Óskarinn fyrir aðalhlutverk í þeirri mynd. Hann leikur í The Edge sem er á Stöð 2 Bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR LÆRIR EKKI AF SJÓNVARPSEFNI

# *Gagnslaus en girnileg skemmtun*

Ég er ein af þeim sem hef ekkert sérstaklega gaman af því að eyða miklum tíma í eldhúsinu. Er meira að segja mjög stolt af sjálfri mér þegar ég elda gæðamáltíð frá grunni. Ekki þykir mér heldur gaman að versla í matinn svona yfirleitt, reyni að eyða sem minnstum tíma í það athæfi, sérstaklega á annatíma. Þannig eyði ég örugglega meiri pening í mat en ég þyrfti að gera miðað við þriggja manna heimilishald. Ég er hins vegar dyggur neytandi fjölmiðlaafurða sem fjalla um mat, glæsimat eða hversdagsmat, í sjónvarpi sem og í blöðum.

Nigella hefur snúið aftur í ríkissjónvarpið, mér til ánægju. Mér þykir mjög gaman að því að horfa á hana stússast í eldhúsinu og það fer ekkert í mig þó að hún snerti matinn eins og sumir láta fara gríðarlega í taugarnar á sér. Jamie Oliver hefur lengi verið í uppáhaldi hjá mér, hann er svo skemmtilega strákslegur og gerir mjög girnilegan mat. Jói Fel höfðar ekki til mín á sama hátt og Bretarnir en ég horfði þó á góðan þátt um daginn þar sem hann ásamt gestum gerði hvern eftirréttinn á fætur öðrum. En þrátt fyrir að ég horfi oft á svona matarþætti og lesi uppskriftir með athygli þá elda ég meira og minna alltaf sama matinn. Mér tekst semsagt ekki að draga neinn lærdóm af þessu glápi og er allaf jafn hugmyndalaus í matvöruverslunum. Matreiðsluþættir sem þessir eru semsagt frekar skemmtiefni fyrir mig en lærdóms, hvers vegna sem það nú er.



Ég setti mig hins vegar í lærdómsstellingar á mánudagskvöldið. Þá hófst fjögurra þátta röð um Maó, mjög áhugaverð að því er virðist. Eftir eril dagsins verð ég þó að játa að ég lognaðist út af og missti af fyrri hlutanum. Sá seinni lofaði hins vegar góðu, myndefni var gott og efnið sannarlega athyglisvert.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.30** Ali Rap SÝN



▶ **20.30** KF Nörd SIRKUS



▶ **21.10** Studio 60 STÖÐ 2



▶ **21.15** Withouta a Trace RÚV



▶ **22.00** The Edge STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.50 Íþróttakvöld (e)**

**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Stundin okkar**

**18.30 Stebbi strútur** (8:13) Finnskur teiknimyndaflokkur um strútinn Stebba og Emmu vinkonu hans.

**18.40 Fljúgandi hestur**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.15 Lífsmörk** (2:6) (Vital Signs) Breskur myndaflokkur. Rhoda, sem hefur verið gift í 15 ár, á þrjú börn og vinnur í matvöruverslun, söðlar um og fer í læknanám. Aðalhlutverk: Tamzin Outhwaite, Steve Waddington, Beth Goddard og Claudie Blakley.

**21.05 Lithvörf** (2:12) Stuttir þættir um íslenska myndlistarmenn. Að þessu sinni er talað við Magneu Ásmundsdóttur rýmislistamann. Dagskrárgerð: Jón Axel Egilsson.

▶**21.15 Sporlaust** (6:24) (Without a Trace IV) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Skólafélagar** (2:2) (Class of '76) Bresk spennumynd í tveimur hlutum frá 2005. Lögreglumaðurinn Tom Monroe rannsakar röð dularfullra dauðsfalla og rekur slóðina aftur til gamalla skólafélaga sinna. Leikstjóri er Ashley Pearce og meðal leikenda eru Robert Carlyle, Daniel Mays, Claire Skinner, Robert Glenister, Sean Gallagher, Tony Haygarth og Anton Lesser.

**23.35 Kastljós (e)**

**00.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Pokemon 4**

**08.00 Pixel Perfect** (Fullkomið plat)

**10.00 How to Kill Your Neighbor's Dog**

**12.00 MEDICINE MAN (e)**

**14.00 Pokemon 4**

**16.00 Pixel Perfect** (Fullkomið plat)

**18.00 How to Kill Your Neighbor's Dog**

**20.00 MEDICINE MAN (e)**

▶**22.00 The Edge** (Á bláþræði) Aðalhlutverk. Alec Baldwin, Anthony Hopkins, Elle Macpherson. Bönnuð börnum.

**00.00 Special Forces**

**02.00 Extreme Ops**

**04.00 The Edge**

## STÖÐ 2

**06.58 Ísland í bítið**

**09.00 Bold and the Beautiful**

**09.20 Í fínu formi 2005**

**09.35 Martha**

**10.20 Ísland í bítið (e)**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.40 Neighbours** (Nágrannar)

**13.05 Valentína**

**13.50 Valentína**

**14.35 What Not To Wear** (5.5)

**15.35 Two and a Half Men** (14.24)

**15.55 Skrímslaspilið**

**16.18 Ofurhundurinn**

**16.43 Tasmanía**

**17.03 Myrkfælnu draugarnir** (30.90)

**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours** (Nágrannar)

**18.18 Íþróttir og veður**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.40 Búbbarnir (21.21)**

**20.05 Í sjöunda himni með Hemma Gunn** Íslenskur skemmtiþáttur í umsjón Hemma Gunn.

▶**21.10 Studio 60 On the Sunset Strip - NÝTT** (1.13) (Bak við tjöldin) Spánnýr bandarískur framhaldsþáttur með Matthew Perry úr Friends í aðalhlutverki sem fengið hefur frábærar viðtökur vestanhafs. Þættirnir koma úr smiðju hinna sömu og gerðu verðlaunaþættina West Wing.

**21.55 The Closer** (8.15) (Málalok)

**22.40 Slap Shot 2. Breaking The Ice** (Ísbrjótarnir) Hressileg spennumynd sem gerist í hörðum heimi íshokkísins. Aðalhlutverk: Gary Busey, Jessica Steen, Stephen Baldwin. Leikstjóri. Steve Boyum. 2002. Bönnuð börnum.

**00.20 Grey's Anatomy** (28.36) (Læknalíf)

**01.05 Shark** (1.22) (Hákarlinn) e

**01.50 The Unit** (4.13) (Úrvalssveitin)

**02.35 Lara Croft Tomb Raider 2** (Grafarræninginn 2) Ævintýraleg hasarmynd um baráttu góðs og ills. Aðalhlutverk. Angelina Jolie, Gerard Butler, Ciarán Hinds, Chris Barrie. 2003. Bönnuð börnum.

**04.30 The Closer (8.15)** (Málalok)

**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.30 Seinfeld** (10.24) Elaine gefur óvart upp rangt símanúmer á afsláttarmiða fyrir samloku og Kramer kemst að því að verkfallinu sem hófst fyrir tólf árum þegar hann vann í sjoppu er lokið og hann ákveður að snúa aftur til vinnu.

**20.00 Entertainment Tonight**

▶**20.30 KF Nörd** (1.15) Þættirnir um nördana í Knattspyrnufélaginu Nörd hafa slegið í gegn hjá landanum líkt og sambærilegir þættir hafa gert á hinum Norðurlöndunum. Logi Ólafsson, fyrrum landsliðsþjálfari karla og kvenna, undirbjó strákana af kappi í allt sumar til þess að takast á við Íslandsmeistara FH.

**21.15 Four Kings** Drepfyndnir gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuvinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York.

**21.45 Chappelle's Show** Önnur serían af þessum vinsælum gamanþáttum þar sem Dave Chappelle lætur allt flakka.

**22.15 X-Files** (Ráðgátur) Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.

**23.00 Insider**

**23.25 Seinfeld (e)** (10.24)

**23.50 Entertainment Tonight (e)**

**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210 (e)**

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.55 Toppskífan (e)**

**09.35 Melrose Place (e)**

**14.05 World Pool Championships (e)**

**16.05 Love, Inc. (e)**

**16.35 Beverly Hills 90210**

**17.20 Rachael Ray**

**18.15 Melrose Place**

**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**

**19.30 Game tíví** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 The Office** Dwight er valinn sölumaður ársins en þarf að yfirstíga ótta sinn við að halda ræður. Hann fær Michael til að hjálpa sér en það hefði hann betur látið ógert.

**20.30 Venni Páer** Ný, íslensk gamansería þar sem ýmsir kostulegir karakterar koma við sögu. Venni Páer er einkaþjálfari sem hefur það takmark að koma hinni einu sönnu og réttu leið varðandi heilsurækt til skila.

**21.00 The King of Queens**

**21.30 Still Standing** Bandarísk gamansería um hina skrautlegu Miller-fjölskyldu. Bill verður forfallinn spilafíkill eftir að hann kynnist leik sem Brian er frábær í. Judy eyðir meiri tíma með Fitz eftir að Linda trúlofaði sig og hefur ekki tíma fyrir hana.

**22.00 House** Önnur þáttaröðin um lækninn skapstirða, dr. Gregory House. Honum er meinilla við persónuleg samskipti við sjúklinga sína en hann er snillingur í að leysa læknisfræðilegar ráðgátur. House treystir engu og allra síst því sem sjúklingarnir segja.

**23.00 Everybody Loves Raymond**

**23.30 Jay Leno**

**00.20 America's Next Top Model (e)**

**01.20 Beverly Hills 90210 (e)**

**02.05 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**18.00 Newcastle - Man. Utd. (frá 1. jan)**

**20.00 Liðið mitt** Spjallþáttur um fótbolta í umsjón Böðvars Bergssonar.

**21.00 Turninn í Charlton (e)**

**21.30 Strákarnir í Reading (e)**

**22.00 Newcastle - Man. Utd. (frá 1. jan)**

**00.00 Dagskrárlok**




Útsalan er hafin

Parisartízkan er verslun fyrir konur á öllum aldri.

Gott úrval af hágæðafatnaði frá þýska vörumerkinu BASLER.

Sjón er sögu ríkari

Parísar TÍZKAN

Laugavegi 71, 2.Hæð

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.10

### Studio 60 on the Sunset Strip



Spánnýr bandarískur framhaldsþáttur með Matthew Perry úr Friends í aðalhlutverki sem fengið hefur frábærar viðtökur vestanhafs. Þættirnir koma úr smiðju hinna sömu og gerðu verðlaunaþættina West Wing og varpa gamansömu og trúverðugu ljósi á það sem gerist bak við tjöldin í hinum litríka sjónvarpsheimi í Hollywood. Þar gengur allt út á áhorfstölur og að lifa af – verða ekki tekinn af dagskrá og yfirborðsmennskan, lævísi og svikráð allsráðandi. Sögusviðið er bak við töldin við gerð síðkvöldsspjallþáttar á borð við Jay Leno. Farið er að halla undan fæti og yfirmenn íhuga að taka þáttinn af dagskrá. Þá er ungur og efnilegur sjónvarpsframleiðandi, leikinn af Matthew Perry, fenginn til að rífa þáttinn upp – sem á eftir að reynast hægara sagt en gert.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ VENNA PÁER Á SKJÁ EINUM 20.30

Íslensk gamansería þar sem ýmsir kostulegir karakterar koma við sögu. Venni Páer er einkaþjálfari sem hefur það takmark að koma hinni einu sönnu og réttu leið varðandi heilsurækt til skila. Honum til halds og traust er hans dyggi og eini kúnni, Bjössi. Venni Páer eru metnaðarfullir þættir sem innihalda þekkta íslenska leikara. Þættir sem ættu að geta höfðað til allra sem taka lífinu ekki of alvarlega.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **09.00** Fréttir
**09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi
**10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Slóð fiðrildanna
**14.30** Leikhúsrottan
**15.00** Fréttir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.27** Óperukvöld: Leðurblakan - Óperetta eftir Johann Strauss.
**22.15** Þættir úr íslenskri leikritun: Í Musterinu
**23.10** Hlaupanótan
**00.00** Fréttir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**16.55 Spænska bikarkeppnin** (Alaves - Barcelona)
**18.35 Presidents Cup 2007 - Official**
**19.05 Pro bull riding** (Chihuahua, Mexico - Chihuahua) Nautareið er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Þar keppast menn við að halda sér á baki nauts eins lengi og þeir geta að hætti kúreka. Þarna eru atvinnumenn á ferð sem náð hafa mikilli færni í að halda sér á baki við vægast sagt erfiðar aðstæður.
**20.00 World's Strongest Man 2005**
▶**20.30 Ali Rap** Hnefaleikagoðsögnin Muhammad Ali er 65 ára þann 17. janúar og Sýn býður áskrifendum sínum upp á splunkunýja þætti um kappann af því tilefni. Ali er án efa einhver þekktasti íþróttamaður allra tíma og er jafnan nefndur til sögunnar sem fremsti þungavigtarmaður í sögu hnefaleikanna. Ali var jafnframt einstakur persónuleiki sem setti gífurlegan svip á sinn samtíma þegar hann var upp á sitt besta. Þessi fyrsti þáttur sýnir einmitt hvers vegna Ali hefur stundum verið kallaður skáld og fyrsti rapparinn.
**21.20 Football Icons**
**22.15 Ameríski fótboltinn**
**22.45 PGA Tour 2007 - Highlights**
**23.40 Enski deildarbikarinn** (Wycombe - Chelsea)

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** SKRÅL **6.30** Det, der med børn **7.00** Gurli Gris **7.05** Thomas og Tim **7.15** Charlie & Lola **7.30** Hvad er det værd **8.00** Forvandlingens kunst **8.30** Chefredaktørernes klub **9.10** Nationen **9.30** Hva' så Danmark? - reform af den offentlige sektor **10.00** Den sidste slæderejse **10.30** Uventet besøg **11.00** TV Avisen **11.10** Penge **11.35** Grøn glæde **12.00** Søren Ryge - Christianias haver **12.25** Aftenshowet **13.00** Aftenshowet **13.20** Kender du typen **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** SPAM **14.30** Boogie Update **15.00** Liga DK **15.30** Daffy i Mexico **15.35** Frikvarter **16.00** Barda **16.30** Fandango med Chapper **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Aftenshowet **18.30** Rabatten **19.00** Vores planet **20.00** TV Avisen **20.25** Task Force **20.50** SportNyt **21.00** 2 Fast 2 Furious **22.45** Musikprogrammet **23.15** Liga DK **5.30** Pippi Langstrømpe **6.00** Den lille prinsesse

### NRK 1

**8.30** Gastronomi **9.00** Siste nytt **9.05** Forbrukerinspektørene **9.30** Brennpunkt: Syk av vann **10.00** Siste nytt **10.05** Oddasat - Nyheter på samisk **10.20** Distriktsnyheter **10.40** Fra Nordland **11.00** Siste nytt **11.05** Distriktsnyheter **11.20** Fra Møre og Romsdal **11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** V-cup skiskyting: Stafett menn **13.00** Siste nytt **13.05** V-cup skiskyting: Stafett menn **14.00** Siste nytt **14.05** Drakejegerane **14.30** Trollz **15.00** Siste nytt **15.03** Pysj-klubben **15.30** Dunder **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Sport i dag **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Den lille blå dragen **17.10** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 80-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Kodenavn Hunter **21.30** Norsk humor **22.00** Kveldsnytt **22.15** Kulturnytt **22.20** Urix **22.50** Presidenten **23.30** MAD TV **0.10** Top Gear - Tut og kjør 5.25 Frokost-tv

### SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Naturnollorna **11.55** Inför Svenska Idrottsgalan 2007 **12.05** Skidskytte: Ruhpolding **14.05** Klosterliv **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Sportens årskönika **17.00** Nalle har ett stort blått hus **17.25** Ritsagor **17.30** Dagens ramsa **17.35** Den fabulöst festliga farmen **18.00** Livet i ett hyreshus **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Antikrundan **20.00** The Line of Beauty **21.00** När den ryska björnen äter sina barn **21.55** Rapport **22.05** Kulturnyheterna **22.15** AK3 **23.45** Sändningar från SVT24 **6.00** Gomorron Sverige


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE

FYRSTI ÞÁTTUR Í KVÖLD!

Nýr þáttur með Matthew Perry í aðalhlutverki sem fengið hefur frábærar viðtökur vestanhafs. Þættirnir varpa ljósi á það sem gerist bak við tjöldin í hinum litríka sjónvarpsheimi í Hollywood, þar sem lævísi og svikaráð eru allsráðandi og allt gengur út á áhorfstölur.

ÞÁTTUR SEM SLEGIST HEFUR VERIÐ UM

Studio 60 hefst í kvöld kl. 21:10




*gegn eingreiðslu og þú horfir til 5. mars

GOTT FÓLK McCANN

## HRÓSIÐ ...



*... fá Kjartan Friðrik Ólafsson og félagar í hljómsveitinni Ampop sem spáð er frama og velgengni erlendis á árinu í tímaritinu Playgirl.*

# Unnur Birna leikur í bíómynd

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, fyrrum alheimsfegurðardrottning, hefur tekið að sér hlutverk í kvikmyndinni Stóra planið í leikstjórn Ólafs Jóhannessonar en tökur á henni hefjast í apríl á þessu ári. Þetta er fyrsta kvikmyndahlutverk Unnar Birnu en móðir hennar, Unnur Steinsson, lék eins og frægt er orðið í sjónvarpsmyndinni „Þegar það gerist“ eftir Hrafn Gunnlaugsson.

Ólafur sjálfur vildi ekki staðfesta þetta í samtali við Fréttablaðið og sagði samningaviðræður við alla leikara á viðkvæmu stigi. „Ég lofa því að það verður gæðakostur í hverju horni,“ lýsti Ólafur yfir. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa þeir Sigurjón Kjartansson, Benedikt Erlingsson og Jón Gnarr einnig verið ráðnir í hlutverk auk þess sem einn af framleiðendum myndarinnar, Baltasar Kormákur, leikur í myndinni en Ólafur sagðist ekki vilja tjá sig um ráðningarferlið. „Þetta á allt eftir að skýrast á næstu dögum og vikum,“ útskýrir leikstjórinn.

Stóra planið er byggð á bók Þorvaldar Þorsteinssonar, Við fótskör meistarans, en hún segir frá sambandi ungs hugsjónarmanns og einmana kennara en í aðalhlutverkum eru þeir Pétur Jóhann Sigfússon og Eggert Þorleifsson. **- fgg**



**BENEDIKT ERLINGSSON** Einn þeirra fjölmörgu stjörnuleikara sem prýða myndina.

**ÓLAFUR JÓHANNESSON** Leikstjórinn sagðist ekki vilja tjá sig um málið.



**UNNUR BIRNA** Leikur í sinni fyrstu kvikmynd í apríl þegar tökur á Stóra Planinu hefjast.



**LÁRÉTT** 2 skák 6 kind 8 skýra frá 9 prjónavarningur 11 borðaði 12 farfi 14 kulna 16 utan 17 gæfa 18 hópur 20 sjúkdómur 21 nabbi.

**LÓÐRÉTT** 1 standur 3 bardagi 4 lögtak 5 dauði 7 reiknivél 10 arinn 13 hár 15 svari 16 spíra 19 tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 tafl, 6 ær, 8 tjá, 9 les, 11 át, 12 litur, 14 kolna, 16 án, 17 lán, 18 lið, 20 ms, 21 arða.

**LÓÐRÉTT:** 1 hæll, 3 at, 4 fjárnám, 5 lát, 7 reiknir, 10 stó, 13 ull, 15 ansi, 16 ála, 19 öð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Um 105 þúsund
2. Hugo Chavez
3. Steve Jobs






ÓLÖF SIGURRÓS ÓLAFSDÓTTIR: 96 ÁRA SÖNGFUGL

# Syngja meðan heilsan leyfir

Hin níutíu og sex ára gamla Ólöf Sigurrós Ólafsdóttir, kölluð Sigurrós, lætur háan aldur ekki aftra sér og mætir reglulega á hálfsmánaðarlegar söngvökur hjá Félagi eldri borgara ásamt Bergdísi Kristjánsdóttur, heimsóknavini Sigurrósar frá Rauða krossinum. Söngur hefur lengi verið hugðarefni Sigurrósar, sem segist mikið hafa verið í kórum áður fyrr.

„Söngurinn er bara svo mikið líf. Að geta sungið og hljómlistin og allt sem því fylgir er alveg hreint dýrð, finnst mér,“ sagði hún. Sigurrós varð nýlega fyrir slysi og missti við það röddina að einhverju leyti. „Það er að lagast núna. Bergdís segir að ég sé ekki fölsk,“ sagði Sigurrós hlæjandi. „Ég er fyrst og fremst ánægð að vera með og geta þetta,“ bætti hún við. Þær Bergdís og Sigurrós segjast ætla að halda áfram að stunda söngvökurnar. „Þegar maður er orðinn svona gamall veit maður ekki hversu lengi maður getur eitt eða annað. En á meðan heilsan leyfir, já,“ sagði Sigurrós.

Halldóra H. Kristjánsdóttir og Svanlaug Magnúsdóttir hafa stundað vökurnar lengst söngfuglanna, og segir Halldóra að þeir sem komi einu sinni snúi alltaf aftur. Söngur hefur alltaf verið hluti af lífi þeirra, þótt þær hafi hvorugar sungið í kór. „Sem krakki og unglingur söng maður mikið, og alltaf þegar unga fólkið kom saman,“ sagði Svanlaug, sem sagðist jafnvel syngja þegar hún ryksugar eða fer út að ganga. „Þetta veitir manni útrás, eins og að dansa. Maður er svo frjáls,“ sagði Svanlaug. Halldóra var henni sammála. „Ef maður er í leiðu skapi og fer að syngja, þá er bara eins og losni um allt og það hverfur,“ sagði hún.

Þeir Helgi Seljan, fyrrverandi alþingismaður, og Sigurður Jónsson, píanóleikari og tannlæknir, hafa leitt samkomurnar frá haustinu 2005, þegar þeir tóku við af Sigurbjörgu Hólmgrímsdóttur. Að sögn Helga er frelsi í söngnum haft að leiðarljósi. „Hér syngur hver með sínu nefi og nýtur þess að vera hérna.“ Sjálfur segist Helgi hafa sungið sig vitlausan alla tíð. „Á sínum tíma röktum við Karvel Pálmason, fyrrverandi alþingismaður, bæði sjúkrastofnanir og elliheimili og sungum saman ásamt Sigurði. Það var mjög gaman, og varð eiginlega kveikjan að þessu,“ sagði Helgi. „Ég hef óskaplega ánægju af þessu,“ bætti hann við.

**sunna@frettabladid.is**



**HVER MEÐ SÍNU NEFI** Helgi Seljan segir sönginn vera afar frjálsan, og þeir sem söngvökurnar sæki syngi allir með sínu nefi.



**TÓNLISTIN ER DÝRÐ** Aldursforsetinn Ólöf Sigurrós Ólafsdóttir mætir reglulega á söngvökur og segir tónlistina vera dýrð.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fjölmargir Íslendingar flugu út til London um síðustu helgi í umtalað áramótapartí bankamannsins **Ármanns Þorvaldssonar**, forstjóra Kaupþings þar í landi. Ármann bauð velvöldum vinum og samstarfsaðilum út og greiddi götu þeirra með flugi og gistingu á hinu glæsilega Sheraton Towers hóteli. Eftir að veislugestir höfðu komið sér fyrir á hótelinu var komið að veislunni sjálfri sem haldin var í Hampton Court, en Duran Duran skemmti þar gestum ásamt kunnum Íslendingum.



Spaugileg uppákoma átti sér aftur á móti stað áður en haldið var frá hótelinu í glæsibifreiðum. Fólk hittist í móttökunni þar sem allir skörtuðu sínu fínasta. Margir úr hópnum tóku eftir gráhærðum manni sem sat í móttökunni og las Financial Times, en sá virtist ekki ýkja hrifinn af þessari samkundu. Þarna var kominn **Davíð Oddsson** sem var á leiðinni á fund seðlabankastjóra í Evrópu í Genf.

Eins og kunnugt er hefur Davíð ekki verið ýkja hrifinn af því unga og ríka fólki sem sprottið hefur upp eftir einkavæðingu bankanna. Honum hafa blöskrað þau laun sem bankamenn borga sér og er skemmst að minnast þess þegar hann tók út sparifé sitt í Kaupþingi-Búnaðarbanka til að mótmæla ofurlaunum bankastjóranna. Það var því ákveðin kaldhæðni fólgin í því að Davíð skyldi rekast á nýríku Íslendingana á Sheraton Towers. Sér í lagi þar sem hann rakst á sama hóp á sama tíma fyrir ári þegar báðir voru í sömu erindagjörðum. Og þá var um annað hótel að ræða. Davíð virðist því ætla að ganga illa að sleppa undan áminningum um ókosti þess frelsis sem hann færði þjóðinni. **- hdm**






SÚR HVALUR
SÚR HROGN
HARÐFISKUR




Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Opið alla laugardaga 11-14


# Fékk stjörnuglampa í augun

Jörundur Ragnarsson hefur verið ráðinn í stórt hlutverk í sjónvarpsþáttunum Næturvaktin við hlið Jóns Gnarr og Pétur Jóhanns Sigfússonar en þættirnir gerast á bensínstöð í Reykjavík þar sem Jón og Pétur ráða ríkjum. Ráðgert er að upptökur hefjist í lok næstu viku og stefnt að því að hefja sýningar á þeim á Stöð 2 um páskana. „Ég leik ungan strák sem kemur til starfa þarna og kynnist stórskrýtinni veröld þessara furðufugla,“ segir Jörundur sem vildi lítið tjá sig um sína persónu og telur að hún eigi eftir að koma á óvart. „Þættirnir eru í raun þroskasaga þessa unga manns og ég á að vera „normið“ innan um þessa geðsjúklinga en það flettist hægt og bítandi ofan af honum,“ útskýrir hann og hlær en Jörundur segist hafa fengið stjörnuglampa í augun þegar hann hitti mótleikara sína tvo í fyrsta sinn. „Ég hafði fylgst vel með þeim í gegnum árin og horft upp til þeirra,“ segir leikarinn ungi.

Jörundur útskrifaðist úr leiklistarskólanum í haust og hefur verið á fullu síðan. Hann vakti mikla athygli fyrir frammistöðu sína í söngleiknum Footloose og er í stórum hlutverkum í tveimur íslenskum kvikmyndum sem frumsýndar verða í ár, Astrópíu eftir Gunnar Björn Guðmundsson og Veðramótum Guðnýjar Halldórsdóttur. „Þetta hefur gengið mjög vel og enginn skortur verið á verkefnum,“ segir Jörundur sem fær lítið frí þegar tökum á Næturvaktinni lýkur í lok febrúar en þá stígur hann á svið í Þjóðleikhúsinu í leikritinu Amma djöfull. **- fgg**



**RAGNAR BRAGASON** Leikstjóri þáttanna segir Næturvaktina vera þverskurð af íslensku þjóðinni.



**JÖRUNDUR RAGNARSSON** Hefur haft úr nógu að moða síðan hann útskrifaðist úr leiklistardeild Listaháskóla Íslands.


TIL HAMINGJU
83.000 MANNS!
GLITNIR ÓSKAR BALTASAR KORMÁKI OG ÖÐRUM AÐSTANDENDENDUM MÝRARINNAR TIL HAMINGJU MEÐ METAÐSÓKN, EDDU-VERÐLAUN OG FRÁBÆRA MYND.
VIÐ ERUM STOLT AF ÞVÍ AÐ HAFA TEKIÐ ÞÁTT Í VERKEFNINU.
„Varðveit líf mitt fyrir ógnum óvinarins"
MÝRIN
KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK
5 EDDUVERÐLAUN
MÝRIN ER ORÐIN AÐSÓKNARMESTA ÍSLENSKA KVIKMYNDIN FRÁ UPPHAFI MÆLINGA OG JAFNFRAMT TEKJUHÆSTA KVIKMYND ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI.
ATHUGIÐ AÐ SÝNINGUM FER FÆKKANDI OG HVER FER AÐ VERÐA SÍÐASTUR AÐ SJÁ ÞESSA FRÁBÆRU MYND SEM HEFUR EKKI BARA FENGIÐ METAÐSÓKN HELDUR EINNIG FRÁBÆRA DÓMA GAGNRÝNENDA.
MYNDIN ER EINNIG SÝND MEÐ ENSKUM TEXTA Í REGNBOGANUM.
ICELANDIC Film Centre
olís
GLITNIR
FRÉTTABLAÐIÐ
sena

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR
- félag laganema við Háskóla Íslands
Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga
milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012



BAKÞANKAR

DR. GUNNA

## Fálka á línuna

Það er ekki tekið út með sældinni að fá fálkaorðuna. Eftir að myndin af þér skælbrosandi með næluna í röðinni hjá forsetanum hefur birst í blöðunum er sjálfkrafa komið veiðileyfi á þig. Fuss og svei!, segir fólk pirrað. Hvað er nú þessi að fá þetta, fyrir ekki annað en að mæta í vinnuna?, er frussað með kleinunni í kaffitímunum eða nei, nei, uss, mátti nú ekki bíða í nokkra áratugi með að láta þennan hafa orðu – hann er ekki orðinn fertugur!

**ÞESSI** undirliggjandi óánægja með fálkaorðuveitinguna er svo mikil að þegar Fréttablaðið lagði spurningar fyrir orðuhafa á dögunum þóttu „áttu þetta skilið?“ og „varstu að spá í að þiggja ekki orðuna?“ fullkomlega viðeigandi spurningar. Enginn þóttist sjálfur geta lagt mat á það hvort hann væri verðugur orðuhafi en nokkrir játuðu að hafa spáð í að afþakka. Aðalástæðan sem gefin var upp fyrir því að þiggja var að það að afþakka hefði vakið meiri athygli en hitt. Því má álykta að fólk taki við orðunni í þeirri von að enginn taki eftir því.

**SJÁLFUR** bíð ég spenntur við símann seinni hluta árs og vona að forsetaskrifstofan hringi. Ég ætla að þiggja orðuna því ef ég afþakka hana vekur það alltof mikla athygli. Og ekki vill maður það. Svo verður maður bara að þola það að fólk híi á mann í nokkra daga fyrir að hafa fengið orðu.

**FÁLKAORÐAN** mín mun sóma sér vel í kassa ofan í geymslu við hliðina á Íslensku tónlistarverðlaununum sem ég fékk fyrir plötu ársins árið 1994. Öðrum verðlaunum er því miður ekki til að dreifa því ég er búinn að týna viðurkenningarskjali frá Hæfileikakeppni Kópavogs 1980.

**EN** ég veit svo sem alveg af hverju fólk er fúlt út í fálkaorðuna. Hver einasti kjaftur á þessu veðurbarða vindrassgati telur sig réttilega eiga skilið að fá orðu fyrir það eitt að vera ekki löngu fluttur til heitu landanna. Það er ekki nóg með að veðrið sé ömurlegt og drungalegheitin í skammdeginu dragi úr hressustu gleðipinnum allan mátt, heldur vinnum við mest allra til þess að eiga fyrir dýrasta mati í heimi og afborgunum á okurvöxtum af dýrasta húsnæði í heimi. Svo leggjum við hvert og eitt okkar af mörkum til að viðhalda vitleysunni með því að kjósa sama liðið trekk í trekk til þess eins að það hækki kaupið sitt daginn eftir kosningar.

**AÐ** vera Íslendingur er fórn sem við færum daglega. Og auðvitað ættum við öll að fá fálkaorðu fyrir það. Því legg ég til að þetta orðukjaftæði verði afgreitt fyrir fullt og allt og orðan steypt í ál og send á línuna um næstu áramót.




:fá FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA
Fjarnám á vorönn 2007
Skráning fer fram 5.- 12. janúar
á heimasíðunni www.fa.is/fjarnam
